



Leiðbeiningar

Skattframtal einstaklinga

2013

Efnisyfirlit

Skilafrestir	3
Reiknivélar á vefnum www.rsk.is	3
Útreikningur opinberra gjalda	4
Vaxtabætur.....	4
Barnabætur.....	4-5
Talið fram á skattur.is	5
Notkun veflykla.....	5
Umsókn um nýjan veflykil.....	5
Veflykill fyrir erlendis búsetta og fyrir dánarbú.....	5
Framtal fyrra árs og staðfest afrit.....	5
Bráðabirgðaútreikningur.....	5
Peir sem ekki geta fengið útreikning.....	5
Leiðréttingar á framtali.....	5
Talið fram á pappír	5

Fyrsta síða framtals

Pjóðskrárupplýsingar, samsköttun o.fl. ..	6
Áritun úr Þjóðskrá - leiðréttingar.....	6
Slysatrygging við heimilisstörf.....	6
Fjölskyldumerking.....	6
1.1 Einstætt foreldri.....	6
1.2 Samsköttun.....	6-7
1.3 Umsókn um lækkun vegna framfærslu ungmenna.....	7
1.4 Greinargerð um eignabreytingar eða aðrar athugasemdir.....	7
1.5 Útreikningur á sjómannaafslætti.....	7
1.6 Fenginn arfur - áritun.....	7

Önnur síða framtals

Tekjur og frádráttur	8-11
2.1 Laun og starfstengdar greiðslur.....	8
2.2 Ökutækjastyrkur, dagpeningar og hlunnindi.....	8
Ökutækjastyrkur.....	8
Dagpeningar.....	8
Bifreiðahlunnindi.....	9
Önnur hlunnindi.....	9-10
2.3 Lífeyrisgreiðslur. Greiðslur frá Tryggingastofnun. Aðrar bótagreiðslur, styrkir o.fl.	10
2.4 Reiknað endurgjald.....	10
2.5 Hreinar tekjur af eigin atvinnurekstri.....	10
2.6 Frádráttur frá tekjum.....	10-11
2.7 Stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars.....	11
2.8 Tekjur erlendis aðrar en fjármagnstekjur.....	11
2.9 Skattfrjálsar tekjur.....	11

Skattfrjálsir vinningar.....	11
2.10 Staðgreiðsla af launum.....	11

Þriðja síða framtals

Fjármagnstekjur og peningalegar eignir	12-13
3.1 Innstæður í innlendum bönkum og sparisjóðum.....	12
3.2 Innstæður í erlendum bönkum.....	12
3.3 Innlend og erlend verðbréf og kröfur.....	12
3.4 Innstæður og verðbréf barna.....	13
3.5 Hlutabréf og stofnfjárbréf sparisjóða.....	13
3.6 Hlutabréf í erlendum hlutafélögum.....	13
3.7 Leigutekjur.....	13
3.8 Söluhagnaður/tap af hlutabréfum.....	13
3.9 Annar söluhagnaður.....	13
3.10 Frádráttur.....	13
Viðbót við auðlegðarskattstofn	13

Fjórdá síða framtals

Eignir og skuldir í árslok	14-15
4.1 Innlendar fasteignir.....	14
Áritun fasteigna á framtal.....	14
Matsverð fasteigna.....	14
4.2 Erlendar fasteignir.....	15
4.3 Bifreiðir.....	15
4.4 Aðrar eignir áður ótaldar.....	15
4.5 Hrein eign samkvæmt efnahagsreikningi.....	15
4.6 Staðgreiðsla skatts af fjármagnstekjum í eigin atvinnurekstri.....	15
5.4 Skuldir umfram eignir skv. efnahagsreikningi.....	15
5.5 Aðrar skuldir og vaxtagjöld.....	15
Áritaðar „Aðrar skuldir“.....	15
Ýmsar lánaupplýsingar.....	15
Skuldir og vaxtagjöld	16-17
5.1 Vaxtagjöld vegna kaupleiguíbúða eða búseturéttar.....	16
5.2 Lán vegna íbúðarhúsnæðis.....	16
5.3 Eftirstöðvar skulda á söludegi.....	17
Skuldbreyting vegna vanskila, frysting láns - frestun.....	17
Fyrirframgreiðsla vaxtabóta.....	17

Framtal barns

Talið fram á vefnum.....	18
1.1 Laun og starfstengdar greiðslur barns.....	18

1.2 Reiknað endurgjald barns.....	18
1.3 Dagpeningar og hlunnindi barns....	18
Aðrar tekjur. Eignir og skuldir.....	18
1.4 Staðgreiðsla vegna barns.....	18
2 Sérskattlagning barna sem misst hafa foreldri.....	18

Fylgiskjöl og ýmsar reglur

Uppgjör atvinnurekstrar.....	19
Sjómannaafsláttur.....	20
Dagpeningar og frádráttur frá þeim.....	21
Dvöl erlendis.....	21
Kaup og sala eigna.....	22
Vefútgáfan af RSK 3.02.....	23
Húsbyggingarskýrsla.....	23
Hlutabréfaeign.....	24-25
Sala/innlausn verðbréfa.....	26
Umsókn um lækkun.....	27
Ökutækjastyrkur og frádráttur frá honum.....	28
Vistun í heimahúsum.....	29
Tekjur og eignir erlendis.....	30
Tvísköttunarsamningar.....	30
Erlendis búsettir.....	30
Námsmenn erlendis.....	31
Laun frá alþjóðastofnunum.....	31
Skattaleg heimilisfesti.....	31

Ýmsar töflur og dæmi

Eignir í árslok.....	32
Húsbréf og spariskirteini ríkissjóðs.....	32
Gengi hlutdeildarskirteina.....	32
Gengisskráning.....	32
Skuldir í árslok.....	32-33
Eignamat í landbúnaði.....	33
Efnisatriðaskrá	34-35

Athugið!
Séu skekkjur í leiðbeiningum þessum þá hafa þær ekki lagagildi.

Skilafrestur skattframtals einstaklinga er til fimmtudagsins **21. mars**

Unnt er að sækja um lengri frest á þjónustuvef ríkisskattstjóra, skattur.is, og getur hann lengstur orðið til **3. apríl**. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

Framtölum dánarbúa manna, sem létust á árinu 2011 eða fyrr, skal skila í framtalsfresti lögaðila, sem er til **31. maí**, ef skiptum var ekki lokið í árslok 2011.



Peir sem hafa atvinnu af framtalsaðstoð hafa rýmri tímamörk en einstaklingar og lögaðilar. Heimilt er að beita álagi á skattstofna ef framtali er ekki skilað á réttum tíma og eins ef framteljandi gefur rangar upplýsingar á framtali eða í fylgiskjölum.

Reiknivélar á vefnum rsk.is

Barnabætur

Með því að skrá inn tekjustofn, fjölskyldustöðu, fjölda barna og tekjuár er hægt að reikna út barnabætur. Athugið að barnabætur eru greiddar eftirá vegna barna sem framteljandi hefur hjá sér í árslok. Einnig þarf að tilgreina hversu mörg barnanna eru yngri en 7 ára í árslok. Ef valið er tekjuárið 2012 reiknast barnabætur sem greiddar eru 2013. Sjá nánar á bls. 4.

Vaxtabætur

Til að reikna út vaxtabætur þarf að tilgreina fjölskyldustöðu og skrá tekjustofn og eignastofn. Einnig greidd vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota og eftirstöðvar þeirra í árslok. Sjá nánar á bls. 4.

Staðgreiðsla

Hægt er að reikna út staðgreiðslu, bæði af vikulaunum og mánaðarlaunum. Skrá þarf launafjárhæð, iðgjald í lífeyrissjóð og hlutfall persónuafsláttar sem það skattkort sýnir sem nýtt er hjá launagreiðanda. Einnig er hægt að skrá aðra frádráttarliði til að reikna út útborguð laun.

Bifreiðagjald

Bifreiðagjald er reiknað út með því að skrá inn losun koltvísýrings og eftir atvikum eigin þyngd ökutækis. Einnig er hægt að skipta bifreiðagjaldinu, t.d. ef númer eru lögð inn, ökutæki afskráð eða ef eigendaskipti eiga sér stað.

Útreikningur opinberra gjalda

Tekjuskattur og útsvar

Vegna millifærslu á persónuafslætti hjá hjónum og sambúðarfólki þarf alltaf að reikna fyrst út gjöld þess sem hefur lægri tekjur.

Tekjuskatts- og útsvarsstofn ¹⁾	3.500.000
Reiknaður tekjuskattur 22,9% af 2.760.000 kr.	+ 632.040
Reiknaður tekjuskattur 25,8% af 740.000 kr.	+ 190.920
Sjómannafsláttur ²⁾	- 0
Persónuafsláttur ³⁾	- 558.385 ⁴⁾
Tekjuskattur	= 264.575 ⁵⁾
Útsvar - 14,44% af stofni ⁶⁾	+ 505.400
Persónuafsláttur til greiðslu útsvars	- 0 ⁷⁾
Útsvar til innheimtu	= 505.400

- 1) Samkvæmt tölulíð 2.7 á framtali.
- 2) Sjómannaafsláttur 2012 var 493 kr. á dag.
- 3) Persónuafsláttur vegna tekna á árinu 2012 er 558.385 kr.
- 4) Til viðbótar venjulegum persónuafslætti getur komið millifærður persónuafsláttur frá maka, sbr. 7).
- 5) Ef reiknaður tekjuskattur er lægri en persónuafsláttur verður tekjuskatturinn 0 en ónýttur afsláttur gengur til greiðslu útsvars.
- 6) Útsvar er mismunandi eftir sveitarfélögum.

- 7) Ónýttur persónuafsláttur gengur til greiðslu útsvars og þar á eftir til greiðslu auðlegðarskatts. Sé þá enn ónýttur afsláttur gengur hann til maka hjá samsköttuðum einstaklingum. Sé enn eftir ónýttur afsláttur ganga 20/37 til greiðslu á skatti á fjármagnstekjur, en fellur að öðru leyti niður.

Skattur á fjármagnstekjur

Skattur á tekjur samkvæmt 3. kafla framtals er 20%. Frítekjumark vegna leigutekna af íbúðarhúsnæði er 30%. Frítekjumark vegna vaxtatekna er 100.000 kr. hjá hverjum einstaklingi og er veitt við álagningu (ekki við staðgreiðslu). Sé afdregin staðgreiðsla af fjármagnstekjum umfram útreiknaðan fjármagnstekjuskatt í álagningu er mismunurinn endurgreiddur. Af þeim persónuafslætti sem ekki nýtist vegna tekjuskatts eða til greiðslu útsvars og auðlegðarskatts ganga 20/37 til greiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Auðlegðarskattur

Auðlegðarskattur er lagður á í tveimur þrepum. Á nettóeign einhleypings umfram 75 milljónir kr. og nettóeign hjóna og samskattaðs sambúðarfólks umfram 100 milljónir kr. er lagður 1,5% skattur, en á eign einhleypings sem er umfram 150 milljónir kr. og nettóeign hjóna og samskattaðs sambúðarfólks umfram 200 milljónir kr. er skatturinn 2%.

Vaxtabætur

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta er sú fjárhæð sem lægst er af a), b) eða c).

- a) Greidd vaxtagjöld samkvæmt reit 87 og/eða 166.
 - b) 7% af eftirstöðvum skulda samkvæmt reit 41, 45 eða 167.
 - c) Hámark vaxtagjalda. Hjá einhleypingi 800.000 kr. Hjá einstæðu foreldri 1.000.000 kr. Hjá hjónum og sambúðarfólki 1.200.000 kr.
- Frá vaxtagjöldum skv. framansögðu dragast 8% af tekjustofni* (samanlögðum tekjustofni hjóna). Mismunurinn er reiknaður vaxtabætur. Þær skerðast ef nettóeign hjá einhleypingi eða einstæðu foreldri fer yfir 4.000.000 kr. uns þær falla niður við 6.400.000 kr. Hjá hjónum og sambúðarfólki byrja vaxtabætur að skerðast við 6.500.000 kr. nettóeign, uns þær falla niður við 10.400.000 kr. Vaxtabætur geta að hámarki orðið 400.000 kr. hjá einhleypingi, 500.000 kr. hjá einstæðu foreldri og 600.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki.

* Tekjustofn til útreiknings á vaxtabótum er frábrugðinn tekjuskattsstofni að því leyti að allar fjármagnstekjur eru meðtaldar en sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar ekki, þar sem hún skerðir ekki vaxtabætur. Laun frá alþjóðastofnunum sem ekki eru skattlögð koma inn í tekjustofn til útreiknings á vaxtabótum.

Fyrirframgreiðsla vaxtabóta

Fyrirframgreiðsla vaxtabóta er greidd ársfjórðungslega, fjórum mánuðum eftir lok hvers ársfjórðungs. Fyrir fyrsta ársfjórðung 1. ágúst, fyrir annan ársfjórðung 1. nóvember, fyrir þriðja ársfjórðung 1. febrúar og fyrir fjórða ársfjórðung 1. maí. Við ákvörðun fyrirframgreiðslu er miðað við gjaldfallna vexti sem búið er að greiða, en þó ekki hærrí fjárhæð en fjórðung hámarks vaxtagjalda miðað við heilt ár. Skerðing vegna tekna er áætluð miðað við fjórðung launatekna síðustu 12 mánaða samkvæmt staðgreiðsluskrá og upplýsingar um eignir samkvæmt síðasta framtali.

Barnabætur

Barnabætur eru tekjutengdar en ekki eignatengdar. Barnabætur eru greiddar með börnum til 18 ára aldurs. Á árinu 2013 eru greiddar bætur vegna framfærslu á árinu 2012 með börnum sem fædd eru á tímabilinu 1995-2012. Við ákvörðun barnabóta 2013 er miðað við fjölskyldustöðu eins og hún er í þjóðskrá 31. desember 2012. Þannig fær sá sem hefur barnið hjá sér, skv. lögheimilis-skráningu hjá Þjóðskrá Íslands í árslok 2012, barnabætur og skiptir þá ekki máli hvort barnið hafi verið á framfæri hans allt árið eða hluta úr ári.

Óskertar barnabætur hjóna eru:

Með fyrsta barni	167.564 kr.
Með hverju barni umfram eitt.....	199.455 kr.
* Viðbót vegna barna yngri en 7 ára.....	100.000 kr.

Óskertar barnabætur einstæðra foreldra:

Með fyrsta barni	279.087 kr.
Með hverju barni umfram eitt.....	286.288 kr.
* Viðbót vegna barna yngri en 7 ára.....	100.000 kr.

Hjá hjónum og sambúðarfólki reiknast skerðing vegna tekna af samanlögðum tekjustofni** umfram kr. 4.800.000 og hjá einstæðu foreldri af tekjustofni umfram kr. 2.400.000. Sé um að ræða eitt barn skerðast barnabætur um 3% af tekjum umfram þessi mörk, ef börnin eru tvö um 5% og ef börnin eru þrjú eða fleiri um 7%.

* Viðbótarnabætur vegna barna yngri en sjö ára skerðast um 3% með hverju barni miðað við sömu tekjumörk.

** Tekjustofn til útreiknings barnabóta er frábrugðinn tekjuskattsstofni að því leyti að allar fjármagnstekjur eru hér meðtaldar en sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar ekki, þar sem hún skerðir ekki barnabætur. Laun frá alþjóðastofnunum sem ekki eru skattlögð koma inn í tekjustofn til útreiknings á barnabótum.

Fyrirframgreiðsla barnabóta

Fyrirframgreiðslan nemur 50% af áætluðum barnabótum ársins og greiðist fyrirfram með jöfnum greiðslum 1. febrúar og 1. maí. Við ákvörðun á fyrirframgreiðslu er tekið mið af upplýsingum úr stað-

greiðsluskrá um launatekjur framfæranda. Við uppgjör í ágúst er fyrirframgreiðslan dregin frá barnabótum eins og þær eru ákvarðaðar í álagningu. Eftirstöðvar eru greiddar út með tveimur jöfnum greiðslum í ágúst og nóvember.

Talið fram á skattur.is

Notkun veflykla

Til að geta talið fram á vefnum þarf að hafa veflykil, en það er aðgangsorð sem ríkisskattstjóri hefur úthlutað framteljendum. Þeir sem urðu 16 ára eða fluttu til landsins á tekjuárinu fá sendan veflykil í lok febrúar. Framteljandi þarf sjálfur að breyta veflykli sínum á þjónustusiðunni skattur.is, en við það verður hann varanlegur og veitir aukinn aðgang að upplýsingum sem þar er að finna.

Hjá hjónum og samsköttuðu sambúðarfólki dugir annar veflykillinn til að opna framtalið á vefnum og skila því. Ef skila þarf framtali fyrir barn yngra en 16 ára (fætt 1997 eða síðar) er framtalið sótt á þjónustusiðu framfæranda og skilað með veflykli hans.

Umsókn um nýjan veflykil

Sækja má um á vefnum að fá nýjan veflykil sendan í vefbanka strax eða á lögheimili innan tveggja til þriggja virkra daga. Einnig má snúa sér til ríkisskattstjóra og fá afhentan veflykil gegn framvísun persónuskilríkja.

Veflykill fyrir erlendis búsetta og fyrir dánarbú

Framteljendur með lögheimili erlendis fá hvorki áritað framtal né veflykil. Þeir sem ekki eiga þegar varanlegan veflykil geta sótt um að fá úthlutað veflykli. Sama gildir um forráðendur dánarbúa manna sem létust á árinu 2012 og ekki létu eftir sig

maka. Það er gert með umsókn á skattur.is og er veflykill sendur bréfleiðis.

Framtal fyrra árs og staðfest afrit

Hægt er að skoða framtal fyrra árs á vefnum. Afrit af skattframtali 2012 er aðgengilegt á PDF-formi á þjónustusiðu. Eftir að skattframtali 2013 hefur verið skilað rafrænt er hægt að sækja ókeypis staðfest afrit af því á þjónustusiðu á skattur.is. Það er að jafnaði tilbúið tveimur dögum eftir skil. Staðfest afrit á pappír má nálgast hjá ríkisskattstjóra tveimur virkum dögum eða síðar eftir að framtali hefur verið skilað á vefnum og greiða fyrir það skv. gjaldskrá.

Bráðabirgðaútreikningur

Unnt er að fá bráðabirgðaútreikning gjalda á vefnum. Með niðurstöðunni fylgir uppgjör sem sýnir áætlaða greiðslustöðu framteljanda 1. ágúst. Í texta sem fylgir niðurstöðum eru tiltekin þau atriði sem valdið geta skekkjum, s.s. fyrirframgreiðsla vaxtabóta og tekjur erlendis.

Þeir sem ekki geta fengið útreikning - eða útreikningur er ónákvæmur

Ekki geta allir framteljendur fengið útreikning gjalda á vefnum. Það á fyrst og fremst við um þá sem ekki áttu lögheimili á Íslandi allt árið 2012. Í sumum tilfellum, þegar sótt

er um samsköttun á vefnum, verður ekki hægt að fá útreikning og heldur ekki fyrir sambúðarfólk í óvígðri sambúð sem telur fram hvort í sínu lagi (fjölskyldumerking 7). Þeir sem hafa tekjur erlendis, en áttu lögheimili á Íslandi allt árið, fá niðurstöðu þar sem ekki hefur verið tekið tillit til lækkunar vegna skattgreiðslna erlendis. Þetta er skýrt nánar á vefframtalinu.

Leiðréttingar á framtali

Purfi að leiðrétta áritaðar fjárhæðir á vefframtali er skrifað ofan í tölurnar sem fyrir eru. Ef leiðrétta þarf framtal sem búið er að skila er hægt að senda inn beiðni um leiðréttingu á þjónustusiðu. Ekki þarf að fylla út nýtt framtal heldur er beiðnin sett fram í textaformi.



Talið fram á pappír

Undanfarin ár hefur verið dregið markvisst úr útsendingu gagna á pappír, enda rafræn skil framtala komin í um 95% og flestir þurfa ekkert nema veflykilinn sinn. Aðeins þeir sem töldu fram á pappír í fyrra fá pappirsframtal sent heim. Fyrir flesta er bæði auðveldara og öruggara að telja fram á vefnum. Öll fylgiskjöl sem getur þurft að skila með framtali

eru aðgengileg á vefnum eða hægt að senda þau með sem fylgigögn. Margvísleg aðstoð, s.s. aðgengilegar leiðbeiningar, aukin áritun, samlagning og villupróf tryggja auðveldari og réttari skil, að ógleymdri símaþjónustunni ef eitthvað þjatar á. Þá eru afrit af framtöllum, líka þeirra sem skiluðu á pappír í fyrra, á vísnum stað á þjónustusiðunni.

Þjóðskrárupplýsingar, samsköttun o.fl.

Áritun úr Þjóðskrá - leiðréttingar

Ef áritun á framtal (nöfn, kennitölur, heimilisfang) er ekki rétt skal leiðrétting send til Þjóðskrár. Sama á við ef upplýsingar um börn á framfæri framteljanda í lið 1.1 eru ekki réttar eða vantar inn á framtalið. Athugið að börn sem fædd eru í lok desember 2012 eru hugsanlega ekki tilgreind á framtali og þarf þá að færa þau inn á það.

Slysatrygging við heimilisstörf

Með því að merkja í þennan reit tryggir framteljandi sér rétt til slysaþóta almannastrygginga vegna slysa við heimilisstörf, en það er sami réttur og vegna vinnuslysa. Í vefframtali hefur verið merkt í reitinn hjá þeim sem óskaðu eftir því í fyrra. Slysaþætur almannastrygginga eru:

- slysadagpeningar,
- greiðsla sjúkrakostnaðar eftir ákveðnum reglum,
- örorkubætur ef slysið leiðir til örorku og
- dánarbætur ef slysið veldur dauða innan tveggja ára frá því það varð.

Iðgjaldið er innheimt ásamt opinberum gjöldum, en það er 450 krónur árið 2013. Tryggingin gildir frá 1. ágúst á framtalsári til 31. júlí næsta árs á eftir. Slysatryggingin gildir því aðeins að framtali sé skilað á réttum tíma. Nánari upplýsingar um þessa tryggingu er að finna á vef Sjúkratrygginga Íslands, www.sjukra.is.

Fjölskyldumerking

Fjölskyldumerking segir til um fjölskyldu-stöðu í Þjóðskrá 31. des. 2012. Fyrsta tákntalan segir til um hjúskaparstöðu, þ.e.:

- 1 einhleypingur,
- 2 einhleypingur með börn yngri en 18 ára,
- 3 hjón eða par í staðfestri samvist,
- 6 samskattað sambúðarfólk,
- 7 sambúðarfólk sem hafði rétt til samsköttunar á sl. ári en var ekki samskattað,
- * nýhafin sambúð og
- 9 framteljandi sem misst hefur maka sinn á sl. ári.

Önnur tákntalan segir til um fjölda barna yngri en 7 ára og þriðja um fjölda barna á aldrinum 7-17 ára á framfæri framteljanda.

1.1 Einstætt foreldri

Einhleypingur með börn yngri en 18 ára er með fjölskyldumerkingu 2+ barnafjöldi. Í þennan reit þarf sá sem er einhleypur

RIKISSKATTSTJÓRI

Skattframtal 2013

Kennitala framteljanda 07.07.68-9999	Kennitala maka 06.06.72-9999	Skattframtalið berist Ríkisskattstjóra Laugavegi 166 150 Reykjavík
Svatafélag lögheimilis 31. des. 2012 Reykjavík		0000
Nafn - póstfang Árni Jónsson Björtugötu 10 119 Reykjavík		
Slysatrygging við heimilisstörf Setjið X í reitinn ef óskað er slysatryggingar. <input checked="" type="checkbox"/>		Fyllist út af ríkisskattstjóra Fjölskyldumerking 3+1+1 Athugasemdir

1 Almennar upplýsingar

1.1 Börn fædd 1995 og síðar, með lögheimili hjá framteljanda í lok árs 2012	Einstaklingar í óvígðri sambúð, sem uppfylla skilyrði fyrir samsköttun, geta óskað eftir samsköttun með því að merkja í reitinn hér fyrir neðan. Ekki er fallið á samsköttun nema merkt sé í reitinn hjá báðum.				
Framteljandi þarf að yfirfara og leiðrétta upplýsingar um börn á framfæri hans.	<table border="1" style="width: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr> <td style="width: 50%;">Árni Árnason</td> <td style="width: 50%;">090903-9990</td> </tr> <tr> <td>Alda Árnadóttir</td> <td>120410-9990</td> </tr> </table>	Árni Árnason	090903-9990	Alda Árnadóttir	120410-9990
Árni Árnason	090903-9990				
Alda Árnadóttir	120410-9990				

Einstætt foreldri

Ef framteljandi er einstætt foreldri skal staðfesta það með því að setja X í þennan reit.

Sjá nánari skýringar í leiðbeiningum.

1.2 Samsköttun	Sjá í leiðbeiningum um skilyrði fyrir samsköttun. <input type="checkbox"/> Óskað er eftir samsköttun. Kennitala sambúðarmanns/konu:
-----------------------	---

Hjá hjónum og sambúðarfólki er nóg að annað fylli út liði 1.3 og 1.4

1.3 Umsókn um lækkun vegna framfærslu ungmenna	Heimilt er að veita lækkun á tekjuskattstofni ef framteljandi hefur á framfæri sínu ungmenni, sem hefur ekki nægjar tekjur til eigin framfærslu, t.d. vegna náms. Tilgreina skal nafn skóla eða ástæðu umsóknar. Hér er einkum átt við adurinn 16-21 árs. Sjá nánari leiðbeiningum.		
526	Nafn skóla	527 Kennitala ungmennis	528 Tekjur
	Menntaskólinn í Reykjavík	080894-9999	300.000

1.4 Greinargerð um eignabreytingar eða aðrar athugasemdir	Tilgreinið kaup og sölu hvers konar lausafjár, bílreiða, hjólyssa o.s.frv. Sjá nánari leiðbeiningum.
	Seldum þann 30. júní bifreiðina AB-234 árg. '97 á 500.000. kr.
	Kaupandi Ari Arason kt. 241067-9999
	Keyptum þann 1. júlí bifreiðina AB-456 árg. '03 á 900.000. kr.
	Seljandi Bjarni Bjarnason kt.201264-9999

1.5 Útreikningur á sjómannaafslætti	Fært af eyðublaði RSK 3.13
Sjómennska á skipum 20 brúttótonn eða stærri og hlutaráðnir betningarmenn	Sjómennska á bátum undir 20 brúttótonnum
Laun vegna sjómennsku	Laun vegna sjómennsku
317	318
335.562	42
Fjöldi sjómanna	Fjöldi sjómanna
291	292

1.6 Fengin arfur	Kennitala arftáta	Arfur	Greiddur erfðafjárskattur
-------------------------	-------------------	-------	---------------------------

Hér með staðfestist að vilögðum drangskap að skýrsla þessi um tekjur og eignir er gefin eftir basu viðvandi. Áritastar fjárhæðir hafa verið yfirfarnar og jafnframt leiðréttað, hafi það reynst nauðsynlegt. Mér er kunnugt um að ófullnægjandi eða röng upplýsingagjöf getur haft í för með sér álagsþingningu eða refsingu. (Hjón/sambúðarfólk undirrita hvort sína forstöðu.)

19.03.13 999 5555

Dags-/undirskrift Sími

RSK 1.01 Lífslæpt 8.000 2-1-2013 Bl. 1

með barn að merkja með X til að staðfesta að hann sé einstætt foreldri og annist einn framfærslu barns í lok tekuársins. Hafi einstætt foreldri stofnað til sambúðar telst það einstætt foreldri þar til réttur til samsköttunar hefur myndast. Þeir sem halda heimili saman ásamt barni sínu teljast báðir framfærendur þótt skilyrði til skráningar í sambúð séu ekki uppfyllt.

1.2 Samsköttun

Heimild sambúðarfólks til samsköttunar
Einstaklingar í óvígðri sambúð eiga rétt á að telja fram og vera skattlagðir sem hjón, sem samvistum eru, enda sé þess óskað skriflega af báðum. Með óvígðri sambúð

er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem skráð er eða skrá má í Þjóðskrá, enda eigi sambúðarfólk barn saman eða von á barni saman eða sambúðin hefur varað í samfelld eitt ár hið skemmsta.

Það athugið að sambúðarfólk sem skilar sameiginlegu skattframtali ber sameiginlega ábyrgð á að staðið sé skil á þeim sköttum sem lagðir eru á samkvæmt skattframtalinu.

Beiðni sambúðarfólks um samsköttun

Einstaklingar í óvígðri sambúð, sem ekki hafa áður fengið samsköttun (og eru með fjölskyldumerkinguna 7 á framtali) geta sótt um

6

samsköttun í lið 1.2. Ef talið er fram á vefnum þarf að staðfesta umsóknina með því að skrá hvort sinn veflykil í reiti sem upp koma þegar framtalið er opnað í fyrsta sinn.

Sambúðarfólk með fjölskyldumerkingu 1, 2 eða * (stjarna) sem telur sig eiga rétt á samsköttun, sækir um hana með því að merkja við umsókn um samsköttun á fyrstu síðu framtals og skrá kennitölu sambúðarmanns/-konu. Þetta þarf að gera á framtölum beggja svo umsóknin sé tekin gild.

Sambúðarfólk sem áður hefur fengið samsköttun (og er með fjölskyldumerkinguna 6 á framtali) fær sameiginlegt framtal og þarf því aðeins að merkja við ósk um samsköttun.

Sambúðarfólk sem ekki er samskattað

Sambúðarfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun en óskar ekki eftir henni skilar hvort sínu framtali. Barnabætur og vaxtabætur reiknast samt sem áður eins og hjá hjónum og skiptast jafnt á milli þeirra við álagningu. Börn á heimili þeirra eru skráð í lið 1.1 hjá báðum. Sambúðarfólk sem var samskattað á síðasta ári og óskar ekki samsköttunar í ár, þarf að telja fram á pappír.

Hjón

Hjón skila sameiginlegu framtali. Hvort um sig fyllir út sína forsiðu og tekjusiðu. Í lið 1.1 eru árituð nöfn barna á framfæri þeirra, yngri en 18 ára. Upplýsingar um fjármagnstekjur, eignir og skuldir eru á sameiginlegum síðum. Hjón bera sameiginlega ábyrgð á sköttum sem á eru lagðir samkvæmt framtalinu.

Staðfest samvist

Par í staðfestri samvist er skattlagt eins og hjón.

Samsköttun hluta úr ári

Á giftingarári geta hjón valið um að telja fram og skattleggjast saman allt árið eða að telja fram tekjur sínar í sitt hvoru lagi fram að giftingardegi en sem hjón frá þeim degi til ársloka. Sé seinni kosturinn valinn þarf að skila þremur framtölum á pappír. Eignatekjur, eignir og skuldir skal telja fram sameiginlega.

Lok samsköttunar - skilnaður, samvistarslit, sambúðarslit

Hjón, eða par í staðfestri samvist, sem hafa skilið eða slitið samvistum og sambúðarfólk sem slitið hefur sambúð á árinu fá ekki sameiginlegt framtal. Þau geta valið um að telja fram hvort í sínu lagi allt árið eða að telja sameiginlega fram til skilnaðardags en í sitt hvoru lagi frá þeim degi til ársloka. Hafi hjón eða par í staðfestri samvist samnýtt

persónuafslátt þannig að annað hefur nýtt persónuafslátt hins á staðgreiðsluárinu, skal telja þannig nýttan persónuafslátt þeim fyrrnefnda til góða en skerða persónuafslátt þess síðarnefnda sem því nemur. Gera skal sérstaka grein fyrir þessari nýtingu í athugasemdum í lið 1.4 á framtali.

Andlát maka

Á andlátsári annars hjóna eða sambúðaraðila er eftirlifandi maka heimilt að telja fram tekjur sínar og hins látna eins og um hjón sé að ræða allt árið en persónuafsláttur fyrir hinn látna reiknast í 9 mánuði frá og með andlátsmánuði. Skal þess gætt að færa á framtal látins maka allar tekjur sem tilheyrja hinum látna, en réttur til að nýta persónuafslátt og telja fram tekjur eins og hjá hjónum færast yfir áramót og helst þar til 9 mánaða tímabilið er liðið. Eftirlifandi maki getur óskað sérsköttunar frá andlátsdegi maka til ársloka. Þá þarf að skila sameiginlegu framtali fram að andlátsdegi, en sérframtölum fyrir hinn eftirlifandi og dánarbú hins látna frá þeim tíma og til ársloka.

1.3 Umsókn um lækkun vegna framfærslu ungmenna

Í þessum lið framtals er hægt að sækja um ívilnun samkvæmt 3. og 4. tl. 65. gr. skattalaganna hafi framteljandi á framfæri sínu ungmenni sem eru við nám eða hafa af öðrum ástæðum það lágur tekjur að þær duga ekki til framfærslu. Hér er fyrst og fremst átt við ungmenni á aldrinum 16-21 árs. Sé ungmennið í skóla þarf að tilgreina nafn skóla. Veiti námið rétt til námslána kemur ívilnun ekki til álita. Við ákvörðun á ívilnun er við það miðað að ungmenni hafi ekki haft nægjanlegt ráðstöfunarfé á árinu og miðast því lækkun á tekjuskattsstofni framfærenda við tekjur þess. Tilgreina þarf tekjur ungmennis í dálk 528. Nægilegt er að annað hjóna eða samskattaðra einstaklinga fylli út þennan lið.

Mesta lækkun á tekjuskattsstofni framfærenda við álagningu 2013 er 330.000 kr., miðað við að ungmenni hafi engar tekjur haft. Frá þessari fjárhæð dregst 1/3 af tekjum ungmennis þannig að þegar tekjur þess eru orðnar 990.000 kr. fellur réttur til ívilunar hjá framfærenda niður. Ívilnun skiptist jafnt á milli framfærenda en sé annað þeirra tekjulaust færast öll fjárhæðin til lækkunar hjá hinu. Foreldrar barns sem ekki eru samvistum, en hafa sameiginlegt forræði og annast báðir framfærslu barnsins, geta hvort um sig sótt um ívilnun. Ívilnuninni er þá skipt jafnt á milli þeirra.

1.4 Greinargerð um eignabreytingar eða aðrar athugasemdir

Gera skal grein fyrir kaupum og sölu fasteigna á eyðublaðinu *Kaup og sala eignar RSK 3.02* en fyrir byggingu, viðbyggingu og endurbótum fasteigna á *Húsbyggingarskýrslu RSK 3.03*, sjá bls. 22 og 23. Frá kaupum á verðbréfum skal greina hér en fyrir sölu/innlausn verðbréfa skal gera grein á eyðublaðinu *Sala/innlausn verðbréfa RSK 3.15*, sjá bls. 26. Fyrir kaupum og sölu hlutabréfa skal gera grein á eyðublaðinu *Hlutabréfæign - kaup og sala RSK 3.19*. Sjá nánar á bls. 24-25. Frá öðrum eignabreytingum skal greina hér, m.a. kaupum og sölu á ökutækjum, hjólhýsum og hvers konar verðmætum eignum og réttindum sem og skil á lóðum. Greina skal frá kaup- eða söluverði eignarinnar, nafni og kennitölu kaupanda eða seljanda, dagsetningu kaupsamnings og afsals og hvenær afhending fór fram. Ef um breytingar á hjúskaparstöðu er að ræða skal greina frá því hér, sem og öðru því sem framteljandi vill koma á framfæri.

1.5 Útreikningur á sjómannaafslætti

Niðurstöðutölur af *Greinargerð um sjómannaafslátt RSK 3.13* skal færa í þennan lið. Annars vegar laun vegna sjómennsku og hins vegar sjómannadaga. Sá dagafjöldi sem færast á framtal er annað hvort (A) fjöldi daga á ráðningartíma eða (B) fjöldi lögskráningardaga, margfaldaður með 1,49. Sú tala sem lægri er færast á framtalið. Sjá nánar á bls. 20.

1.6 Fenginn arfur - áritun

Í þessum lið eru áritaðar upplýsingar um arf. Framteljandi þarf að yfirfara þær og eftir atvikum lagfæra eða bæta við.

Gera skal grein fyrir fengnum arfi í þessum lið, þ.m.t. fyrirframgreiddum arfi. Í fremsta reitinn skal tilgreina kennitölu arfláta. Ef fenginn arfur á árinu er frá fleiri en einum arfláta og talið er fram á pappír skal skrá 999999-9999 sem kennitölu, en gera skal grein fyrir kennitölum og sundurliða fjárhæðir í athugasemdum. Einnig skal færa kennitöluna 999999-9999 ef arfláti hafði ekki íslenska kennitölu. Í næsta reit skal færa heildarfjárhæð fengins arfs og í síðasta reitinn skal færa greiddan erfðafjárskatt. Arf erlendis frá skal færa í íslenskum krónum á kaupgengi á greiðsludegi. Staðfesting á greiddum erfðafjárskatti þarf að fylgja framtalinu.

Tekjur og frádráttur

Laun, hlunnindi, starfstengdar greiðslur, styrkir o.fl., eru árituð á framtalið samkvæmt innsendum launamiðum. Einnig greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóði, Fæðingarorlofs-sjóði og lífeyrissjóðum. Á vefframtalinu eru laun sundurliðuð eftir launagreiðendum, en á pappírframtalinu er aðeins heildarfjárhæð launa birt. Áritun nær einnig til frádráttar vegna iðgjalds í lífeyrissjóð, frádráttar vegna viðbótarlífeyrissparnaðar ef sá sparnaður fer í gegnum launagreiðanda svo og staðgreiðslu af árituðum launum samkvæmt launamiðum. Framteljandi þarf hins vegar sjálfur að færa frádrátt á móti öðrum tekjuliðum og fylla út viðeigandi fylgigögn.

Áriðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum. Á vefframtalinu eru ekki sérstakir leiðréttingarreitir, heldur eru fjárhæðir leiðréttar með því að yfirskrifa áritaðar fjárhæðir með réttum fjárhæðum.

Leiðréttingu til lækkunar á árituðum launatekjum þarf framteljandi að rökstyðja með nauðsynlegum gögnum og geta um í athugasemdum í lið 1.4. Hafi framteljandi þegið laun frá öðrum en fram koma á sundurliðunarblaði þarf að bæta þeim upplýsingum inn á framtalið. Jafnframt verður að gæta þess að leiðrétta frádrátt eftir atvikum, vegna iðgjalds í lífeyrissjóði og afdregna staðgreiðslu.

Leiðrétting áritaðra tekjufjárhæða á pappírframtalinu

Reitir á tekjusiðu eru fylltir út eins og á vefframtalinu, þó þannig að á framtalinu koma eingöngu fram samtölur en á sundurliðunarblaði, sem fylgir framtalinu, eru greiðslur sundurliðaðar eftir launagreiðendum og framtalsreitum. Ef leiðrétta þarf árituð laun í lið 2.1 er strikað yfir áritaða fjárhæð og rétt fjárhæð skráð í næstu línu fyrir neðan. Aðrar leiðréttingar skal gera í þar til gerðum reitum, gráum að lit. Þurfi að leiðrétta, skal strika yfir ranga áritaða fjárhæð og færa rétta heildarfjárhæð í leiðréttingarreitinn.

2.1 Laun og starfstengdar greiðslur

Í þennan lið færast hvers konar launagreiðslur. Séu launin ógreidd færast þau einnig sem útstandandi krafa í lið 3.3.

Laun sem ekki hafa fengist greidd vegna gjaldþrots launagreiðanda skal ekki færa til tekna, en gera grein fyrir þeim í athugasemdum í lið 1.4. Greiðslur frá Ábyrgðasjóði launa ber að telja til tekna á greiðsluárinu. Sé launa aflað erlendis færast þau í lið 2.8 í reit 319, sjá nánari skýringar við þann reit.

Með launum er átt við, auk beinna launagreiðslna, hvers konar starfstengdar greiðslur, svo sem eftirlaun frá vinnuveitanda, fargjaldagreiðslur og flutningspeninga, fata-, fæðis-, nestis- og verkfærpeninga, fæðingarorlof, húsaleigu- og orkustyrk frá launagreiðanda, risnufé og símastyrk. Sá hluti arðgreiðslna sem telst til launagreiðslna fer í kafla 2.3, sjá um reit 107 á bls. 10.

2.2 Ökutækjastyrkur, dagpeningar og hlunnindi

Reitur 22: Ökutækjastyrkur
Hér færast ökutækjastyrkur en frádráttur á móti honum í reit 32. Sjá skýringar á bls. 28.

Reitur 23: Dagpeningar
Hér færast dagpeningar en frádráttur á móti þeim í reit 33. Sjá skýringar á bls. 21.

Reitur 134: Bifreiðahlunnindi
Ársumráð bifreiðar skulu metin til tekna sem hlutfall af verði þeirra sem hér segir:
Bifreið sem tekin var í notkun á árunum 2010, 2011 eða 2012..... 26%
Bifreið sem tekin var í notkun á árunum 2007, 2008 eða 2009..... 21%

2 Tekjur ársins 2012		Kennitala framteljanda 07.07.68-9999	Kennitala maka 06.06.72-9999
2.1 Launatekjur og starfstengdar greiðslur			
Árituð laun o.fl., sbr. sundurliðunarblað	3.312.000		
556677-8899 Útgerðin hf.	335.562		
		21	3.647.562
2.2 Ökutækjastyrkur, Dagpeningar, Hlunnindi			
Ökutækjastyrkur		22	360.750
Dagpeningar		23	358.205
Bifreiðahlunnindi		134	
Önnur hlunnindi, hvaða?		135	
2.3 Lífeyrissjóðir. Greiðslur frá Tryggingastofnun. Aðrar bótagreiðslur, styrkir o.fl.			
Greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins		40	
Greiðslur úr almennum lífeyrissjóðum		43	44.000
Lífeyrissjóðir úr séreignarsjóðum		140	
Sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar		143	
Atvinnuleysisbætur		163	
Félagsleg aðstoð og aðrir styrkir og bætur frá sveitarfélögum		197	
Styrkir til náms, rannsóknar- og vísindastarfa (heildarfjárhæð)		131	50.000
Arður sem laun		107	55.174
Annað, hvað?			
Annað, hvað? Eigin vinna, sbr. húsbýggingarskýrslu RSK 3.03			77.326
2.4 Reiknað endurgjald við eigin atvinnurekstur	Tegund starfsemi:	24	
2.5 Hreinar tekjur af eigin atvinnurekstri skv. samræmingarblaði RSK 4.05		62	
2.6 Frádráttur			
Frádráttur á móti ökutækjastyrk skv. RSK 3.04		32	349.245
Frádráttur á móti dagpeningum skv. RSK 3.11		33	358.205
Iðgjald, greitt í lífeyrissjóð á árinu - að hámarki 4% af launum	145.902	162	132.480
Iðgjald, greitt á árinu vegna viðbótarlífeyrissparnaðar - að hámarki 2% af launum		160	66.240
Frádráttur á móti náms-, rannsóknar- og vísindastyrkjum skv. meðfylgjandi greinargerð		149	30.000
Frádráttur frá öðrum styrkjum og starfstengdum greiðslum skv. meðfylgjandi greinargerð		157	
2.7 Stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars		Samtala 2.1, 2.2, 2.3, 2.4, 2.5 - 2.6	
		= 3.643.425	
2.8 Tekjur erlendis aðrar en fjármagnstekjur			
Greiðdir skattar erlendis	Heildartekjur í erlendri mynt	Heildartekjur í íslenskum krónum	
Í hvaða landi?		319	
Í hvaða landi?		319	
2.9 Skattfrjálsar tekjur			
A. Skattfrjálsar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins		596	
B. Skattfrjálsar vinningar í happdrættum, getraunum og talnaleykjum		597	
C. Aðrar skattfrjálsar tekjur. Hverjar?		73	
2.10 Staðgreiðsla af tekjum (öðrum en fjármagnstekjum)	795.062	296	679.994

Bifreið sem tekin var í notkun á árinu 2006 eða fyrr 18%

Ekki skiptir máli hver upphaflegur eigandi bifreiðarinnar var. Bifreið sem flutt var inn notuð telst hafa verið tekin til notkunar á því ári sem hún var framleidd. Mánaðarleg hlunnindi teljast 1/12 af hlunnindum reiknuðum eins og að framan greinir fyrir hvern byrjaðan mánuð og skal við það miðað ef umráðin vara hluta úr ári. Greiði launamaður rekstrarkostnað bifreiðar sem hann hefur umráð yfir skulu hlunnindi lækkuð um 6% af verði bifreiðarinnar. Sjá nánari upplýsingar í *Bifreiðaskrá 2012 RSK 6.03*.

Reitur 135: Önnur hlunnindi

Í þennan reit færast samtala annarra hlunninda. Á það t.d. við um fæði, ökutæki önnur en bifreiðir, húsnæði, frírar ferðir, áskriftir fjölmiðla, tryggingar, síma, tölvur, svo og framlög og gjafir.

Vélnúin ökutæki

Umráð yfir vélnúnum ökutækjum öðrum en bifreiðum skal færa til tekna sem hlutfall af kaupverði tækisins sem hér segir:

Tæki sem tekið var í notkun á árunum 2010, 2011 eða 2012 26%
 Tæki sem tekið var í notkun á árunum 2007, 2008 eða 2009 21%
 Tæki sem tekið var í notkun á árinu 2006 eða fyrr 18%

Einkaflugvélar

Færa skal til tekna 165.000 kr. á hvern byrjaðan flug tíma vegna ferða í einkapágu.

Fatahlunnindi

Fatahlunnindi skal telja til tekna á kostnaðarverði. Undanþeginn er einkennisfatnaður og nauðsynlegur öryggis- og hlífðarfatnaður sem starfsmenn fá til afnota og er ætlað að nota við störf sín. Það sama á við um fatnað sem er auðkenndur eða merktur launagreiðanda og einkum nýttur vegna starfa fyrir hann.

Fæðishlunnindi

Fæðishlunnindi færast til tekna í samræmi við hlunnindamat ríkisskattstjóra. Fæði, sem launagreiðandi lætur starfsmanni og fjölskyldu hans í té endurgjaldslaus,

skal metið starfsmanninum til tekna með neðangreindum fjárhæðum. Heimilt er að lækka fjárhæðirnar um þriðjung ef um er að ræða fæði fyrir börn yngri en 12 ára.

Morgunverður..... 300 kr.
 Hádegis- eða kvöldverður..... 450 kr.
 Fullt fæði á dag..... 1.200 kr.

Láti launagreiðandi starfsmanni sínum í té fæði á lægra verði en skattmat ríkisskattstjóra segir til um skal telja mismuninn til tekna. Sérhver önnur fæðishlunnindi, sem látin eru launamanni og fjölskyldu hans í té endurgjaldslaus, ber að telja til tekna á kostnaðarverði.

Húsnæðishlunnindi

Ef launagreiðandi lætur starfsmanni sínum í té endurgjaldslaus afnot íbúðarhúsnæðis skulu þau metin starfsmanni til tekna sem hér segir: Árleg afnot skulu metin til tekna sem jafngildi 5% af fasteignamati íbúðarhúsnæðisins, þ.m.t. bílskúrs og lóðar. Sú fjárhæð er margfölduð með gildistölu þess svæðis þar sem húsnæðið er sbr. eftirfarandi:

Gildistala Staðsetning

- 1,0 Reykjavík (þar með talið Kjalarnes), Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Kópavogur, Garðabær, Álftanes, Hafnarfjörður
- 0,80 Grindavík, Sandgerði, Garður, Reykjanesbær, Vogar, Akranes, Akureyri, Árborg, Hveragerði, Ölfus
- 0,70 Önnur sveitarfélög

Endurgjaldslaus orkunotkun (rafmagn og hita) skal telja til tekna á kostnaðarverði. Fylgi starfi launamanns kvöð um búsetu í húsnæði sem launagreiðandi lætur honum í té, er ríkisskattstjóra heimilt að lækka mat húsnæðishlunninda við álagningu opinberra gjalda ef launþegi telst ekki nýta húsnæðið að fullu. Gera má grein fyrir þessu í athugasemdashöfundum á forsiðu framtals. Íbúðarhúsnæði allt að 150 m² að viðbættum 5 m² fyrir hvern íbúa umfram 6 telst fullnýtt.

Eigi skal meta til tekna afnot af húsnæði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem launamaður dvelur um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

Hafi launþegi endurgjaldslaus afnot af orlofshúsnæði frá launagreiðanda sínum í fleiri en 10 daga á ári skal telja þau til tekna með 2.000 kr. fyrir hvern dag sem umfram er. Það sama gildir um slík afnot fjölskyldumeðlims starfsmanns. Með orlofshúsnæði er átt við sumarbústaði og annað það húsnæði sem ætlað er til slíkrar notkunar, þ.m.t. íbúðir í þéttbýli, sem og hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og aðra tengivagna. Ekki skal telja til tekna greiðslu frá launagreiðanda eða stéttarfélagi sem ætlað er að standa straum af kostnaði við leigu á

LAUNAMIDI 2013 LAUNAGREIÐSLUR 2012											
Sjá leiðbeiningar á bakhlíð											
01 Kennitala launamanns 070768-9999	02 Vinnu- og vaxningarskyldu greiðslur launþ. í lífeyrissjóð, eftirlitun o.fl. 3.312.000	03 Fjárfjarðarþætt í lífeyrissjóð - 4% útgáfa í samþykkan lífeyrissjóð. (Sjá bakhlíð)	04 Númer lífeyrissjóðs 999	05 Þættir af vegna sjónmæsku sem veitir rétt til sjónmæskuleysis 132.480	06 Greiðslur til verkfæra og verkstæða fyrir efnis og vinnu	07 Fatahlunnindi	08 Bifreiðahlunnindi	09 Fæðishlunnindi	10 Greidd lífeyrissjóð og í sérstöku (hámark 2% útgáfa)	11 Útgáfa	12 Númer sérstöku
16 Ökutækjastyrkur 360.750 17 Dagpeningar 358.205 18 Ökutækjastyrkur 360.750 19 Greiðslur úr lífeyrissjóð 358.205 20 Númer lífeyrissjóðs 21 Greidd lífeyrissjóð og í sérstöku (hámark 2% útgáfa) 66.240 22 Númer sérstöku 888 23 Nafn-heimilis- og pósthöfundur launþega 24 Nafn-heimilis- og pósthöfundur launþega 25 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 26 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 27 Launafjarhæð 3.312.000 28 Aldreggi staðgreiðsla 679.994 29 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 30 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 31 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 32 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 33 Launafjarhæð 34 Aldreggi staðgreiðsla 35 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 36 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 37 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 38 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 39 Launafjarhæð 40 Aldreggi staðgreiðsla 41 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 42 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 43 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 44 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 45 Launafjarhæð 46 Aldreggi staðgreiðsla 47 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 48 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 49 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 50 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 51 Launafjarhæð 52 Aldreggi staðgreiðsla 53 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 54 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 55 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 56 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 57 Launafjarhæð 58 Aldreggi staðgreiðsla 59 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 60 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 61 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 62 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 63 Launafjarhæð 64 Aldreggi staðgreiðsla 65 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 66 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 67 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 68 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 69 Launafjarhæð 70 Aldreggi staðgreiðsla 71 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 72 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 73 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 74 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 75 Launafjarhæð 76 Aldreggi staðgreiðsla 77 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 78 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 79 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 80 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 81 Launafjarhæð 82 Aldreggi staðgreiðsla 83 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 84 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 85 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 86 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 87 Launafjarhæð 88 Aldreggi staðgreiðsla 89 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 90 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 91 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 92 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 93 Launafjarhæð 94 Aldreggi staðgreiðsla 95 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 96 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 97 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 98 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 99 Launafjarhæð 100 Aldreggi staðgreiðsla 101 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 102 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 103 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 104 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 105 Launafjarhæð 106 Aldreggi staðgreiðsla 107 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 108 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 109 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 110 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 111 Launafjarhæð 112 Aldreggi staðgreiðsla 113 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 114 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 115 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 116 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 117 Launafjarhæð 118 Aldreggi staðgreiðsla 119 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 120 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 121 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 122 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 123 Launafjarhæð 124 Aldreggi staðgreiðsla 125 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 126 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 127 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 128 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 129 Launafjarhæð 130 Aldreggi staðgreiðsla 131 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 132 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 133 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 134 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 135 Launafjarhæð 136 Aldreggi staðgreiðsla 137 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 138 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 139 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 140 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 141 Launafjarhæð 142 Aldreggi staðgreiðsla 143 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 144 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 145 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 146 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 147 Launafjarhæð 148 Aldreggi staðgreiðsla 149 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 150 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 151 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 152 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 153 Launafjarhæð 154 Aldreggi staðgreiðsla 155 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 156 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 157 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 158 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 159 Launafjarhæð 160 Aldreggi staðgreiðsla 161 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 162 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 163 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 164 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 165 Launafjarhæð 166 Aldreggi staðgreiðsla 167 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 168 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 169 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 170 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 171 Launafjarhæð 172 Aldreggi staðgreiðsla 173 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 174 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 175 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 176 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 177 Launafjarhæð 178 Aldreggi staðgreiðsla 179 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 180 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 181 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 182 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 183 Launafjarhæð 184 Aldreggi staðgreiðsla 185 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 186 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 187 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 188 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 189 Launafjarhæð 190 Aldreggi staðgreiðsla 191 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 192 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 193 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 194 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 195 Launafjarhæð 196 Aldreggi staðgreiðsla 197 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 198 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 199 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 200 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 201 Launafjarhæð 202 Aldreggi staðgreiðsla 203 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 204 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 205 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 206 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 207 Launafjarhæð 208 Aldreggi staðgreiðsla 209 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 210 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 211 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 212 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 213 Launafjarhæð 214 Aldreggi staðgreiðsla 215 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 216 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 217 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 218 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 219 Launafjarhæð 220 Aldreggi staðgreiðsla 221 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 222 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 223 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 224 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 225 Launafjarhæð 226 Aldreggi staðgreiðsla 227 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 228 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 229 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 230 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 231 Launafjarhæð 232 Aldreggi staðgreiðsla 233 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 234 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 235 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 236 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 237 Launafjarhæð 238 Aldreggi staðgreiðsla 239 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 240 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 241 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 242 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 243 Launafjarhæð 244 Aldreggi staðgreiðsla 245 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 246 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 247 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 248 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 249 Launafjarhæð 250 Aldreggi staðgreiðsla 251 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 252 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 253 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 254 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 255 Launafjarhæð 256 Aldreggi staðgreiðsla 257 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 258 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 259 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 260 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 261 Launafjarhæð 262 Aldreggi staðgreiðsla 263 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 264 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 265 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 266 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 267 Launafjarhæð 268 Aldreggi staðgreiðsla 269 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 270 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 271 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 272 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 273 Launafjarhæð 274 Aldreggi staðgreiðsla 275 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 276 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 277 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 278 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 279 Launafjarhæð 280 Aldreggi staðgreiðsla 281 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 282 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 283 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 284 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 285 Launafjarhæð 286 Aldreggi staðgreiðsla 287 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 288 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 289 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 290 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 291 Launafjarhæð 292 Aldreggi staðgreiðsla 293 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 294 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 295 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 296 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 297 Launafjarhæð 298 Aldreggi staðgreiðsla 299 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 300 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 301 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 302 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 303 Launafjarhæð 304 Aldreggi staðgreiðsla 305 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 306 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 307 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 308 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 309 Launafjarhæð 310 Aldreggi staðgreiðsla 311 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 312 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 313 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 314 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 315 Launafjarhæð 316 Aldreggi staðgreiðsla 317 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 318 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 319 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 320 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 321 Launafjarhæð 322 Aldreggi staðgreiðsla 323 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 324 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 325 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 326 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 327 Launafjarhæð 328 Aldreggi staðgreiðsla 329 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 330 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 331 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 332 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 333 Launafjarhæð 334 Aldreggi staðgreiðsla 335 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 336 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 337 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 338 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 339 Launafjarhæð 340 Aldreggi staðgreiðsla 341 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 342 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 343 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 344 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 345 Launafjarhæð 346 Aldreggi staðgreiðsla 347 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 348 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 349 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 350 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 351 Launafjarhæð 352 Aldreggi staðgreiðsla 353 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 354 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 355 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 356 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 357 Launafjarhæð 358 Aldreggi staðgreiðsla 359 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 360 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 361 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 362 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 363 Launafjarhæð 364 Aldreggi staðgreiðsla 365 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 366 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 367 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 368 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 369 Launafjarhæð 370 Aldreggi staðgreiðsla 371 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 372 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 373 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 374 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 375 Launafjarhæð 376 Aldreggi staðgreiðsla 377 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 378 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 379 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 380 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 381 Launafjarhæð 382 Aldreggi staðgreiðsla 383 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 384 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 385 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 386 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 387 Launafjarhæð 388 Aldreggi staðgreiðsla 389 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 390 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 391 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 392 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 393 Launafjarhæð 394 Aldreggi staðgreiðsla 395 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 396 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 397 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 398 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 399 Launafjarhæð 400 Aldreggi staðgreiðsla 401 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 402 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 403 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 404 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 405 Launafjarhæð 406 Aldreggi staðgreiðsla 407 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 408 Launagreiðandi-kennitala-húsnæði 409 Fjölda lífeyrissjóðs daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga 410 Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður: hvað? 411 Launafjarhæð 412 Aldreggi staðgreiðsla											

orlofshúnæði eða orlofsdvöl að hámarki 40.000 kr. á ári. Skilyrði er að lagðir hafi verið fram fullgildir reikningar fyrir greiðslu á kostnaði vegna orlofsdvalarinnar.

Lán frá launagreiðanda

Telja skal til skattskyldra tekna mismun á vöxtum af lánum sem fengin eru hjá launagreiðanda, eða fyrir milligöngu hans, ef þeir eru lægri en þeir vextir sem birtir eru af Seðlabanka Íslands, sbr. töflu um „bankavexti og dráttarvexti“ á vefsíðu bankans. Sama á við um greiðslufresti og afborganir af kaupum á hlutabréfum eða öðrum eignum.

2.3 Lífeyrisgreiðslur. Greiðslur frá Tryggingastofnun. Aðrar bóta-greiðslur, styrkir o.fl.

Reitur 40: Greiðslur frá TR

Allar greiðslur frá Tryggingastofnun eru áritaðar á framtalið.

Dagpeningar.

Dánarbætur til 6,12 eða 36 mánaða.

Ellilífeyrir.

Endurhæfingarlífeyrir.

Foreldragreiðslur.

Heimilisuppbót.

Maka- og umönnunarbætur.

Mæðra- og feðralaun.

Niðurfelling kröfu vegna ofgreiðslu.

Orlofs- og desemberuppbætur.

Sjúkra- og slysdagpeningar.

Skattskyld sjúklingatrygging.

Tekjutrygging.

Uppbót vegna reksturs bifreiðar.

Uppbætur.

Vasapeningar.

Örorkulífeyrir og örorkustyrkur

Örorkulífeyrir frá TR vegna slysa. Sé hann vegna barna yngri en 16 ára telst hann sem tekjur hjá framfæranda og skiptist þá jafnt ef um hjón eða sambúðarfólk er að ræða.

Reitur 43: Lífeyrisgreiðslur og barnalífeyrir

Hér færast allar lífeyrisgreiðslur frá lífeyrissjóðum. Athugið þó að ef barn hefur misst annað eða bæði foreldri og er skattlagt sérstaklega af öðrum tekjum en launatekjum, færast barnalífeyrir á sérframtal þess.

Reitur 140: Lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóðum

Reitur 143: Sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar Hér færast greiðslur úr séreignarsjóðum sem heimilaðar voru árið 2012 vegna sérstakra aðstæðna í þjóðfélaginu.

Reitur 163: Atvinnuleysisbætur

Reitur 197: Styrkir og bætur frá sveitarfélögum

Reitur 131: Styrkir til náms, rannsókna- og vísindastarfa

þ.m.t. endurmenntunar- og starfsmenntunarsjóðsstyrkir. Sjá einnig umfjöllun um reit 149, undir lið 2.6.

Reitur 107: Arður talinn sem laun

Hér færast sá hluti arðgreiðslna sem telja ber til launa hjá þeim hluthöfum sem starfa hjá viðkomandi félagi og falla undir reglur um reiknað endurgjald.

Ótölusettur reitur: Aðrar greiðslur

Barnsmeðlög að því marki sem þau eru umfram fjárhæð tvöfalds barnalífeyris.

Björgunarlaun.

Dagvistunargreiðslur. Dagforeldri.

Greiðslur frá sveitarfélögum til dagforeldra vegna þeirra eigin barna færast hér. Endurgreiðsla sveitarfélaga til foreldra vegna vistunar barna hjá dagforeldrum telst ekki til tekna hjá foreldrum og færast ekki á framtal.

Dvalar- og ferðastyrkir.

Eigin vinna við íbúðarhúsnæði unnin í venjulegum vinnutíma skal metin til tekna og færð í þennan reit. Sama á við um skiptivinnu, gjafavinnu og eigin vinnu við aðrar fasteignir en íbúðarhúsnæði, s.s. sumarbústaði. Eigin vinna við íbúðarhúsnæði sem unnin er utan venjulegs vinnutíma er skattfrjál. Gera skal grein fyrir eigin vinnu á *Húsbyggingarskýrslu RSK 3.03*, sjá nánar á bls. 23.

Framfærslulífeyrir barnsmóður.

Framfærslulífeyrir frá fyrrverandi maka að því marki sem hann er umfram fjárhæð lágmarksellífeyris.

Fæðingarstyrkur.

Gjafir, þó ekki tækifærisgjafir ef verðmæti þeirra er ekki meira en gerist almennt um slíkar gjafir.

Greiðslur frá sveitarfélögum vegna fósturbarna sem sett eru í fóstur af opinberum aðilum, sjá nánar á bls. 29.

Greiðslur fyrir vistun aldraðra eða öryrkja í heimahúsum, sjá nánar á bls. 29.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna, sjá nánar á bls. 29.

Happdrættisvinningur: Skattskyldur happdrættisvinningur færast hér, en skattfrjál færast í 2.9 B, í reit 597. Sjá töflu á bls. 11.

Höfundarlaun, listamannalaun, heiðurslaun, heiðursverðlaun.

Skattskyld heiðursverðlaun skal færa hér en skattfrjál í 2.9 C í reit 73, sjá skýringar við þann reit.

Laun frá alþjóðastofnun færast hér í þeim tilvikum þar sem í samningum sem Ísland hefur gert við önnur ríki er sérstaklega kveðið á um

skattfrelsi. Sé svo ekki færast launin í 2.1.

Sjúkra- og slysdagpeningar frá öðrum en TR.

Staðaruppbót vegna starfa erlendis í þjónustu íslenska ríkisins.

Styrkir úr styrktar- og sjúkrasjóðum stéttarfélag svo sem vegna gleraugna-kaupa, heyrnartækjakaupa, glasafróvgunar, krabbameinsskoðunar, ættleiðinga, tannviðgerða, sjúkrahjálfunar, sálfræðiþjónustu, dvalar á heilsustofnunum og útfarar.

Styrkir til líkamsræktar frá launagreiðendum og stéttarfélögum færast til tekna hér en heimilt er að færa kostnað til frádráttar að hámarki 40.000 kr. í reit 157.

Aðrir styrkir, svo sem til íþróttamanna, sjálfboðaliða við lyfjatilraunir, útfararstyrkir og verkfallsstyrkir. Vinningar í veðmáli eða keppni.

Ættleiðingarstyrkir; kostnaður á móti styrk frá Vinnuálastofnun heimilast til frádráttar í reit 157.

2.4 Reiknað endurgjald

Í reit 24 færast reiknað endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, atvinnurekstur maka eða í sameignarfélagi sem ekki er sjálfstæður skattaðili. Sé það lægra en staðgreiðsla hefur miðast við skal láta skýringar fylgja í samræmingarblaði með rekstrarskýrslu eða rekstrarframtali. Reiknað endurgjald sem er innan þeirra marka sem halda mátti utan staðgreiðslu færast einnig hér.

2.5 Hreinar tekjur af eigin atvinnurekstri

Þeir sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi færa hreinar tekjur af atvinnurekstri samkvæmt *Samræmingarblaði RSK 4.05* og rekstrarreikningi, sem fylgja á framtalinu, í reit 62 (þetta gerist sjálfkrafa í vefframtali). Ef um tap er að ræða færast engin tala í þennan reit. Hjá hjónum færast hreinar tekjur hjá því hjóna sem stendur fyrir rekstrinum, en þær skiptast á milli þeirra sé um sameiginlegan rekstur að ræða. Við skiptingu skal taka mið af vinnuframlagi hvors um sig.

2.6 Frádráttur frá tekjum

Reitur 32: Ökutækjastyrkur

Frádrátt á móti ökutækjastyrk og endurgreiddum bifreiðakostnaði ber að færa í þennan reit. Fylla skal út eyðublaðið *Ökutækjastyrkur RSK 3.04*, og skila því með framtalinu, sjá bls. 28.

Reitur 33: Dagpeningar

Frádrátt á móti dagpeningum ber að færa í þennan reit. Fylla skal út eyðublaðið

Dagpeningar RSK 3.11, og skila því með framtalinu, sjá bls. 21.

Reitir 162 og 160: Iðgjöld í lífeyris-sjóði. Í reit 162 færast iðgjald í lífeyrissjóð sem innt hefur verið af hendi á árinu og í reit 160 iðgjald í séreignarlífeyrissjóð. Samanlögð árituð fjárhæð í reiti 160 og 162 á framtali takmarkast við frádráttarbært iðgjald, sem er 6% af heildarlaunum. Þetta á við þótt hærrí fjárhæð kunni að hafa verið greidd í lífeyrissjóði.

Reitur 149: Frádráttur á móti náms-, rannsóknar- og vísindastyrkjum.

Ef gerð er krafa um frádrátt vegna beins kostnaðar á móti náms-, rannsóknar- eða vísindastyrkjum, skal færa frádráttinn í þennan reit. Frádráttur þessi getur ekki orðið hærrí en styrkur sem talinn er til tekna í reit 131 í kafla 2.3. Heimilt er að draga frá kostnað á móti styrknum, þó ekki vexti af skuldum, afföll, gengistöp og fyrningu eigna eða persónulegan kostnað. Gera skal sundurliða grein fyrir þessum kostnaði á sérstöku yfirliti sem fylgja skal framtalinu (sérstakt undirblað á vefframtali). Heildarkostnaður skv. yfirlitinu færast síðan í reit 149. Ekki er heimilt að draga kaupverð tækja, s.s. tölva og tölvubúnaðar, frá styrkjum. Ef um atvinnurekstur er að ræða skal gera grein fyrir tekjum og frádrætti á RSK 4.10 eða RSK 4.11 ef rekstrartekjur eru hærrí en 1.000.000 kr.

Reitur 157: Frádráttur frá öðrum styrkjum og starfstengdum greiðslum.

Ef gerð er krafa um frádrátt vegna kostnaðar á móti styrkjum til sérstakra verkefna eða starfstengdum greiðslum, án þess að um sjálfstæðan atvinnurekstur sé að ræða, færast sá frádráttur í þennan reit. Kostnaður á móti tekjufærðum ættleiðingarstyrk frá Vinnumálastofnun færast hér að hámarki fjárhæð styrksins. Sama á við um kostnað vegna líkamsræktar að hámarki fjárhæð styrksins eða mest 40.000 kr. Gera skal sundurliða grein fyrir kostnaðinum á sérstöku yfirliti sem fylgja skal framtalinu (sérstakt undirblað á vefframtali). Heildarkostnaður skv. yfirlitinu færast síðan í reit 157. Frádráttur heimilast ekki á móti styrkjum vegna persónulegra útgjalda, s.s. vegna gleraugnakaupa, heyrnartækjakaupa, glasafrjógvunar, krabbameinsskoðunar, ættleiðinga, tannviðgerða, sjúkrahjálfunar, sálfræðiþjónustu, dvalar á heilsustofnunum og útfarar.

2.7 Stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars

Hér færast samtala liða 2.1-2.5 að frádreginni fjárhæð í 2.6 sem stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars. Þessi fjárhæð reiknast sjálfkrafa á vefframtali.

2.8 Tekjur erlendis, aðrar en fjármagnstekjur

Undir þennan lið skal færa launatekjur og lífeyri sem aflað hefur verið erlendis á árinu. Gefa skal upp í hvaða landi teknanna var aflað og fjárhæð þeirra í erlendri mynt sem umreikna skal síðan í íslenskar krónur á meðalkaupgengi þess tímabils þegar teknanna var aflað. Sú fjárhæð færast síðan í reit 319. Gera skal grein fyrir greiddum sköttum erlendis. Fjárhæðina skal færa í erlendri mynt.

Varðandi aðrar tekjur en launatekjur og lífeyri, sjá bls. 30 um aðrar tekjur erlendis.

2.9 Skattfrjálsar tekjur

A: Reitur 596: Skattfrjálsar greiðslur frá Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum Íslands

Barnalífeyrir, barnsmeðlag og menntunar-meðlag.

Bifreiðakaupastyrkur.

Dánarbætur vegna slysa.

Styrkur til kaupa á sérféði vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi.

Umönnunargreiðslur. Vegna fatlaðra og langveikra barna.

Örorkubætur vegna varanlegrar örorku.

Skattfrjáls sjúklingatrygging.

B: Reitur 597: Vinningar, verðlaun

Skattfrjálsir happdrættisvinningar færast hér.

Eftirtalin happdrætti höfðu heimild til greiðslu skattfrjálsra vinninga á árinu 2012:

- Vöruhappdrætti S.Í.B.S.
- Happdrætti DAS
- Happdrætti Háskóla Íslands
- Íslensk getspá
- Íslenskar getraunir
- Happdrætti ÁSS, styrktarfélags
- Happdrætti Blindrafélagsins
- Happdrætti Félags heyrnarlausea
- Happdrætti Gigtarfélags Íslands
- Happdrætti Húsnæðisfélags SEM
- Happdrætti Krabbameinsfélags Reykjavíkur
- Happdrætti Lionsklúbbs Njarðvíkur
- Happdrætti Sjálfsbjargar
- Happdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra

Happdrættisvinningar á Evrópska efnahags-svæðinu geta verið skattfrjálsir á sama hátt og ofangreind happdrætti. Til að svo sé þarf framteljandi að leggja fram fullnægjandi gögn og upplýsingar varðandi happdrættið en skattviðvöld gera sömu kröfur til erlendra happdrættis og íslenskra.

C: reitur 73: Aðrar skattfrjálsar greiðslur

Dánarbætur tryggingafélaga og sjúkra-sjóða stéttarféлага sem ákveðnar eru og greiddar í einu lagi.

Dvalar- og ferðastyrkir til jöfnunar á námskostnaði.

Greiðsla launagreiðanda á fargjöldum með almenningsvögnum eða öðrum farartækjum en bifreiðum vegna ferða í þágu launagreiðandans að hámarki samtals 5.000 kr. á mánuði.

Heiðurslaun - heiðursverðlaun. Bókmennta-, tónlistar- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs ásamt norrænu leikskálda-verðlaunum eru undanþegin skattskyldu.

Húsaleigubætur.

Miskabætur og skaðabætur, greiddar vegna eignatjóns eða sem eingreiðsla vegna varanlegrar örorku.

Styrkir. Olíustyrkur, styrkur til tækjakaupa fatlaðra og styrkur úr húsfriðunarsjóði.

Samskotafé vegna veikinda eða slysa.

Styrkir til foreldra frá sveitarfélögum til að annast barn heima. Hér er átt við svokallaðar heimagreiðslur sem koma í stað niðurgreiðslu á dagvistun.

Styrkir til foreldra frá Umhyggju, félagi til stuðnings langveikum börnum.

Úttekt úr samlags- og sameignar-félögum.

2.10 Staðgreiðsla af launum

Í reit 296 eru áritaðar af launamiðum upplýsingar um staðgreiðslu af þeim launum sem eru árituð á framtal.

Ef um er að ræða staðgreiðslu af launum sem ekki eru árituð þarf framteljandi að bæta þeirri fjárhæð við. Í vefframtalinu er það gert með því að yfirskrifa áritaðar fjárhæðir með réttum fjárhæðum. Í pappírsframtalinu þarf að strika yfir árituðu fjárhæðina og færa leiðréttá fjárhæð í reitinn við hliðina. Hér skal einnig færa staðgreiðslu sem skilað var af reiknuðu endurgjaldi og aðra staðgreiðslu sem greidd var samkvæmt 38. grein staðgreiðslulaganna, en þær fjárhæðir eru ekki áritaðar. Athugið að hér á ekki að færa staðgreiðslu af vaxta-tekjum og arði.

Staðgreiðsla

Við álagningu eru notaðar upplýsingar um þá staðgreiðslu sem staðið hefur verið skil á samkvæmt staðgreiðsluskrá um miðjan júlí. Þessar upplýsingar eru einnig ávallt aðgengilegar á þjónustusiðu framteljanda. Framteljendur snúa sér til launagreiðanda varðandi leiðréttingu, eða til ríkisskattstjóra með umsókn. Afrit af launaseðlum þurfa að fylgja umsókn.

Fjármagnstekjur og peningalegar eignir

Fjármagnstekjur eru vaxtatekjur, arður, söluhagnaður og leigutekjur utan rekstrar. Með vaxtatekjum er átt við vexti, verðbætur, afföll og gengishagnað. Vaxtatekjur sem áfallnar voru fyrir gildistöku laga um skatt á fjármagnstekjur, þ.e. fyrir 1. janúar 1997, eiga ekki að færast á framtal því þær mynda ekki stofn til skatts á fjármagnstekjur.

3.1 Innstæður í innlendum bönkum og sparisjóðum

Hér skal færa allar innstæður í bönkum og sparisjóðum. Sama gildir um innstæður í innlánsdeildum samvinnufelaga og á orlofsfjáreikningum. Innstæður á gjaldeyrisreikningum í innlendum bönkum færast í íslenskum krónum á kaupgengi í árslok sbr. töflu um gengisskráningu Seðlabanka Íslands á bls. 32. Vextir af reikningum í innlánsstofnunum skulu teljast til tekna þegar þeir eru færðir eiganda til eignar á reikningi. Þó skulu vextir af reikningum þar sem höfuðstóll og vextir eru bundnir til lengri tíma en 36 mánaða ekki teljast til tekna fyrr en þeir eru greiddir eða greiðslukræfir.

Upplýsingar um innlánsreikninga

Upplýsingar um innlánsreikninga í viðskiptabönkum eru áritaðar á framtal.

3.2 Innstæður í erlendum bönkum

Hér skal færa innstæður í erlendum bönkum. Þær færast til eignar í íslenskum krónum á kaupgengi í árslok, í reit 321, sbr. töflu bls. 32. Vaxtatekjur af þeim færast í reit 322 þegar þær eru lausar til ráðstöfunar.

3.3 Innlend og erlend verðbréf og kröfur

Innlend og erlend verðbréfaeign, t.d. skuldabréf, hlutdeildarskírteini, víxlar og stofnfjáreign færast hér. Eignir þessar skal færa á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok. Hlutdeildarskírteini teljast til eignar á gengi í árslok. Sjá töflu á bls. 32. Önnur verðbréf sem skráð eru í kauphöll skal telja til eignar á verðgildi skráðu í kauphöll í árslok, sjá töflu á bls. 32. Eignir í erlendum gjaldmiðlum teljast til eignar í íslenskum krónum á kaupgengi í árslok. Hér skal einnig færa stofnsjóðsinneignir hjá samvinnufélögum. Þær skal telja fram á nafnverði. Vaxtatekjur skal telja til tekna þegar þær eru lausar til ráðstöfunar. Einnig skal telja hér til tekna verðbætur vegna skila á lóðum. Greiðslukræfar vaxtatekjur færast til tekna í reit 36 og staðgreiðsla af þeim í reit 302. Afföll

Peninga-, verðbréfa- og hlutabréfaeign í árslok 2012		Árni Jónsson Jóna Sveinsdóttir Björtugötu 10, Reykjavík		07.07.68-9999 06.06.72-9999 0000	
3 Fjármagnstekjur ársins 2012					
3.1 Innstæður í innlendum bönkum og sparisjóðum		Vaxtatekjur		Eign í árslok	
Bankinn hf. bók 1234		136		23.689	
Bankinn hf. einkareikn. 444		10.627		607.233	
Samtals		2.152		630.922	
3.2 Innstæður í erlendum bönkum		Vaxtatekjur		Eign í árslok	
Den Danske Bank Danmörk		7.300		105.000	
Samtals		7.300		105.000	
3.3 Innlend og erlend verðbréf og kröfur. Stofnsjóðsinneign		Vaxtatekjur		Eign í árslok	
Spariskirteini ríkissjóðs				753.400	
Davíð Davíðsson 121135-9999		15.000		413.000	
Fært af RSK 3.15		42.500		0	
Samtals		8.500		1.166.400	
3.4 Innstæður og verðbréf barna		Vaxtatekjur		Eign í árslok	
Samtals		2.000		180.000	
3.5 Hlutabréf og stofnfjárbréf sparisjóða Fært af eyðublaði RSK 3.19		Arður		Eign í árslok (Nafnverð)	
H & L hf. Kennitala 410169-1239		10.000		100.000	
Frelsi hf. Kennitala 421273-0429				420.000	
Fjörefnafóður hf. Kennitala 430185-0589		50.000		50.000	
Samtals		60.000		570.000	
3.6 Hlutabréf í erlendum hlutfélögum Fært af eyðublaði RSK 3.19		Arður		Eign í árslok	
Land					
Land					
Samtals					
3.7 Heildartekjur af útleigu íbúðarhúsnæðis sem ekki tengist atvinnurekstri		510			
3.8 Hagnaður af sölu hlutabréfa skv. sundurliðun á RSK 3.19		164			
3.9 Annar söluhagnaður, hvaða?		522			
3.10 Frádráttur		Frádráttur			
Mótrekningar vegna tapabra fjármagnstekna skv. RSK 3.16		523			
Fjármagnstekjur samtals (12+322+36+03+307+324+510+511+164+522-523)		145.563			

RSK 1.01 Litsprent 6.000 2-1-2013

Bls. 3

af kröfum færast til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma kröfunnar. Gera skal grein fyrir sölu og/eða innlausn verðbréfa á eyðublaðinu *Sala/innlausn verðbréfa RSK 3.15*. Sjá nánari skýringar á bls. 26. Niðurstöður af því eyðublaði færast í lið 3.3 (gerist sjálfkrafa í vefframtali). Vextir af hlutdeildarskírteinum færast til tekna þegar þeir eru lausir til ráðstöfunar.

Gengishagnaður

Til tekna skal færa gengishagnað á hverja úttekt af reikningi eða afborgun af kröfu í erlendri mynt. Heimilt er að jafna saman gengishagnaði og gengistapi af sama innlánsreikningi innan ársins.

Söfnunartryggingar

Söfnunartryggingar, þar með taldar söfnunarlíftryggingar, teljast einnig til eignar undir lið 3.3. Vexti, arð og aðra ávöxtun af slíkum tryggingum skal almennt telja til tekna þegar tekjurnar myndast, þ.e. þegar þær eru færðar tryggingataka til eignar. Ef ekki er heimild í söfnunartryggingarsamningi til að innleysa innstæðuna á samningstímanum mynda áfallnar vaxtatekjur fyrst skattstofn þegar samningstíminn er liðinn eða á því tímamarki sem fyrst er hægt að krefjast greiðslu sparnaðarins og vaxta af honum.

Séreignarsjóður

Inneign í lífeyrissjóð sem fengið hefur staðfestingu á Íslandi færast ekki til eignar á framtali.

Kaupleiguíbúðir - búseturéttur

Kröfur á hendur viðurkenndum sjálfseignarstofnunum, sem samhliða veita kröfuhafa íbúðarrétt, skal telja til eignar undir lið 3.3. Sé krafan hærrí en fasteignamat viðkomandi íbúðar er heimilt að telja kröfuna til eignar á fasteignamati. Þar skal einnig telja framlag eða eignarhlut í almennum kaupleiguíbúðum sem veita rétt til búsetu. Við eignfærslu skal miða við innlausnarverð eignarhlutans eins og það var í árslok.

Innlausnarverð búseturéttar/eignarhluta er áritað undir þessum lið.

3.4 Innstæður og verðbréf barna

Upplýsingar um innlánsreikninga barna yngri en 16 ára í viðskiptabönkum eru áritaðar á framtal foreldra í reit 04. Vaxtatekjur af þeim færast í reit 03 og staðgreiðsla í reit 303.

3.5 Hlutabréf og stofnfjárbréf sparisjóða

Í þennan kafla skal færa innlend hlutabréf og stofnfjárbréf í sparisjóðum skv. eyðublaði RSK 3.19 *Hlutabréfaeign – kaup og sala*. Eyðublaðið skal ætíð fylgja með framtali hafi framteljandi átt eitthvað af áður nefndum bréfum á tekjuárinu. Eyðublaðið er þrískipt. Í fyrsta lagi öll hlutabréf í innlendum félögum sem ekki sæta sérstakri skattlagningu. Í öðru lagi sérstök hlutabréf sem keypt voru á árunum 1990 til 1996 í innlendum hlutafélögum sem uppfylltu tiltekin skilyrði og ríkisskattstjóri hafði staðfest og í þriðja lagi erlend hlutabréf.

Öll innlend hlutabréf, bæði almenn og sérstök, sem framteljandi átti í árslok og/ eða hafði arðstekjur af á tekjuárinu færast í þennan kafla, þ.e. fjárhæðir úr dálkum 13 til 15 af eyðublaðinu RSK 3.19. Hlutabréf færast til eignar í árslok á nafnverði, sbr. þó bls. 25.

3.6 Hlutabréf í erlendum hlutafélögum

Í þessum kafla skal gera grein fyrir erlendum hlutabréfum skv. eyðublaði

RSK 3.19 *Hlutabréfaeign – kaup og sala*. Tilgreina skal nafn hlutafélags og í hvaða landi það er. Hlutabréfin skal eignfæra á nafnverði, en ef nafnverð er ekki þekkt skulu bréfin færð til eignar á kaupverði. Hafi verið greiddur skattur af arði erlendis skal gera grein fyrir því í athugasemdum í lið 1.4 á forsiðu framtals og láta fylgja með gögn því til staðfestingar. Unnt er að skila skönnuðum skjölum með vefframtali.

Færa skal hlutabréfaeign í íslenskum krónum. Færa skal nafnverð og kaupverð hlutabréfa sem útgefin eru í erlendum gjaldmiðli á kaupgengi eins og það var þegar hlutabréfin voru keypt. Nafnverð og kaupverð er því óbreytt í krónutölu á milli ára meðan ekki er um kaup, sölu eða aðra breytingu á eignarhluta í félaginu að ræða. Arð skal færa á kaupgengi þess tíma þegar hann var greiddur út.

3.7 Leigutekjur

Hafi framteljandi tekjur af útleigu fasteigna eða eignaréttinda, sem ekki fellur undir atvinnurekstur, skal hann færa leigu- og arðstekjur vegna útleigunnar án frádráttar. Heildarleigutekjur, sem eru lægri en sem nemur hlunnindamati samkvæmt skattmati, skulu taldar fram á því mati, sjá reglur um húsnæðishlunnindi á bls. 9. Sama á við þegar húsnæði er látið í té án endurgjalds. Útleiga á húsnæði sem nýtt er til atvinnurekstrar telst til atvinnurekstrar en útleiga á íbúðarhúsnæði telst ekki til atvinnurekstrar nema fyrningargrunnur þess í árslok nemi a.m.k. 29.324.700 kr. hjá einstaklingi eða 58.649.400 kr. hjá hjónum. Ef um útleigu á íbúðarhúsnæði er að ræða teljast 30% leigutekna til frádráttar og koma þannig einungis 70% til skattlagningar. Í reit 510 skal færa heildarleigutekjur af íbúðarhúsnæði skv. eyðublaði RSK 3.25. Leigutekjurnar færast án alls frádráttar, sjá þó leiðbeiningar um leigu á móti leigu í kaflanum hér á eftir. Ekki skal því færa 30% af leigutekjum til frádráttar en fjármagnstekjuskattur verður lagður á 70% af leigutekjum í reitnum við álagningu. Í reit 511 skal færa allar aðrar leigutekjur en af íbúðarhúsnæði.

Leigutekjur, frádráttur - leiga á móti leigu

Hafi maður leigutekjur af íbúðarhúsnæði og á sama tíma leigugjöld vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, er heimilt að draga leigugjöldin frá leigutekjum. Þá skal fylla út eyðublaðið RSK 3.25. Frádráttur þessi leyfist þó eingöngu á móti leigutekjum af íbúðarhúsnæði sem ætlað er til eigin nota en er leigt út tímabundið. Leigugjöld erlendis eru ekki frádráttarbær nema leigutaki hafi skattalega heimilisfesti á Íslandi. Á framtal sem leigutekjur færast jákvæður mismunur í reit 510, þ.e. leigutekjur þegar frá þeim hefur verið dregin greidd leiga. Neikvæður mismunur færast ekki á framtal.

3.8 Söluhagnaður/tap af hlutabréfum

Þegar seld eru hlutabréf skal gera grein fyrir því á eyðublaðinu *Hlutabréfaeign – kaup og sala* RSK 3.19. Sjá nánar á bls. 24 og 25.

3.9 Annar söluhagnaður

Hér færast skattskyldur söluhagnaður af eignum sem ekki tengjast atvinnurekstri (öðrum en hlutabréfum). Hér er fyrst og fremst átt við sölu fasteigna og lausafjár. Hagnaður af sölu lausafjár er þó ekki skattskyldur nema eignanna hafi verið aflað í þeim tilgangi að selja með hagnaði. Sjá nánar um kaup og sölu eigna á bls. 22.

3.10 Frádráttur

Heimilt er að draga tapaða vexti frá fjármagnstekjum hafi skattur þegar verið greiddur af vöxtunum. Frádráttur má færa á framtal þess árs þegar sýnt er fram á að krafan sem vextirnir voru reiknaðir af fæst ekki greidd og má þá krafan ekki vera eldri en fimm ára. Frádráttinn má einungis færa á móti fjármagnstekjum. Ef frádrátturinn nýtist ekki að fullu á móti fjármagnstekjum yfirfærast heimildin til næsta framtals, í allt að fimm ár. Á sama hátt má draga frá aðrar tapaðar fjármagnstekjur sem skattur hefur verið greiddur af. Gera skal grein fyrir þessum frádrætti á eyðublaðinu *Mótreikningur vegna tapaðra fjármagnstekna* RSK 3.16, sjá leiðbeiningar á eyðublaðinu.

Viðbót við auðlegðarskattsstofn vegna endurreiknings á hlutabréfaeign í árslok 2011

Á eyðublaði RSK 3.23 á að skrá hlutabréfaeign eins og hún var talin fram í skattframtali 2012, og reikna út raunvirði bréfanna í árslok 2011. Ef raunvirði er umfram nafnverð kemur mismunurinn til hækunar á auðlegðarskattsstofni eins og hann var samkvæmt skattframtali síðasta árs. Stofninn kemur

fram á álagningarseðli 2012. Ef þannig uppreiknaður stofn er umfram 75.000.000 kr. hjá einhleyplingi eða 100.000.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki skal færa viðbótina í reit neðst á fjórðu síðu framtals, að því marki sem hún er umfram framangreind mörk. Ef stofninn er örugglega vel innan þessara

marka þarf ekki að skila blaðinu. Í vefútgáfu framtalsins eru upplýsingar af framtali fyrra árs áritaðar á eyðublaðið, sem og auðlegðarskattsstofn fyrra árs og reiknistuðlar vegna hlutabréfaeignar í þeim félögum sem gert hafa full skattskil fyrir framtalsárið 2012. Sjá nánar á bls. 4.

Eignir og skuldir í árslok

4.1 Innlendir fasteignir Áritun fasteigna á framtal

Upplýsingar frá Þjóðskrá Íslands um mat fasteigna í árslok 2012 eru áritaðar á framtalið. Á vefframtalið er sérhver eign skráð. Sundurlíðunarblað með framtalinu sýnir allar fasteignir.

Vanti í einhverjum tilvikum fasteignir inn í fasteignamatíð og sundurlíðunina, þarf að bæta þeim á framtalið. Einnig getur þurft að leiðrétta áritaða fjárhæð á framtali eða bæta henni við, sé fasteignamatíð ekki áritað.

Leiðréttingar sem þessar geta m.a. átt við ef fasteignamat hefur breyst vegna kærumeðferðar og nýtt fasteignamat borist framteljanda áður en framtalsgerð lýkur. Í þeim tilvikum skal nýja fasteignamatíð fært á framtal. Leiðréttingu á árituðu fasteignamatíð þarf framteljandi að rökstyðja með nauðsynlegum fylgigögnum auk þess sem geta skal um slíkt í athugasemdum í lið 1.4. Auk leiðréttingar á framtali skal beiðni um leiðréttingu á fasteignamatíð eða breytta skráningu komið til Þjóðskrár Íslands.

Upplýsingar um fasteignir og fasteignamat er að finna á „mínun síðum“ húseigenda á <http://www.island.is>. Tilgreina skal heildarmat (þ.e. fasteignamat samtals) og fastanúmer fyrir hverja eign. Framteljandi skráir aðeins sinn eignarhluta ef um sameign er að ræða.

Þeir sem telja fram á pappír þurfa að færa heildarfjárhæð fasteigna í kafla 4.1.

Vakin er athygli á því, að fasteignir eru ekki áritaðar hjá þeim sem skiluðu efnahagsreikningi með framtali sínu 2012 og eru auk þess með reiknuð laun við eigin atvinnurekstur. Stafar það af því að ekki er í öllum tilfellum hægt að greina vérlænt á milli eigna sem tengjast atvinnurekstri og annarra eigna.

Matsverð fasteigna

Fasteignir í byggingu teljast til eignar á kostnaðarverði skv. *Húsbyggingarskýrslu RSK 3.03* en henni ber að skila vegna nýbygginga eða endurbóta á húsnæði (sjá nánar um eyðublaðið á bls. 23). Hafi fasteign t.d. verið metin foheld til fasteignamats skal færa hana til eignar á því mati. Við bætist byggingarkostnaður sem til hefur fallið síðan, til ársloka 2012.

Byggingarkostnaður vegna viðbygginga, breytinga eða endurbóta á þegar metnum eldri fasteignum skal færður sérstaklega til eignar á sama hátt.

4 Eignir í árslok 2012

Kennitala framtelanda 07.07.68-9999 Kennitala maka 06.06.72-9999

4.1 Innlendir fasteignir skv. fasteignamat	Leiðréttingamat: Komið hvort fjárhæð í útyflum reit er rétt.	Fasteignamat
Fasteignir skv. sundurlíðunarblaði		17.465.000
Fastanúmer eignar		
Afgjaldskvaðarverðmæti (sbr. lið 1.4)	313 39.410	Samtals fasteignir 314 17.465.000

4.2 Erlendar fasteignir	Land	326
-------------------------	------	-----

4.3 Bifreiðir	Númer	Kaupár	Verð	Númer	Kaupár	Verð
Sjá reglur um afskrift bifreiða í leiðbeiningum.	AB 123	1998	720.010			
	AB 456	2006	900.000			
				Samtals bifreiðaeign	06	1.620.010

4.4 Aðrar eignir áður ótalðar	Hvaða eignir:	Tjaldvagn	15	350.000
-------------------------------	---------------	-----------	----	---------

4.5 Hrein eign samkvæmt efnahagsreikningi skv. samræmingarblaði RSK 4.05	01
--	----

4.6 Staðgreiðsla af fjármagnstekjum í eigin atvinnurekstri skv. samræmingarblaði RSK 4.05	309
---	-----

5 Skuldir og vaxtagjöld

Vaxtagjöld Eftirstöðvar skulda

5.1 Vaxtagjöld/eftirstöðvar vegna kaupleiguíbúðar skv. RSK 3.08	166	167
---	-----	-----

5.2 Lán vegna kaupa eða byggingar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Ef hluti láns er nýttur til annars en öflunar íbúðarhúsnæðis skal tilgreina hve hátt hlutfall fjárhæðar er til öflunar íbúðarhúsnæðis (reitir 1). Í reiti 5 til 8 skal færa heildarfjárhæðir (án hlutfollunar) en í dálka 9 og 10 skal aðeins færa þann hluta af vaxtagjöldum og eftirstöðvum sem tilheyra öflun íbúðarhúsnæðis.

Staðsetning íbúðarhúsnæðis: Bjartagata 10	Vaxtagjöld og lán eða lánhlutar sem ekki ganga til öflunar íbúðarhúsnæðis færast í kafla 5.5
Kaupár: 1997	Fyllt út af ríkisskattgjöra 299
1 Lánveitandi: Lífeyrissjóður	2 Lántökudagur: 01.04.92
3 Lánveitingardagur: 1991.12	4 Yrtingudagur: 15.05.97
5 Heildargreiddur ársins: 83.984	6 Afþrogn af nafnverði: 37.696
7 Afholl: +	8 Lántökukostnaður: +
	= 46.288
9 Eftirstöðvar skulda vegna öflunar íbúðarhúsnæðis	10 Eftirstöðvar skulda vegna öflunar íbúðarhúsnæðis
1 Lánveitandi: Bankinn	2 Lántökudagur: 06.03.01
3 Lánveitingardagur: 023749	4 Yrtingudagur: 30
5 Heildargreiddur ársins: 383.870	6 Afþrogn af nafnverði: 133.332
7 Afholl: +	8 Lántökukostnaður: +
	= 200.430
9 Eftirstöðvar skulda vegna öflunar íbúðarhúsnæðis	10 Eftirstöðvar skulda vegna öflunar íbúðarhúsnæðis
1 Lánveitandi:	2 Lántökudagur:
3 Lánveitingardagur:	4 Yrtingudagur:
5 Heildargreiddur ársins:	6 Afþrogn af nafnverði:
7 Afholl: +	8 Lántökukostnaður: +
	=
Fært af framhaldsblaði RSK 3.01	
Vaxtagjöld/eftirstöðvar vegna öflunar íbúðarhúsnæðis samtals	87 246.718
	45 3.999.302

5.3 Ef selt var og annað ekki keypt í staðinn, fyrir árslok, færast hér eftirstöðvar skulda eins og þær voru á söludegi	41
---	----

5.4 Skuldir umfram eignir í eigin atvinnurekstri skv. samræmingarblaði RSK 4.05	165
---	-----

5.5 Aðrar skuldir og vaxtagjöld	Purfi að leiðrétta áritaðar upplýsingar, þá skal strika yfir fjárhæðir og skrá réttar fjárhæðir í næstu línu fyrir neðan.
Vaxtagjöld	Eftirstöðvar skulda
Nafn lántveitanda: BANKINN Lán nr. 023749	50.108
Tilgreinið kennitölu ef um einstakling er að ræða: LÍN	29.312
Kreditkort	157.000
Samtals	88 79.420
	168 1.534.363

Viðbót við auðlegðarskattstofni vegna endurreiknings á hlutabréfaeign í árslok 2011 skv. RSK 3.23	
---	--

Bl. 4

Ómetnar fasteignir sem keyptar voru á árinu 2012 færast á kostnaðarverði, en eldri eignir á því verði sem fært var í skattframtali 2012.

Eigendur leigulóða skulu færa til eignar afgjaldskvaðarverðmæti þeirra sem er 15-föld lóðarleiga eins og hún kemur fram á fasteignagjaldaseðlum sveitarfélaganna 2012. Ef 15-föld lóðarleiga er hærri en fasteignamat færast lóðin til eignar á fasteignamatí.

Leigutakar leigulóða skulu færa leigulóðir til eignar á fasteignamatsverði. Í reit 313 undir lið 4.1 færast fjárhæð afgjaldskvaðar-

verðmætis en hún kemur til lækkunar á fasteignamatí lóðar. Athuga skal að þær fjárhæðir sem eru áritaðar í lið 4.1 eru skráðar án tillits til afgjaldskvaðarverðmætis og þurfa framteljendur því undir öllum kringumstæðum að færa það sjálfir á framtalið. Athugið að ekki á að draga fjárhæð í reit 313 frá samtölunni í reit 314.

Fasteignir barna færast í þennan lið með fasteignum framfæranda.

4.2 Erlendar fasteignir

Erlendar fasteignir skal færa á fasteignamatsverði umreiknuðu í íslenskar krónur miðað við kaupgengi í árslok 2012. Sé fasteignamat ekki fyrir hendi skal miða eignafærslu við kaupverð umreiknað í íslenskar krónur á kaupgengi í árslok 2012.

4.3 Bifreiðir

Bifreiðaeign í árslok færast í reit 06. Heimilt er að færa verð bifreiða niður um 10% frá því verði sem þær voru taldar til eignar á framtali 2012. Bifreiðir sem keyptar voru á árinu 2012 færast á kaupverði. Bifreiðir barna færast einnig hér. Á vefframtal eru árituð fastanúmer bifreiða. Hafi framteljandi átt bifreiðina árið áður er verð hennar einnig áritað, niðurfært um 10%. Ef um er að ræða bifreið sem keypt var ný á árinu 2012 og verð hennar var skráð hjá Umferðarstofu er sú fjárhæð árituð á framtal, en ella þarf framteljandi að færa sjálfur inn kaupverðið. Þegar um er að ræða kaupleigubifreiðir eru vaxtagjöld og eftirstöðvar bifreiðalána færðar í lið 5.5 á framtalinu.

Fjármögnunar- og rekstrarleigubifreiðar án uppkaupsákvæða í samningi eignfærast ekki hjá leigutaka. Á sundurliðunarblaði eru tilgreindar allar bifreiðir sem skráðar eru á framteljendur skv. ökutækjaskrá Umferðarstofu. Beiðni um afskráningu eða leiðréttingu á skráningu bifreiða skal beina til Umferðarstofu. Hægt er að nálgast afskráningareyðublað á vef Umferðarstofu, www.us.is.

4.4 Aðrar eignir áður ótaldar

Aðrar ótaldar eignir, sem eru framtalsskyldar, t.d. hjólhýsi, tjaldvagn, bátur, vélsleði, vélhjól o.fl., skulu taldar fram á kaup- eða kostnaðarverði. Hestar og önnur húsdýr færast samkvæmt eignamati í landbúnaði, sjá bls. 33. Peningaeign færast í þennan kafla og skal færa erlenda mynt á kaupgengi í árslok. Aðrar eignir barna færast einnig hér. Á sundurliðunarblaði eru, auk bifreiða, tilgreind önnur ökutækni sem skráð eru á framteljendur skv. ökutækjaskrá Umferðarstofu. Þeir sem telja fram á pappír þurfa sjálfir að færa þessi ökutækni inn á framtalið og tilgreina verð þeirra. Beiðni um leiðréttingu á skráningu ökutækja skal komið til Umferðarstofu.

4.5 Hrein eign samkvæmt efnahagsreikningi

Í reit 01 færast hrein eign 31. des. 2012 samkvæmt *Samræmingarblaði RSK 4.05* og meðfylgjandi eyðublaði um atvinnurekstur (RSK 1.04, 4.10, 4.11 eða 4.08) eftir umfangi og eðli rekstrar. Ef hjón eru bæði með eigin atvinnurekstur er samtala hreinar eignar í rekstri þeirra beggja færð í einni tölu í þennan reit.

4.6 Staðgreiðsla skatts af fjármagnstekjum í eigin atvinnurekstri

Í reit 309 færast staðgreiðsla sem haldið hefur verið eftir af fjármagnstekjum, sem mynduðust í atvinnurekstri á árinu 2012 skv. eyðublaði um atvinnurekstur (RSK 1.04, 4, 11 eða 4.08). Ef hjón eru bæði með eigin atvinnurekstur er samtala staðgreiðslu af fjármagnstekjum í rekstri þeirra beggja færð í einni tölu í þennan reit. Á eyðublaðum um atvinnurekstur færast staðgreiðsla af þeim fjármagnstekjum sem stafa af eignum



sem tilheyrta atvinnurekstri. Staðgreiðsla af vöxtum og arði, sem eru atvinnurekstri óviðkomandi, fer í viðeigandi reiti í 3. kafla framtals.

5.1 til 5.3 sjá bls. 16-17

5.4 Skuldir umfram eignir skv. efnahagsreikningi

Skuldir umfram eignir 31. desember 2012 færast í reit 165 samkvæmt *Samræmingarblaði RSK 4.05* og eyðublaði um atvinnurekstur (RSK 1.04, 4.10, 4.11 eða 4.08) eftir umfangi og eðli rekstrar.

Taktu eftir!

Lestu um skuldir og vaxtagjöld vegna íbúðarhúsnæðis á næstu opnu.

5.5 Aðrar skuldir og vaxtagjöld

Skuldir vegna kaupa eða byggingar íbúðarhúsnæðis til eigin nota færast undir lið 5.2 (sjá næstu opnu) en hér færast aðrar skuldir og vaxtagjöld af þeim. Verðtryggðar skuldir færast með áföllnum verðbótum í árslok. Óverðtryggðar skuldir færast á nafnverði eftir síðustu afborgun. Skuldir í erlendra mynt skal telja á sölugengi í árslok. Skuldir barna innan 16 ára færast einnig hér.

Áritaðar „Aðrar skuldir“

Á vefframtalið eru áritaðar undir þessum lið upplýsingar um námslán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN), en þær eiga að stemma við yfirlit sem lánþegar geta nálgast á „Mínu svæði“ LÍN.

Einnig eru árituð hér ökutækjalán frá tryggingafélögum sem og fjármögnunarleigum ef ökutækni telst í eigu lántakanda. Á vefframtalið er skuld vegna hvers ökutækis skráð en á pappírframtalið heildarskuld vegna ökutækja í eigu framteljanda.

Ýmsar lánaupplýsingar (5.2 eða 5.5)

Upplýsingar um lán frá bönkum, sparisjóðum, lífeyrissjóðum og verðbréfafyrirtækjum eru áritaðar

á sundurliðunarblað og í flestum tilfellum einnig á framtal.

Þegar ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort þessi lán veita rétt til vaxtabóta eru þau ekki árituð á framtalið og þarf framteljandi sjálfur að færa þau á viðeigandi stað, þ.e. lið 5.2 á framtali, ef þau eru vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, annars í lið 5.5, eða á viðeigandi rekstrarblað ef þau tengjast rekstri. Á sundurliðunarblaðinu eru einnig lánaupplýsingar vegna ökutækja. Sé ekki ljóst hvort lánin eru vegna ökutækis sem notað er í rekstri eru lánin þó ekki árituð á framtalið heldur þarf framteljandi sjálfur að færa þau á viðeigandi stað.

Skuldir og vaxtagjöld vegna íbúðarhúsnæðis

Peir sem greiða vaxtagjöld af lánum vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eiga rétt á vaxtabótum sbr. upplýsingar á bls. 4. Sama á við um þá sem keypt hafa búseturétt/eignarhlut í kaupleiguíbúð, enda eigi búseturéttarhafi ekki rétt á húsaleigubótum. Rétturinn stofnast við kaup eða þegar bygging er hafin. Vaxtabætur ákvarðast samkvæmt upplýsingum á framtali og þar þarf að gera sundurliðaða grein fyrir lánum og greiddum vaxtagjöldum. Upplýsingar um íbúðarlán koma fram á sundurliðunarblaði með framtali, sem og vaxtagjöld vegna kaupleiguíbúða.

5.1 Vaxtagjöld vegna kaupleiguíbúða eða búseturéttar

Peir sem keypt hafa búseturétt/eignarhlut í kaupleiguíbúð eiga rétt á vaxtabótum vegna vaxtagjalda sem innheimt eru með leigugjöldum, auk vaxtagjalda vegna lána sem tekin eru vegna kaupa á búseturétti eða eignarhlut.

Séu þessar upplýsingar ekki áritaðar þarf leigutaki að snúa sér til leigusala eftir þeim, og færa þær á framtal. Vaxtagjöld færast í reit 166 og eftirstöðvar skulda í reit 167.

5.2 Lán vegna íbúðarhúsnæðis

Vaxtagjöld af lánum vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota mynda stofn til vaxtabóta. Hér er átt við lán vegna:

- kaupa á íbúðarhúsnæði
- byggingar íbúðarhúsnæðis

- verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði (á eingöngu við um lán frá Íbúðalánasjóði)
- greiðsluerfiðleika eða endurfjármögnunar
- kaupa á búseturétti/eignarhlut í kaupleiguíbúð

Skammtímalán

Vaxtagjöld vegna lána til skemmri tíma en tveggja ára mynda stofn til vaxtabóta en einungis:

- á næstu fjórum árum (tekjuárum) talið frá og með kaupári og er þá miðað við dagsetningu kaupsamnings, eða
- á næstu sjö árum talið frá og með því ári þegar bygging er hafin eða til og með því ári sem húsnæðið er tekið til íbúðar ef það er síðar.

Leiðbeiningar við útfyllingu einstakra reita í lið 5.2

Gera skal grein fyrir staðsetningu íbúðarhúsnæðis. Í reitinn kaupár skal færa hvernær húsnæðið var keypt. Húsbyggjandi skal færa hér hvenær bygging hófst. Síðan skal sundurliða upplýsingar um einstök lán í merкта reiti sbr. eftirfarandi skýringar:

1 Lánveitandi/lánsnúmer/hlutfall (%)

Hér skal tilgreina lánveitanda og númer láns. Hafi einungis hluti lánsins verið vegna íbúðarhúsnæðis skal tilgreina það hér. Í reitnum hlutfall (%) skal gera grein fyrir hversu stór hluti af láninu var vegna íbúðarhúsnæðis. Þótt lán sé hlutfallað skal ávallt færa heildargreiðslur af láninu í reiti 5 og 6, en vaxtagjöld og eftirstöðvar skulda skal

síðan færa hlutfallslega í dálka 9 og 10 (ef talið er fram á pappír). Í vefframtali reiknast vaxtagjöld í dálki 9 sjálfkrafa en heildarfjárhæð eftirstöðva þarf að skrá í dálk 10.

2 Lántökudagur. Hér skal greina frá dagsetningu lántöku, þ.e. hvenær lánið var upphaflega tekið. Alltaf skal færa upphaflega lántökudagsetningu, jafnt þó um yfirtekið lán sé að ræða.

3 Lánstími. Hér skal færa lánstíma talið frá upphaflegu lántökuári.

4 Yfirtökudagur. Hér skal greina frá dagsetningu yfirtöku ef um yfirtekið lán er að ræða.

5 Heildargreiðslur ársins. Hér skal færa afborganir, verðbætur og vexti sem gjaldféllu eftir 1. janúar 2011 og greiddir voru á árinu 2012, ásamt árlegum og tímabundnum fastakostnaði. Með vöxtum teljast einnig dráttarvextir sem greiddir voru á árinu vegna gjaldþaga afborgana eftir 1. janúar 2011.

6 Afborgun af nafnverði. Í þennan reit færast nafnverð gjaldfallinna afborgana sem greiddar voru á árinu. Kvittanir bera með sér upplýsingar um nafnverð afborgana, en þegar verðtryggð lán eru yfirtekin þá þarf að gera leiðréttingar. Finna þarf nýja afborgun í hendi þess sem yfirtekur lánið. Við útreikning á nýrri afborgun er notuð sú aðferð að deila í vísitölu yfirtökumánaðar með upphaflegri vísitölu. Vísitölur koma fram á greiðsluskjölum en jafnframt má finna upplýsingar um þær á vef Hagstofu Íslands. www.hagstofa.is.

Lán vegna íbúðakaupa

Á sundurliðunarblaði með framtali koma fram upplýsingar um lán frá bönkum, sparisjóðum og Íbúðalánasjóði. Þær færir framteljandi í lið 5.2 á framtali ef um er að ræða lán vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Sé ekki svo færast lánin í lið 5.5. Á vefframtalinu er að finna nánari upplýsingar og skýringar varðandi áritunina.

Hjá þeim sem eru upphaflegir lántakendur eru upplýsingar á sundurliðunarblaði í samræmi við upplýsingar á greiðsluseðlum ársins 2012. Til hag-

ræðingar fyrir þá sem hafa yfirtekið lán frá Íbúðalánasjóði 1991 eða síðar koma að auki fram upplýsingar um uppreiknaðar afborganir miðað við yfirtöku. Í þeim tilvikum skal færa uppreiknaðar afborganir í reit 6 í lið 5.2 á framtali. Hafi láni verið nafnbreytt af öðrum ástæðum en vegna sölu, t.d. vegna hjónaskilnaðar eða sambúðarslita, skal færa „Afborgun af nafnverði“ í reit 6.

Upplýsingar um lántökukostnað koma ekki fram á sundurliðunarblaði og þarf

framteljandi að færa þær upplýsingar í reit 8 í lið 5.2 á framtali. Þá getur vantað á sundurliðunarblað fullnægjandi upplýsingar um lán sem yfirtekin voru á árinu 2012. Bæði kaupandi og seljandi þurfa að gæta þess að færa réttar upplýsingar á framtalið miðað við vaxtauppgjör þeirra á milli.

Sundurliðunarblaðið ber ekki með sér upplýsingar um uppreiknaðar afborganir lána sem yfirtekin voru fyrir 1991 og í þeim tilvikum þarf framteljandi að uppreikna afborganir lánsins miðað við yfirtökudag. Sama á við hafi yfirtekið lán verið greitt upp á árinu. Sjá skýringar varðandi uppreikning lána í 5.2, 6. tölulíð.

5 Skuldir og vaxtagjöld

Vaxtagjöld

Eftirstöðvar skulda

5.1	Vaxtagjöld/eftirstöðvar vegna kaupleiguíbúðar skv. RSK 3.08	166	167
-----	---	-----	-----

5.2 Lán vegna kaupa eða byggingar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Ef hluti láns er nýttur til annars en öflunar íbúðarhúsnæðis skal tilgreina hve hátt **hlutfall** fjárhæðar er til öflunar íbúðarhúsnæðis (reit 1). Í reiti 5 til 8 skal færa heildarfjárhæðir (án hlutföllunar) en í dálka 9 og 10 skal aðeins færa þann hluta af vaxtagjöldum og eftirstöðvum sem tilheyra öflun íbúðarhúsnæðis.

Staðsetning íbúðarhúsnæðis: Bjartagata 10								Vaxtagjöld og lán eða láns hlutar sem ekki ganga til öflunar íbúðarhúsnæðis færast í kafla 5.5.	
Kaupár: 1997				Fyllist út af ríkisskattstjóra		299		9	10
								Vaxtagjöld vegna öflunar íbúðarhúsnæðis	Eftirstöðvar skulda vegna öflunar íbúðarhúsnæðis
1 Lánveitandi Lífeyrissjóður	Lánsnúmer T99112	Hlutfall (%) 100%	2 Lántökudagur 01.04.92	3 Lánstími 25	4 Yfirtökudagur 15.05.97				
5 Heildargreiðslur ársins + 83.984	6 Afborgun af nafnverði - 37.696	7 Afföll +	8 Lántökukostnaður +	=		46.288		699.497	
1 Lánveitandi Bankinn	Lánsnúmer 023749	Hlutfall (%) 80%	2 Lántökudagur 06.03.01	3 Lánstími 0	4 Yfirtökudagur				
5 Heildargreiðslur ársins + 383.870	6 Afborgun af nafnverði - 133.332	7 Afföll +	8 Lántökukostnaður +	=		200.430		3.299.805	
1 Lánveitandi	Lánsnúmer	Hlutfall (%)	2 Lántökudagur	3 Lánstími	4 Yfirtökudagur				
5 Heildargreiðslur ársins	6 Afborgun af nafnverði	7 Afföll	8 Lántökukostnaður						

Dæmi um lán sem tekið var að hluta til íbúðarkaupna (80%) og að hluta til annarra nota (20%). Samanlagðar heildargreiðslur ársins námu 383.870 kr. og færast sú fjárhæð í reit 5 og samanlagðar afborganir ársins af nafnverði námu 133.332 kr. og færast í reit 6. Heildarvaxtagjöld ársins námu því 250.538 kr. og þar af færast 80% í dálk 9. Eftirstöðvar lánsins í árslok (m.v. vísitölu janúarmánaðar) námu 4.124.756 kr. og færast 80% eða 3.299.805 kr. í dálk 10. Hinn hluti vaxtagjaldanna og eftirstöðvanna færast í kafla 5.5 á framtali.

Þannig er fundinn verðhækkunarstuðull og með honum er margfölduð sú afborgun af nafnverði sem kemur fram á hverjum greiðsluseðli.

Erlend lán. Þegar fundin er afborgun af erlendum lánum er fjárhæð afborgunar í erlendri mynt margfölduð með sölugenginu eins og það var á lántökudegi samkvæmt lánskjöllum. Þegar erlend lán eru yfirtekin þá skal margfalda afborgunina með því sölugengi sem er í gildi á yfirtökudegi. Samanlagðar afborganir ársins eru síðan færðar í reit 6.

7 Afföll. Afföll vegna sölu á skuldabréfum geta myndað stofn til vaxtabóta ef útgefandi skuldabréfsins hefur notað andvirðið til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Afföll reiknast sem stofn til vaxtabóta með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma bréfsins. Afföll vegna sölu á skuldabréfum eða húsbrefum sem seljandi hefur fengið í hendur sem greiðsla á fasteign koma ekki til álita sem stofn til vaxtabóta.

8 Lántökukostnaður. Hér skal færa lántökukostnað, þ.e. lántökugjöld vegna nýrra og yfirtekinna lána, kostnað vegna skuldbreytinga, stimpilgjöld, þóknarir og þinglýsingarkostnað af lánum, en hann myndar stofn til vaxtabóta. Uppgreiðslugjald telst til lántökukostnaðar í þessu sambandi. Þinglýsingarkostnaður og stimpilgjöld af kaupsamningi eða afsali sem og umsýslugjald til fasteignasala teljast ekki til vaxtagjalda.

9 Vaxtagjöld. Í þennan dálk færast samtala fjárhæða í reitum 5, 7 og 8 og frá þeim dregin fjárhæð í reit 6. Ef aðeins hluti lánsins var vegna íbúðarhúsnæðis, skal þó lækka vaxtagjöldin í samræmi við tilgreint hlutfall í reit 1. Í dálk 9 skal því færa $(5-6+7+8) \times \text{hlutfall} (\%)$.

10 Eftirstöðvar skulda. Í þennan dálk færast eftirstöðvar skulda eins og þær eru í árslok. Eftirstöðvar erlendra lána eru fundnar með því að margfalda eftirstöðvar með sölugengi gjaldmiðilsins í árslok, sjá töflu á bls. 32. Niðurstöðutalan úr þessum dálki færast í reit 45. Ef aðeins hluti lánsins var vegna íbúðarhúsnæðis, skal þó lækka eftirstöðvarnar í samræmi við tilgreint hlutfall í reit 1. Sé talið fram á vefnum reiknast hlutföllin sjálfkrafa. Bent skal á að upplýsingar um þann hluta lánsins sem ekki tilheyrir íbúðarhúsnæði til eigin nota skal færa í kafla 5.5.

5.3 Eftirstöðvar skulda á söludegi

Peir sem selt hafa íbúðarhúsnæði á árinu og ekki keypt eða hafið byggingu annars íbúðarhúsnæðis í stað hins selda fyrir árslok skulu færa eftirstöðvar skulda eins og þær voru á söludegi í dálk 10. Þær færa enga fjárhæð í reit 45 á framtali heldur færa þeir niðurstöðutölu í reit 41. Á vefframtalinu þarf að merkja við í hvorn reitinn niðurstöðutalan á að fara. Athugið að ef fyllt er út *Framhaldsblað RSK 3.01* er nauðsynlegt að færa niðurstöðutölur af því blaði á framtalið.

Skuldbreyting vegna vanskila, frýsting láns – frestun

Sem stofn til vaxtabóta teljast gjaldfallin vaxtagjöld **sem greidd** voru á árinu, þ.e. verðbætur og vextir. Sé samið um breytingu á skilmálum láns sem er í vanskilum, með því að breyta vanskilunum í nýtt lán, telst sá hluti vanskilanna, sem eru vextir og verðbætur, til gjaldfallinna og greiddra vaxtagjalda þegar formlega er gengið frá þessari nýju lántöku, hvort heldur það er gert með því að bæta vanskilunum við höfuðstól lánsins eða að veitt er alveg nýtt lán. Þegar lán er fryst eða greiðslum frestað án þess að veitt sé nýtt lán, sbr. framanritað, teljast áfallnir vextir af þeim ekki sem stofn til vaxtabóta fyrr en greiðsla fer fram. Sá hluti frestaðra greiðslna sem eru vextir og verðbætur teljast með í stofni til vaxtabóta þegar greiðsla fer fram eða þegar þeim er formlega bætt við höfuðstól lánsins og teljast nýtt lán með þeim hætti.

Fyrirframgreiðsla vaxtabóta

Peir sem fengu fyrirframgreiddar vaxtabætur vegna vaxtagjalda á árinu 2012 þurfa eftir sem áður að gera grein fyrir vaxtagjöldum vegna íbúðarkaupna á framtali sínu. Hafi önnur lán verið tekin vegna öflunar íbúðarhúsnæðis en þau sem notuð voru við útreikning fyrirframgreiðslu, skal gera grein fyrir vaxtagjöldum af þeim á framtali.

5.4 og 5.5 sjá bls. 15

Framtal barns

Hafi börn yngri en 16 ára haft launatekjur skal telja þær fram á sérstöku framtali, *Skattframtal barns RSK 1.02*. Aðeins 1. kafli framtals er þá fylltur út. Rita skal nafn og kennitölu barns og foreldris (framfæranda) á framtalið og skiptir ekki máli hvort skráð er kennitala föður eða móður.

Talið fram á vefnum

Börn fá ekki úthlutað veflyklum. Ef skila á skattframtali barns á vefnum er framtalið opnað á þjónustusiðu framfæranda. Launatekjur barna og staðgreiðsla eru áritaðar í vefframtal samkvæmt launamiðum.

1.1 Laun og starfstengdar greiðslur barns

Hér færast launatekjur barnsins. Á vefframtali eru launatekjur barns og afdregin staðgreiðsla árituð samkvæmt innsendum launamiðum.

1.2 Reiknað endurgjald barns

Í þennan lið færast reiknað endurgjald starfi barnið við atvinnurekstur forráðanda. Eftirfarandi viðmiðun skal hafa við ákvörðun á reiknuðu endurgjaldi barns, sbr. viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald á tekjuárinu 2012, *RSK 6.05*:

Sé barn 15 ára

Mánaðarlaun 106.000 kr.

Árslaun 1.272.000 kr.

Sé barn 13 eða 14 ára

Mánaðarlaun 91.000 kr.

Árslaun 1.092.000 kr.

Reiknað endurgjald barna er ekki staðgreiðsluskýlt.

1.3 Dagpeningar og hlunnindi barns

Hafi barnið fengið greidda dagpeninga vegna ferða á vegum vinnuveitanda skal færa þá til tekna í reit 23. Frádráttur á móti dagpeningum færast í reit 33. Fylla skal út



RIKISSKATTSTJÓRI

Skattframtal barns 2013
BARN FÆTT 1997 EÐA SÍÐAR

Kennitala barns 09.09.02-9990	Fjölskyldunúmer 07.07.68-9999
Svatarfélag lögheimilis 31. des. 2012 Reykjavík	0000
Nafn - pósthang Árni Árnason Björtugötu 10 119 Reykjavík	

1 Tekjur barns

1.1 Launatekjur og starfstengdar greiðslur	
Garðavinna ehf.	kr. 100.000
Blaðið hf.	kr. 8.000
	kr.
	kr.
21	kr. 108.000

1.2 Reiknað endurgjald við atvinnurekstur forráðanda Tegund starfsemi: **24** kr.

1.3 Dagpeningar og hlunnindi

Dagpeningar 23 kr.	Frádráttur skv. RSK 3.11	33	— kr.	
				= kr.
Hlunnindi, hvaða?				135 kr.

Samtals **kr. 108.000**

1.4 Staðgreiðsla af launatekjum barns **296** kr.

Bætur, styrkir, lífeyrisgreiðslur, eignatekjur, eignir og skuldir barns færast á skattframtal framfæranda.

19/03'13
Dagsetning


Undirskrift

2 Umsókn um sérskattlagningu barns
sem misst hefur annað foreldri sitt eða bæði og ekki verið ættleitt. Sjá nánar í leiðbeiningum **RSK 8.01**.

eyðublaðið *Dagpeningar RSK 3.11* vegna þessa frádráttar, sjá bls. 21.

Hér eru einnig færð laun sem greidd hafa verið í hlunnindum, svo sem fæðishlunnindum eða fatahlunnindum. Nánari upplýsingar um skilgreiningu launatekna er að finna í skýringum við liði 2.1 og 2.2 á bls. 8 til 10.

Aðrar tekjur. Eignir og skuldir

Á barnaframtal færast ekki aðrar tekjur en launatekjur. Aðrar tekjur færast á framtal framfæranda í viðeigandi reiti. Vaxtatekjur af bankainnstæðum og verðbréfum barna færast í lið 3.4 á framtali framfæranda. Aðrar

eignatekjur færast með eignatekjum framfæranda. Sama gildir um eignir barns og skuldir, þær færast með eignum og skuldum framfæranda í kafla 3, 4 og 5 á framtali þeirra.

Fái framfærandi barns tryggingabætur eða lífeyri frá Tryggingastofnun vegna barnsins eru upplýsingar um það áritaðar á framtal hans. Séu þær ekki áritaðar skal færa þær greiðslur á framtal framfæranda.

1.4 Staðgreiðsla vegna barns

Afdregna staðgreiðslu af launatekjum barna skal færa í reit 296.

2 Sérskattlagning barna sem misst hafa foreldri

Ef óskað er sérskattlagningar barns, sem misst hefur annað foreldri sitt eða bæði og ekki verið ættleitt, þarf að fylla út kafla 2 á skattframtali barns. Launatekjur færast í kafla 1, en bætur, styrkir og aðrar greiðslur í kafla 2. Með barnaframtalinu skal skila

síðum 3 og 4 af skattframtali einstaklinga, vegna eignatekna og vegna eigna og skulda. Ef fallist er á umsókn um sérskattlagningu skattleggjast allar tekjur samkvæmt 1. og 2. kafla eins og launatekjur barna, þ.e. 4% tekjuskattur og 2% útsvar á allar tekjur

umfram frítekjumark. Fjármagnstekjur samkvæmt kafla 3 (bls. 3 á skattframtali einstaklinga) bera 20% tekjuskatt. Frítekjumark vegna vaxtatekna er 100.000 kr.

Á eignir umfram 75.000.000 kr. er lagður auðlegðarskattur.

18

Uppgjör atvinnurekstrar

Rekstrartekjur allt að 1.000.000 kr.

RSK 4.10

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Rekstraryfirlit
Fylgiskjal með skattframtali 2013

Nafn: _____ Kennitala: _____
Tegund starfsemi: _____ Atrg.nr.úmer: _____

A) Rekstur

Tekjur

Nafn og kennitala greiðanda: _____

Gjöld

Reiknuð laun (til tekna í reit 24 á framtali) _____
Reiknuð laun maka (til tekna í reit 24 á framtali) _____
Greitt móttframtág / líffeyrisgjöld _____
Tryggingagjald _____

Hagnaður/tap

Hagnaður (glústala) í reit 62 á framtali. Tap (minustala) geymist til næsta árs.

B) Efnahagur

Eignir _____

Rekstrartekjur 1.000.000 til 20.000.000 kr.

RSK 4.11

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Rekstrarskýrsla
Fylgiskjal með skattframtali einstaklinga 2013

Skyrslan ásamt persónuframtali berst _____
Kennitala: _____
Svettarfélag: _____ Svettarfélagarnr.: _____

Nafn - pósthöfundur: _____
Númer atvinnugreinar (SAT): _____ Vsk.númer: _____
Atvinnugrein, heiti: _____

Rekstur 2012

Virðisaukaskattskyld sala 25.5%	+ 1015	Rísna og gjafir til viðskiptamanna, stýrki o.á.f.v.	+ 3183
Virðisaukaskattskyld sala 7%	+ 1020	Ferðakostnaður	+ 3333
Velta undirþegin virðisaukaskatt (12. gr.) s.s. útlitn. á vöru og þjónustu	+ 1020	Bírefðakostnaður skv. RSK 4.03	+ 3140
Starfsemi undirþegin virðisaukaskatt (2. gr.) s.s. heilbrigðisvæðing, húsnæði, fj., kennsla, þróttf., tölvafræðingur o.á.	+ 1040	Annar bírefðakostnaður	+ 2281
SÖLUGNAÐUR	+ 1050	Fyrningar	+ 3130
Aðrar tekjur sbr. sundurlitun á bakhlíð	+ 1060	Aukafyrningar	+ 4210
Rekstrartekjur samtals	= 1000	Aðrir tekjur viðskiptavörð	+ 2563
Bílgjöld í upphell árs	+ 1013	Sóluþap	+ 3130
Vöruskipt	+ 2153	Yms annar kostnaður sbr. sundurlitun á bakhlíð	+ 2333
Bílgjöld í lok árs	- 3023	Rekstrargjöld samtals	= 3590
= Vöruskiptun/vefningunum	+ 3028	Rekstrartekjur mínus rekstrargjöld (+/-)	= - 3600
Aðskipt vinnu og þjónusta til endursölu	+ 2173	Vaxtaþekjur og aðrir fjármunartekjur	+ 3633
Reiknað endurgjald	+ 3690	Vaxtagjöld og önnur fjármunargjöld	- 3633
Laun	+ 3033	Hagnaður/-tap ársins af rekstri (+/-)	= 3690
Móttframtág / líffeyrisgjöld	+ 3686	Dreifing tekjufærslu áður frestaðra tekna skv. 60. gr.	+ 4010
Önnur launatengd gjöld	+ 3000	Núðarfarsla viðskiptakrónna í upphell árs skv. skattalögum	+ 4000
	= 3690		= 3690

Rekstrartekjur yfir 20.000.000 kr.

RSK 1.04

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Skattframtal rekstraraðila 2013
Allar fjárhæðir skal færa í heilum krónum

Framtalið berst _____ Kennitala: _____
Svettarfélag: _____ Svettarfélagarnr.: _____

Nafn - pósthöfundur: _____
Framtalið unnið af: _____
Löggeittum endurskiðandi _____
Öðrum aðskiptum _____
Aðrir löggeittir endurskiðandi á áreksveing _____
Án fyrirlýsinga _____
Með fyrirlýsinga _____
Aðrir tekjur _____
Aðrir tekjur _____
Aðrir tekjur _____

Aðal atvinnugrein, heiti: _____ Númer atvinnugreinar: _____ Leioðrétt atvinnugrein, númer: _____ Aðal vsk.númer: _____
Tegund rekstrar: _____ Einstaklingur með rekstur _____ Skattskyldur lögðali _____ Samrekskur eða aðrir rekstrarstjórnendur _____ Öskattskyldur aðrir rekstrarstjórnendur _____

Samreksraraðilar, skipting tekna og eigna Framhaldsblað RSK 4.14

Kennitala	Reiknað endurgjald	Hluti af heimum tekjum/tapi	Hluti af heimum eign/skuld
0710	0710	0710	0710
0720	0720	0720	0720
0730	0730	0730	0730
0740	0740	0740	0740
0750	0750	0750	0750

Átægningargrunnur gjalda og fleira Framtalið er skattskyldur til fjársylskatts

Hreinar tekjur	0800	Stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu	0800
Yfirfærslulegt tap til næsta árs	0810	Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu	0811
Hrein eign	0820	Stofn til fjársylskatts í staðgreiðslu	0824
Skuldir umfram eignir	0830	Stofn til fjársylskatts utan staðgreiðslu	0826
Jöfnunarverðmæti húsnæðis	0840	Stofn til fjársylskatts á þjónustugjalds afþjótun	0825
Aðrir tekjur sameignarfélags	0870	Stofn til sértaks skatts á fjármunaryfirteki	0827
		Rannsókn- og þjónustukostnaður hjá	0828

Landbúnaðarskýrsla

RSK 4.08

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Landbúnaðarskýrsla
Fylgiskjal með skattframtali 2013

Nafn: _____ Kennitala: _____
Nafn: _____ Kennitala: _____
Heimili: _____ Svettarfélag: _____ Landnúmer: _____
Búgvein, heiti: _____ Númer búgveinar (SAT 2008): _____ VSK.nr.: _____

A

Hrein eign/skuldur umfram eignir, skv. bls. 4	1	Tegund starfsemi, nafn samreksraraðila	Tegund starfsemi, nafn samreksraraðila
Aðrar breytingar, hverjar	2		
Ákvæð fjárhæð ferist sem eign á skattframtali en reiknað fjárhæð ferist með skuldum á skattframtali	3		
Hreinar tekjur eða tap skv. bls. 3	4		
+ Gjaldframtal óráðstærðar gjöld í rekstrarskýrslu	5		
Laekkan reiknaðs endurgjalds vegna taps	6		
Aðrar breytingar, hverjar	7		
Hagnaður eða tap ársins	8		
Ónotað rekstrartap frá fyrri árum til fróðráttar, sbr. yfirlit, kafla D	9		
Ákvæð fjárhæð ferist á skattframtali. Reiknað fjárhæð ferist þar ekkert	10		

C

Reiknað endurgjald	Eigið
	Maka
	Barna

D

Rekstraráttir	Ónotað tap frá fyrri ári	Notað á móti hagnaði ársins (leista tap notast alltaf fyrst)	Ónotað yfirfærslulegt tap Dalkur 2 - Dalkur 3
2002			
2003			

Rekstrarblöð

Einstaklingar með eigin atvinnurekstur skila rekstrarskýrslu með framtali sínu.

Til eru fjórar gerðir af rekstrarskýrslum:

- **RSK 4.10** Rekstraryfirlit
- **RSK 4.11** Rekstrarskýrsla
- **RSK 1.04** Skattframtal rekstraraðila
- **RSK 4.08** Landbúnaðarskýrsla

Rekstraryfirlit RSK 4.10 er eingöngu notað ef um mjög einfaldan rekstur er að ræða og rekstrartekjur fara ekki yfir 1.000.000 kr. á ári og ekki er um að ræða virðisaukaskattsskil. Frekari skilyrði

eru að ekki séu greidd laun til annarra, að ekki sé gjaldfærður aksturskostnaður, og að ekki séu notaðar fyrnanlegar eignir í rekstrinum. Sé velta meiri eða önnur skilyrði ekki uppfyllt er Rekstrarskýrsla RSK 4.11 notuð. Hún gildir fyrir einstaklingsrekstur með ársveltu allt að 20 milljónum króna.

Fari velta yfir 20 milljónir króna skal nota Skattframtal rekstraraðila RSK 1.04. Einnig er heimilt að nota það form þó veltan sé minni. Í byggingarstarfsemi, þar sem notuð er verklokaaðferð við uppgjör, er gerð krafa um skil á Skattframtali rekstraraðila RSK 1.04, án tillits til veltu. Það sama gildir um samrekstur og ef fyrningar eða aðrir liðir víkja frá ákvæðum skattalaga.

Bændur í almennum búrekstri skila Landbúnaðarskýrslu RSK 4.08 án tillits til veltu.

Sjómannaafsláttur



Sjómannaafsláttur

Peir sem fá greidd laun fyrir sjómannsstörf á íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi, eiga rétt á sjómannaafslætti. Sjómannaafslátturinn er reiknaður eftir þeim upplýsingum sem færðar eru í lið 1.5 á fyrstu síðu framtals. Framteljandi sem gerir kröfu um sjómannaafslátt verður undantekningarlaust að fylla út *Greinargerð um sjómannaafslátt RSK 3.13*, og skila með framtali sínu. Eyðublaðið er þrískipt. Fyrsti hlutinn er fyrir sjómenn á skipum sem eru 20 brúttótonn eða stærri. Annar hlutinn er fyrir sjómenn á skipum undir 20 brúttótonnum og þriðji hlutinn er fyrir hlutaráðna beitningarmenn.

Dagar til útreiknings sjómannaafsláttar

Dagar sem veita rétt til sjómannaafsláttar eru þeir dagar sem stunduð hafa verið sjómannsstörf á skipi, auk þeirra daga sem veita rétt til launa í veikindum samkvæmt kjarasamningi. Þessir dagar færast í dálk B í greinargerðinni.

Hver dagur reiknast til sjómannaafsláttar með margfeldinu 1,49. Ekki er þó hægt að fá sjómannaafslátt fyrir fleiri daga en ráðningartími hjá útgerð segir til um. Fjöldi ráðningardaga skal færa í dálk A.



Greinargerð um sjómannaafslátt

Fylgiskjal með skattframtali 2013

Nafn framteljanda **Árni Jónsson** Kennitala **070768-9999**

SKÝRINGAR

Sjómanna dagar A

Í dálk A skal færa fjölda daga á ráðningartíma. Til ráðningartímans skal telja orlof og aðra ónýtt frídaga sem gerðir eru upp við lok ráðningar.

Sjómanna dagar B

Í dálk B skal færa lögskráningardaga. Þeir dagar á ráðningartíma sem sjómaður getur ekki stundað vinnu vegna veikinda eða slysa, en tekur laun samkvæmt kjarasamningi, skulu einnig taldir hér.

Beitningarmenn

Hjá hlutaráðnum beitningarmönnum ákvarðast fjöldi daga til útreiknings sjómannaafsláttar með sama hætti og hjá öðrum mönnum í áhöfn skips.

Eigin útgerð

Sjómenn með eigin útgerð eiga að færa sem sjómanna laun heildartekjur af útgerðinni, þ.e. samanlagt reiknað endurgjald og hreinar tekjur af útgerð.

Hvað færast á framtal

Niðurstöðutölur af þessu blaði á að færa í **kafli 1.5 á skattframtali**. Annars vegar laun vegna sjómennsku og hins vegar sjómanna daga. Sá dagafjöldi sem færast á framtal er annað hvort (A) fjöldi daga á ráðningartíma eða (B) fjöldi lögskráningardaga margfaldaður með 1,49. Sú tala sem lægri er færast á framtalið.

Sjómenska á skipum 20 brúttótonn eða stærri

Kennitala útgerðar	Nafn og númer skips	Sjómanna laun	A	B
			Ráðningar-tími	Lögskráningar-dagar
556677-8899	Hafborg KK-55	218.850	30	17
556677-8899	Krían SS-77	116.712	16	11
Sjómanna laun færast í reit 317 á framtali og sjómanna dagar í reit 291			SAMTALS	
			335.562	46 28
			Sjómanna dagar B x 1,49	
				42

Sjómenska á skipum undir 20 brúttótonnum

Kennitala útgerðar	Nafn og númer skips	Sjómanna laun	A	B
			Ráðningar-tími	Lögskráningar-dagar
Sjómanna laun færast í reit 318 á framtali og sjómanna dagar í reit 292			SAMTALS	
			Sjómanna dagar B x 1,49	

Laun beitningarmanns sem er hlutaráðinn

Nafn og númer skips	Sjómanna laun	A	B
		Ráðningar-tími	Alm. vinnu-dagar
Laun hlutaráðs beitningarmanns færast í reit 317 á framtali og sjómanna dagar í reit 291		SAMTALS	
		Sjómanna dagar B x 1,49	

Athugasemdir

19.03.13

Dagsetning

Árni Jónsson

Undirskrift

RSK 3.13 11-1-2013 Ísafeld 1.000

Hjá hlutaráðnum beitningarmönnum skal miða við þá daga sem þeir voru ráðnir til slíkra starfa samkvæmt samningi um hlutaskipti.

Hjá mönnum á fiskiskipum undir 20 brúttótonnum er réttur til sjómannaafsláttar háður því að laun fyrir sjómennsku séu a.m.k. 30% af tekjuskattsstofni þeirra.

Sjómanna laun

Í dálkinn sjómanna laun færa launamenn þau laun sem þeir hafa fengið greidd fyrir sjómannsstörf. Þeir sem eru með eigin útgerð og stunda sjómennsku á eigin fari færa sem sjómanna laun reiknað endurgjald og hreinar tekjur af atvinnurekstri samanlagt.

Taktu eftir!

- Til að fá sjómannaafslátt þarf undantekningarlaust að fylla út **RSK 3.13** og skila með framtali.
- Nauðsynlegt er að færa niðurstöðutölur af eyðublaðinu í lið 1.5 á fyrstu síðu framtals.

Dagpeningar og frádráttur frá þeim

Frádráttur frá dagpeningum innanlands

Janúar - maí	Kr.
Gisting og fæði í einn sólarhring	20.800
Gisting í eina nótt	11.100
Fæði í heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	9.700
Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	4.850

Júní - september	Kr.
Gisting og fæði í einn sólarhring	27.700
Gisting í eina nótt	17.780
Fæði í heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	9.920
Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	4.960

Október - desember	Kr.
Gisting og fæði í einn sólarhring	22.070
Gisting í eina nótt	12.150
Fæði í heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	9.920
Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	4.960

Frádráttur frá dagpeningum erlendis

Almennir dagpeningar: SDR

Janúar – desember Gisting Annað

Flokkur 1 - Moskva, New York borg, Washington DC, Tókýó, Singapur	187	125
--	-----	-----

Flokkur 2 - Dublin, Japan (nema Tókýó), Istanbul, London, Lúxemborg, Seúl, Mexíkóborg	159	106
--	-----	-----

Flokkur 3 - Amsterdam, Aþena, Bandaríkin (nema New York borg og Washington DC), Barselóna, Brussel, Genf, Helsinki, Hong Kong, Kanada, Kaupmannahöfn, Osló, París, Madrid, Róm, Stokkhólmur, Vín	141	94
---	-----	----

Flokkur 4 - Annars staðar	125	83
--	-----	----

Vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:

Janúar – desember Gisting Annað

Flokkur 1 - Moskva, New York borg, Washington DC, Tókýó, Singapur	120	80
--	-----	----

Flokkur 2 - Dublin, Japan (nema Tókýó), Istanbul, London, Lúxemborg, Seúl, Mexíkóborg	102	67
--	-----	----

Flokkur 3 - Amsterdam, Aþena, Bandaríkin (nema New York borg og Washington DC), Barselóna, Brussel, Genf, Helsinki, Hong Kong, Kanada, Kaupmannahöfn, Osló, París, Madrid, Róm, Stokkhólmur, Vín	90	60
---	----	----

Flokkur 4 - Annars staðar	80	54
--	----	----

Athugið !

Þegar dagpeningar eru umreiknaðir í íslenskar krónur skal miða við sölugengi eins og það var í lok ferðar. Gengi má finna á www.sedlabanki.is



RÍKISSKATTSTJÓRI

Dagpeningar

Fylgiskjal með skattframtali 2013

Framteljandi

Nafn	Árni Jónsson	Kennitala	070768-9999
Heimili	Björtugötu 10	Sveitarfélag	119 Reykjavík

Heildarfjárhæð dagpeninga 2012, sem færa skal í lið 2.2 á skattframtali	kr.	358.205
---	-----	---------

Frádráttur vegna dagpeninga innanlands

Fengnir dagpeningar vegna ferða innanlands	kr.	134.720
--	-----	---------

Janúar – maí	Fyrir hvað er greitt/fjöldi daga	Leyfilegur frádráttur	Fjárhæð frádráttar
Gisting og fæði	Fjöldi sólarhringa	6	20.800 kr.
Gisting	Fjöldi gistinátta		11.100 kr.
Heilsdagsfæði	Dagafjöldi		9.700 kr.
Hálfsdagsfæði	Fjöldi hálfra daga		4.850 kr.
Júní - september	Fyrir hvað er greitt/fjöldi daga	Leyfilegur frádráttur	Fjárhæð frádráttar
Gisting og fæði	Fjöldi sólarhringa		27.700 kr.
Gisting	Fjöldi gistinátta		17.780 kr.
Heilsdagsfæði	Dagafjöldi		9.920 kr.
Hálfsdagsfæði	Fjöldi hálfra daga		4.960 kr.
Október - desember	Fyrir hvað er greitt/fjöldi daga	Leyfilegur frádráttur	Fjárhæð frádráttar
Gisting og fæði	Fjöldi sólarhringa		22.070 kr.
Gisting	Fjöldi gistinátta		12.150 kr.
Heilsdagsfæði	Dagafjöldi		9.920 kr.
Hálfsdagsfæði	Fjöldi hálfra daga	2	4.960 kr.
Frádráttur vegna dagpeninga innanlands sem færa skal í lið 2.6 á framtali			kr. 134.720

Upplýsingar um dagpeninga erlendis

1	2	3	4	5
Tímabil sem greitt er fyrir	Fjöldi ferðadaga	Dvalarstaður erlendis	Dagpeningar í isl. kr.	Frádráttur í isl. kr.
Júlí	5	Kaupmannahöfn	223.485	223.485

Á móti fengnum dagpeningum er heimilt að færa til frádráttar ferða- og dvalarkostnað sem launþegi hefur sannanlega greitt vegna ferða á vegum launagreiðanda. Frádrátturinn getur ekki orðið hærri en þær fjárhæðir sem ákvarðaðar eru í skattmáli (sjá töflu til hliðar) fyrir hvern ferðadag. Þá þurfa að liggja fyrir í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launþega, gögn um tilefni ferðar, fjölda dvalardaga og fjárhæð dagpeninga. Jafnframt þarf launþegi að geta lagt fram gögn um útlagðan kostnað sé þess óskað.

Séu dagpeningar erlendis greiddir fyrir fleiri en 30 daga samfelld á árinu lækkar frádrátturinn um 10 SDR fyrir hvern dag umfram 30 daga, sjá jafnframt reglur um dvöl erlendis hér á eftir. Þeir sem gera kröfu um frádrátt á móti dagpeningum þurfa undantekningarlaust að fylla út eyðublaðið *Dagpeningar RSK 3.11* og skila með framtali sínu. Frádráttur þessi getur aldrei verið hærri en fengnir dagpeningar. Frádráttur vegna dagpeninga innanlands og erlendis fær ist í lið 2.6 (alls 358.205 kr. samkvæmt dæminu hér að ofan eða 134.720 kr. + 223.485 kr.).

Dvöl erlendis

Almennir dagpeningar - þrjár vikur eða lengur

Sé dvalist skemur en þrjár vikur á sama stað skal draga frá fulla almenna dagpeninga. Sé dvalist þrjár vikur eða lengur á sama stað breytist leyfilegur frádráttur þannig að heimilt er að færa fulla dagpeninga til frádráttar fyrstu vikuna en eftir það lækkar fjárhæðin og verður sú sama og dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa.

Þjálfun, nám eða eftirlitsstörf í þrjú mánuði eða lengur

Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr

þremur mánuðum skal frádráttur á móti dagpeningum lækka um 25% þann tíma sem dvalist er erlendis umfram þrjú mánuði.

Vinna erlendis

Sé dvöl launþega erlendis vegna tímabundinna starfa þar á vegum íslensks launagreiðanda, eiga reglur um frádrátt á móti dagpeningum vegna ferðalaga ekki við. Honum er þá heimilt að draga frá sérgreindum greiðslum, sem hann kann að hafa fengið vegna upphalds í allt að 3 ár, fjárhæð sem hæst getur orðið 30 SDR á dag. Skiptir ekki máli í þessu sambandi þó launþegi komi í stuttar heimsóknir hingað til lands á umræddu tímabili.

Kaup og sala eigna

Peir sem kaupa og/eða selja íbúðarhúsnæði eða aðrar eignir sem ekki tengjast atvinnurekstri skulu gera grein fyrir því á eyðublaðinu *Kaup og sala eigna RSK 3.02*. Fylla þarf út eyðublaðið eins og form þess gefur til kynna, s.s. upplýsingar um kaupanda og seljanda, hvaða eign er verið að kaupa/selja og dagsetningu kaup-samnings.

Kaup á íbúðarhúsnæði

Sé um íbúðarkaup að ræða, þ.m.t. kaup á búseturétti, þarf að koma fram hvort húsnæðið sé til eigin nota. Með eigin notum er átt við að húsnæðið sé nýtt til íbúðar af eiganda þess sjálfum.

Ef sérstakar tímabundnar aðstæður, svo sem nám, veikindi eða atvinnuþarfir sem valda því að eigandi íbúðarhúsnæðis getur ekki sjálfur nýtt það til íbúðar, telst það samt sem áður vera til eigin nota. Með tímabundnum aðstæðum er átt við að eigandi íbúðarhúsnæðis geri líklegt að hann muni innan ákveðins tíma taka húsnæðið til eigin nota.


Sala eigna - söluhagnaður

Nauðsynlegt er að seljandi sýni útreikning söluhagnaðar eða sölutaps. Í athugasemdum þarf hann að gera grein fyrir skattalegri meðferð söluhagnaðar, þ.e.a.s. ósk um frestun skattlagningar eða dreifingu.

Söluhagnaður utan rekstrar telst til fjármagnstekna. Almennt er söluhagnaður eigna skattskyldur án tillits til þess hversu lengi seljandi hefur átt eignina. Á þessu eru þó eftirfarandi undantekningar:

- Hagnaður af sölu lausafjár sem ekki er notað í atvinnurekstri er skattfrjálst nema eignanna hafi verið aflað í þeim tilgangi að selja með hagnaði.
- Hagnaður manns af sölu íbúðarhúsnæðis er skattfrjálst hafi hann átt hina seldu eign í full tvö ár eða lengur og ef heildarúmmál íbúðarhúsnæðis í eigu seljanda á söluþegi er ekki meira en 600 m³ hjá einstaklingi eða 1200 m³ hjá hjónum.
- Hagnaður af sölu tiltekinna hlutabréfa sem keypt voru á árunum 1990-1996 að vissu hámarki, sbr. það sem fram kemur um „Sérstök hlutabréf“ á bls. 25.

Um söluhagnað og skattalega meðferð hans vegna sölu annarra eigna en íbúðarhúsnæðis, t.d. sumarbústaða eða lóða, vísast í hjálpartexta við vefframtalið og/eða skýringar á bakhlið eyðublaðsins *Kaup og sala eigna RSK 3.02*.


RÍKISSKATTSTJÓRI

Kaup og sala eigna
 sem ekki tengjast atvinnurekstri

Setjið X í viðeigandi reit eftir því hvort framteljandi er kaupandi eða seljandi Fylgiskjal með skattframtali árið 2013

<input type="checkbox"/>	Nafn kaupanda Sigrún Sigurðardóttir	Kennitala 010660-9999
	Heimili Björtugötu 100	Sveitarfélag 119 Reykjavík
<input checked="" type="checkbox"/>	Nafn seljanda Árni Jónsson	Kennitala 070768-9999
	Heimili Björtugötu 10	Sveitarfélag 119 Reykjavík

Upplýsingar um eignina

<p>Tegund eignar Merktu í viðeigandi reit til að tilgreina hvers konar eign var keypt/seld</p> <p><input checked="" type="checkbox"/> Íbúðarhúsnæði til eigin nota <input type="checkbox"/> Íbúðarhúsnæði, annað <input type="checkbox"/> Sumarbústaður</p>	<p><input type="checkbox"/> Lóð, b. e. g. <input type="checkbox"/> Blísku <input type="checkbox"/> Annað</p>
--	--

Staðsetning eignar
Kaupverð/söluverð

Fastanúmer eignar 1 3 5 8 1 9 5	Heiti/staðsetning eignar Skuggagata 10
Dags. kaupsamnings 1. feb. 2012	Afhendingardagur 1. sept. 2012
Kaupverð/söluverð 13.000.000	

Taktu eftir!

Um skil á lóðum sjá bls. 7,
lið 1.4. og bls. 12, lið 3.3

Útreikningur á söluhagnaði (aðeins seljandi fylli út)


<p>Söluhagnaður Ef hin seldu eign er íbúðarhúsnæði sem hafði verið í eigu seljanda í full 2 ár á söluþegi, þarf ekki að fylla þennan lið út. Sjá nánar um önnur skilyrði á bakhlið. Hafi eignin verið keypt fyrir 2001 þarf að framreikna kaupverð. Sjá skýringar og verðbreytingastaða á bakhlið.</p>	<p>Kaupár hinnar seldu eignar 2011</p> <table border="1" style="width: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr> <td style="width: 33%;">1 Söluverð 13.000.000</td> <td style="width: 33%;">2 Söluþagur 242.775</td> <td style="width: 33%;">3 Söluverð að frádregnum söluþagi + 12.757.225</td> </tr> <tr> <td>4 Kaupverð 10.000.000</td> <td>5 Verðbreytingastaðull (sjá bakhlið) x 1,0000</td> <td>6 Framreiknað kaupverð = 10.000.000</td> </tr> <tr> <td colspan="2"></td> <td>7 Söluhagnaður = 2.757.225</td> </tr> </table> <p><small>* Áður en kaupverð er fært í reit 4 skal draga frá því áður fenginn söluhagnaður, sbr. skýringar á bakhlið. Hafi framteljandi byggt hina seldu eign skal færa stofnþaginn samkvæmt húsbýggingarskýrslu í reit 4, að frádreginni skattfrjálsri eign vinnu.</small></p>	1 Söluverð 13.000.000	2 Söluþagur 242.775	3 Söluverð að frádregnum söluþagi + 12.757.225	4 Kaupverð 10.000.000	5 Verðbreytingastaðull (sjá bakhlið) x 1,0000	6 Framreiknað kaupverð = 10.000.000			7 Söluhagnaður = 2.757.225
1 Söluverð 13.000.000	2 Söluþagur 242.775	3 Söluverð að frádregnum söluþagi + 12.757.225								
4 Kaupverð 10.000.000	5 Verðbreytingastaðull (sjá bakhlið) x 1,0000	6 Framreiknað kaupverð = 10.000.000								
		7 Söluhagnaður = 2.757.225								

Athugasemdir varðandi skattalega meðferð söluhagnaðar (sjá skýringar á bakhlið)

Óska eftir að söluhagnaður verði færður til lækkunar á eigninni Björtugötu 10.
--

Athugið: Lán vegna kaupna á íbúðarhúsnæði til eigin nota, bæði ný og yfirtekin, skal færa í lið 5.2 í skuldakafla framtals, en lán vegna kaupna á öðrum eignum í lið 5.5

19.3.2013
(Dagsetning)


(Undirskrift)

Útreikningur söluhagnaðar á íbúðarhúsnæði

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis í eigu manns er mismunur söluverðs, þegar söluþagur hefur verið dreginn frá, og stofnverðs, þ.e. kostnaður- eða kaupverðs. Sjá nánari skýringar í hjálpartexta við vefframtalið og/eða á bakhlið eyðublaða *RSK 3.02* og *RSK 3.03*.

Frestun um tvenn áramót

Ef íbúðarhúsnæði eða búseturéttur er seldur og seljandi hefur ekki átt íbúðina/búseturéttinn í full tvö ár er söluhagnaðurinn skattskyldur. Hafi hann keypt eða hafið byggingu íbúðarhúsnæðis á árinu getur hann óskað eftir að söluhagnaðurinn verði færður til lækkunar á stofnverði þess. Þetta

á við um íbúðarhúsnæði hér á landi, á EES svæðinu, í aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu og í Færeyjum. Hafi ekki verið keypt eða hafin bygging á öðru íbúðarhúsnæði er hægt að óska eftir frestun á skattlagningu söluhagnaðar um tvenn áramót frá söluþegi. Sé keypt eða hafin bygging á nýju íbúðarhúsnæði, í síðasta lagi á öðru ári eftir söluár, er söluhagnaðurinn ekki skattlagður en færirst til lækkunar á stofnverði nýrrar íbúðar. Sé stofnverð nýju eignarinnar lægra en sem nemur fjárhæð söluhagnaðar færirst mismunur sem fjármagnstekjur á kaupári nýju eignarinnar. Ef eignar er ekki aflað innan tilskilins tíma færirst söluhagnaðurinn með skattskyldum fjármagnstekjum á öðru ári eftir að hann myndaðist.

Dreifing söluhagnaðar

Ef hluti söluandvirðis er greiddur með skuldabréfi til minnst þriggja ára er heimilt að dreifa þeim hluta söluhagnaðarins sem svarar til hlutdeildar skuldabréfanna í heildarsöluverði til skattlagningar á afborgunartíma bréfanna, þó að hámarki sjö ár. Til skuldaviðurkenningar í þessu sambandi teljast ekki þær skuldir sem hvíla á hinni seldu eign og kaupandi tekur að sér að greiða. Heimild til dreifingar fellur niður ef skuldaviðurkenning er seld.

Vefútgáfan af RSK 3.02

Eyðublaðið *Kaup og sala eigna RSK 3.02* er birt sem tvö aðskilin eyðublöð í blaðaskrá vefframfalsins. Annars vegar *RSK 3.02 Eignakaup* og hins vegar *RSK 3.02 Sala eigna*. Þótt útfyllingin sé í grundvallaratriðum eins er formið á vefnum einfaldara í notkun.

Upplýsingar um fasteignaviðskipti frá Þjóðskrár Íslands eru áritaðar á *RSK 3.02*

RSK 3.02 Eignakaup

Á eyðublaðinu er tilgreint hvers konar eign er keypt með því að merkja við hvort um er að ræða íbúðarhúsnæði til eigin nota, sumarhús, bílskúr eða aðrar eignir. Ekki þarf að gera frekari grein fyrir því í athugasemdum. Ef keypt er íbúðarhúsnæði sem ekki er til eigin nota skal merkja við „Annað, hvað?“ og skrá „íbúðarkaup“ í textasvæðið. Sjá skýringar um eigin not í kaflanum **Kaup á íbúðarhúsnæði** á blaðsíðu 22.

RSK 3.02 Sala eigna

Upplýsingar um eignina eru fylltar út eins og á pappírforminu. Eftir það þarf aðeins að velja kaupár eignar. Verðbreytingarstuðlar eru innbyggðir og útreikningur söluhagnaðar sjálfvirkur. Með einföldum hætti er merkt við hvers konar eign var seld og hvernig söluhagnaði skuli ráðstafað. Skattfrjáls hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis fer í reitinn „Skattfrjáls söluhagnaður“ en flyst ekki á framtal. Skattskyldur hagnaður, t.d. af sölu sumarbústaðar, flyst sjálfkrafa í lið 3.9 á þriðju síðu framtals. Nánari skýringar er að finna í hjálpartextum eyðublaðsins.

Húsbýggingarskýrsla

Á *Húsbýggingarskýrslu RSK 3.03* skal gera grein fyrir byggingu, viðbyggingu, breytingum og endurbótum á fasteignum. Sundurliða þarf kostnað sem til hefur fallið á árinu. Gera skal grein fyrir eigin vinnu við húsbýgginguna á eyðublaðinu svo og gjafavinnu og skiptivinnu.

Eigin vinnu við íbúðarhúsnæði til eigin nota skal færa í lið 4 eins og eyðublaðið gerir ráð fyrir. Í þann lið færast enn fremur hvers konar gjafavinna og skiptivinna. Samtala úr lið 4b færast í ótölusettan reit í lið 2.3 á framtali.

Á bakhlíð eyðublaðsins koma fram nánari skýringar. Fjárhæðir sem hafa skal til viðmiðunar við mat á eigin vinnu eru sem hér segir:

Vinna ófaglærðs manns

við eigin íbúð

pr. klst. 1.200 kr.

Vinna faglærðs manns

við eigin íbúð

pr. klst. 1.681 kr.



RÍKISSKATTSTJÓRI

Húsbýggingarskýrsla

Fylgiskjal með skattframtali 2013

Nafn Árni Jónsson	Kennitala 070768-9999
Heimili Björtugötu 10	Sveitarfélag 119 Reykjavík

Upplýsingar um fasteign

Staðsetning eignar Björtugötu 10	Byggingarstig / árslok (sjá skýringar) Fullgert	Tegund byggingar <input checked="" type="checkbox"/> Íbúðarhúsnæði til eigin nota <input type="checkbox"/> Sumarbústaður <input type="checkbox"/> Annað, hvað	<input type="checkbox"/> Íbúðarhúsnæði annað <input type="checkbox"/> Atvinnuhúsnæði
Fastanúmer eignar 135-7891	Bygging hófst eða hvenær keypt 2011	Byggingu lauk 2012	Eignarhlutfall framfelaðanda 100 % 180 m ² 450 m ³

setjið X í viðeigandi reit

 Sérskýrsla eins eiganda Sameiginleg skýrsla margra eiganda**Sundurliðun kostnaðar ársins**

1 Kaupverð lóðar eða húsnæðis í smíðum				+
2 Aðkeypt vinna og þjónusta samkvæmt innsendum launamiðum				
Trésmíði	kr.	598.608	Raflagnir	kr. 405.496
Múrverk	kr.		Málun	kr. 246.305
Pípulagnir	kr.		Teikningar	kr.
Annað, hvað?	kr.			
				+ 1.250.409
3 Keypt byggingarefni og annar kostnaður				
Steypa, timbur, gler, þakefni o.þ.h.	kr.	1.427.501		
Hurðir, gluggar, hreinlætistæki og innréttingar	kr.	3.060.216		
Annar byggingarkostnaður, hvaða?	kr.			+ 4.487.717
4 Eigin vinna og gjafavinna (sjá skýringar á bakhlíð)				
4a Aukavinna við eigin íbúð				
Fjöldi klst.	535	@ 1.200	kr.	642.000
Fjöldi klst.		@	kr.	+ 642.000
4b Önnur eigin vinna og gjafavinna				
Fjöldi klst.	46	@ 1.681	kr.	77.326
Fjöldi klst.		@	kr.	+ 77.326
5 Endurgreiðsla virðisaukaskatts				- 254.067
6 Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði með öðrum (sjá skýringar á bakhlíð)				+
BYGGINGARKOSTNAÐUR ALLS Á ÁRINU (SAMTALA ÚR LIÐUM 1-6)				= 6.203.385
7 Heildarkostnaður frá fyrra ári				+ 12.525.235
8 Lækkun vegna söluhagnaðar				- 2.757.225
STOFNKOSTNAÐUR SAMTALS				= 15.971.395

Ef fasteignamat húss og lóðar liggur fyrir skal færa það í tölu lið 4.1 á framtali, annars skal það fært til eignar á kostnaðarverði (sjá nánari skýringar á bakhlíð).

Hlutabréfaeign - kaup og sala

Á eyðublaðinu RSK 3.19 skal gera grein fyrir hlutabréfaeign í hlutafélögum, hlutum í einkahlutafélögum, stofnfjárbréfum í sparisjóðum og samvinnuhlutabréfum. Gera skal grein fyrir allri hlutabréfaeign í upphafi ársins ásamt hlutabréfakaupum og hlutabréfasölu og öðrum breytingum sem urðu á árinu. Sem dæmi um aðrar breytingar má nefna fengin jöfnunarhlutabréf og hlutabréf látin af hendi og önnur fengin í staðinn í tengslum við sameiningu félaga. Á eyðublaðinu skal einnig gera grein fyrir arði og staðgreiðslu af arði. Eyðublaðið skal ætíð fylgja með framtali hafi framteljandi átt hlutabréf einhvern tímann á árinu. Á eyðublaðinu er haldið utan um kaupverð hlutabréfa og útreikningur á söluhagnaði þar með gerður auðveldari.

hlutabréf sem keypt voru á árunum 1990 til 1996 og kaupin veittu rétt til frádráttar frá tekjuskattstofni.

Ef skrá þarf inn á eyðublaðið hlutabréf í félagi sem ekki er á eyðublaðinu er kennitala skráð inn í fyrsta reitinn í auðri línu og smellt á hnappinn >>. Ef félagið er erlent er engin kennitala skráð en smellt beint á hnappinn >>. Ef leiðrétta þarf eða bæta inn upplýsingum um hlutabréf í félagi sem er á eyðublaðinu er smellt á hnappinn >>. Upplýsingar um kaup, sölu og arð eru færðar inn í þar til gerðar skráningarmyndir sem eru í 3 eða 4 þrepum eftir atvikum. Farið er á milli skráningarmynda með því að smella á hnappana „Áfram“ eða „Til baka“.

Aðeins þarf að skrá inn kaupverð hlutabréfa einu sinni. Það mun síðan verða áritað á eyðublaðið á næsta ári. Ef breytingar verða á hlutabréfaeign, svo sem með kaupum eða sölu, þarf að gera grein fyrir þeim í viðkomandi skráningarmynd.

Söluhagnaður/sölutap

Hagnaður eða tap á sölu hlutabréfa telst mismunur á söluverði og kaupverði. Tap af sölu hlutabréfa er heimilt að draga frá hagnaði af sölu annarra hlutabréfa á sama ári. Tap á hlutabréfum vegna gjaldþrots má ekki draga frá hagnaði. Söluhagnaður færist í reit 164 í lið 3.8 á framtali. Sölutap færist ekki á framtal.

Skráning hlutabréfa inn á eyðublaðið í vefskilum

Áritað er inn á eyðublaðið hlutabréfaeign í upphafi árs skv. árslokastöðu hlutabréfaeignar á framtali fyrra árs. Jafnframt er arður og staðgreiðsla af arði áritað inn á blaðið skv. innsendum hlutafjármiðum. Áritaðar eru upplýsingar um nafn, kennitölu, arð og staðgreiðslu af arði. Nafnverð hlutabréfa eins og það var í árslok 2011 er áritað sem nafnverð hlutabréfa í ársbyrjun 2012. Hafi nafnverð verið annað í ársbyrjun skal áritun leiðrétt og þær breytingar sem urðu á nafnverði á árinu færðar í þrep 2 og 3.

Á eyðublaðinu er hlutabréfum skipt í þrjá flokka, almenn hlutabréf, sérstök hlutabréf og erlend hlutabréf. Sérstök hlutabréf eru

Skráningarmynd fyrir kaup á hlutabréfum

Þrep 2 af 4

Hlutabréfakaup og aðrar breytingar til hækkunar á árinu 2012

Kennitala félags
 Nafn félags

Hlutabréf keypt í félaginu á árinu 2012

Dagsetning	Kennitala seljanda	Nafnverð	Kaupverð
<input type="text" value="1.4.2012"/>	<input type="text" value="4602710189"/>	<input type="text" value="100.000"/>	<input type="text" value="395.000"/>
<input type="button" value="Ný lína"/> Nafnverð og kaupverð færast í dálka 5 og 6 á RSK 3.19			

Aðrar breytingar til hækkunar á árinu 2012

Hvaða breyting?	Kennitala	Hækkun nafnverðs	Hækkun kaupverðs
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
<input type="button" value="Ný lína"/> Breytingar færast sjálfkrafa dálka 7 og 8 á RSK 3.19			

Þrep 2 af 4

Farið er inn í skráningarmyndir með því að smella á þennan hnapp.

Almennar upplýsingar		Hlutabréfaeign í upphafi árs		Kaup		Breyting	
1 Kennitala hlutafélags	2 Nafn hlutafélags	3 Nafnverð	4 Stofnverð (kaupverð)	5 Nafnverð keyptrá hlutabréfa	6 Kaupverð	7 Breyting á nafnverði	8 Breyting á kaupverði
410169-1239 >>	H & L hf.	100.000	100.000	0	0	0	0
421273-0429 >>	Frelsi hf.	630.000	1.603.929	0	0	0	0
430185-0589 >>	Fjörefnafóður hf.	0	0	50.000	290.000	0	0
411199-1239 >>	Kerti og spil hf.	0	0	100.000	395.000	0	0
<input type="button" value="Ný lína"/> Samtals		730.000	1.703.929	150.000	685.000	0	0

Kaupverð hlutabréfa sem keypt hafa verið á undirverði

Hafi starfsmaður hlutafélags keypt hlutabréf í félaginu á undirverði, þ.e. verði sem er lægra en markaðsverð, telst mismunur á kaupverði og markaðsverði til hlunninda. Hann færast í kafla 2.2 á framtali, en markaðsverðið telst kaupverð og færast í dálk 6 á eyðublaðinu RSK 3.19. Þegar þessi hlutabréf eru seld færast þannig ákvarðað kaupverð, þ.e. markaðsverð eins og það var á kaupdegi, í dálk 11.

Keypt hlutabréf samkvæmt kaupréttarsamningi

Hafi starfsmaður gert kaupréttarsamning við félagið sem hann starfar hjá gilda almennt sérreglur um skattlagningu söluhagnaðar. Kaupverðið færast í dálk 6 á eyðublaðinu RSK 3.19. Skattlagning kemur fyrst til við sölu bréfanna ef um söluhagnað er að ræða og fer þá eftir almennum reglum um söluhagnað hlutabréfa. Til að falla undir þessa tegund skattlagningar þurfa bæði hlutafélagið og starfsmaðurinn að uppfylla ákveðin skilyrði, m.a. þarf hlutafélagið að hafa fengið staðfesta kaupréttaráætlun hjá ríkisskattstjóra.

Kaupverð hlutabréfa við samruna félaga

Kaupverð hlutabréfa, sem framteljandi hefur eignast við samruna hlutafélaga skv. 51. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, skal ákvarðast jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa sem hann lét af hendi.

Meðalkaupverð

Þegar ákvarða skal hagnað af sölu hlutabréfa skal kaupverð hvers hlutabréfs teljast jafnt meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda.

Sérstök hlutabréf

Sérstök hlutabréf teljast hlutabréf sem voru keypt á árunum 1990-1996 og veittu rétt til skattafrádráttar. Hagnaður af sölu þessara bréfa er skattfrjáls að hámarki 367.625 kr. hjá einstaklingi og 735.250 kr. hjá hjónum.

Erlend hlutabréf

Hlutabréf í erlendum félögum færast á eyðublaðið eins og form þess gefur tilefni til. Í stað kennitölu skal færa heimaland félagsins. Um sölu á erlendum hlutabréfum gilda sömu reglur og um íslensk hlutabréf hvað varðar söluverð, kaupverð bréfa sem keypt voru 1997 og síðar og framreikning kaupverðs á bréfum sem keypt voru 1996 eða fyrr. Ekki er til jöfnunarverðmæti fyrir

erlend hlutafélag. Kaupverð hlutabréfa miðast við kaupgengi eins og það var þegar bréfin voru keypt.

VERÐLAUS HLUTABRÉF - félög í skiptameðferð

Hlutabréf í nokkrum stórum almenningshlutafélögum teljast verðlaus þótt félögum hafi ekki formlega verið slitið, m.a. hlutabréf í öllum gömlu viðskiptaböndunum og stofnfjárbréf í stærstu sparisjóðunum. Í vefútgáfu framtalsins færast þessi bréf sjálfkrafa á verðinu 0 í kafla 3.5 á framtali þótt nafnverð og kaupverð séu skráð á eyðublaðið RSK 3.19.

Skráningarmynd fyrir sölu á hlutabréfum

Prep 3 af 4

Sala hlutabréfa og aðrar breytingar til lækkunar á árinu 2012

Kennitala félags

Nafn félags

Hlutabréf seld í félaginu á árinu 2012

Dagsetning	Kennitala kaupanda	Nafnverð	Söluverð
<input type="text" value="1.11.2012"/>	<input type="text" value="4602710189"/>	<input type="text" value="100.000"/>	<input type="text" value="560.000"/>
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>

[Ný lína](#) Nafnverð og söluverð færast í dálka 9 og 10 á RSK 3.19

Aðrar breytingar til lækkunar á árinu 2012

Hvaða breyting?	Kennitala	Lækkun nafnverðs	Lækkun kaupverðs
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>

[Ný lína](#) Breytingar færast sjálfkrafa dálka 7 og 8 á RSK 3.19

Prep 3 af 4

Ef ekki er um að ræða sölu hlutabréfa eða aðrar breytingar til lækkunar í þessu félagi á árinu, þarf **ekki** að fylla þennan kafla út.

[Áfram](#) [Til baka](#)

[Prenta blað](#)

Breyting verði	Sala				Arður og staðgreiðsla		Hlutabréfaeign í árslok	
	9 Söluverð	10 Nafnverð seldra hlutabréfa	11 Stofnverð seldra hlutabréfa	12 Söluhagnaður/ sölutap	13 Arður	14 Staðgreiðsla af arði	15 Nafnverð	16 Kaupverð (stofnverð)
0	0	0	0	0	10.000	2.000	100.000	100.000
0	1.197.000	210.000	534.643	662.357	0	0	420.000	1.069.286
0	0	0	0	0	50.000	10.000	50.000	290.000
0	560.000	100.000	395.000	165.000	0	0	0	0
0	1.757.000	310.000	929.643	827.357	60.000	12.000	570.000	1.459.286

Sala/innlausn verðbréfa

Þeir sem seldu eða innleystu verðbréf á árinu 2012 skulu gera grein fyrir því á eyðublaðinu *Sala/innlausn verðbréfa RSK 3.15*. Fylla þarf út eyðublaðið eins og form þess segir til um; upplýsingar um kaupanda og seljanda, hvaða bréf er verið að selja, kaupdag, sölundag, stofnverð og sölu- eða innlausnarverð.

Fjárhæðir vaxtatekna og staðgreiðslu af þeim skv. eyðublaðinu skal færa í reiti 36 og 302 í lið 3.3 á skattframtali. Þetta gerist sjálfkrafa í vefframtali.

Vextir, verðbætur og afföll, svo og gengishagnaður af kröfum í erlendri mynt og gengishækkun hlutdeildarskírteina mynda stofn til fjármagnstekjuskatts. Í skýringum á eyðublaði *RSK 3.15* er stofnverð verðbréfa skilgreint og útskýrt nánar hvernig það er fundið út. Á bakhlíð eyðublaðsins er tafla yfir verðmæti markaðsverðbréfa 1. janúar 1997 sem nota skal til útreiknings á vaxtatekjum af verðbréfum sem voru í eigu framteljanda fyrir 1. janúar 1997.

- Ef selt/innleyst er verðbréf sem framteljandi eignaðist fyrir 1. janúar 1997 verður að finna stofnverð bréfsins 1. janúar 1997 þar sem vaxtatekjur sem til féllu fyrir þann tíma eru ekki skattlagðar. Vaxtatekjur ársins eru fundnar með því að draga stofnverðið frá söluverðinu. Söluþóknar má draga frá söluverði.
- Ef selt/innleyst er verðbréf sem framteljandi eignaðist eftir 1. janúar 1997 eru

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI		Sala/innlausn verðbréfa	
Framteljandi		Fylgiskjal með skattframtali árið2013	
Nafn	Árni Jónsson	Kennitala	070768-9999
Nafn		Kennitala	
Hvaða bréf var selt? Tegund bréfs eða nafn sjóðs	Skuldabréf	1 Áður fenginir vextir á árinu	+
Hvenær selt?	1. 12. 2012	2 Söluverð að frádreginni söluþóknun	+ 724.500
Hvenær keypt?	1. 2. 2012	3 Stofnverð	- 682.000
Hvaða bréf var selt? Tegund bréfs eða nafn sjóðs	Verðbréfasöluinni hf.	4 Staðgreiðsla af vaxtatekjum ársins	+ 8.500
Hvenær selt?	Hverjum	5 Vaxtatekjur færast á framtal	= 42.500
Hvenær keypt?	Af hverjum		
Hvaða bréf var selt? Tegund bréfs eða nafn sjóðs	Birni Björnssyni	1 Áður fenginir vextir á árinu	+
Hvenær selt?	Hverjum	2 Söluverð að frádreginni söluþóknun	+
Hvenær keypt?	Af hverjum	3 Stofnverð	-
Hvaða bréf var selt? Tegund bréfs eða nafn sjóðs		4 Staðgreiðsla af vaxtatekjum ársins	+
Hvenær selt?	Hverjum	5 Vaxtatekjur færast á framtal	=
Hvenær keypt?	Af hverjum		
Hvaða bréf var selt? Tegund bréfs eða nafn sjóðs		1 Áður fenginir vextir á árinu	+

Spariskírteini ríkissjóðs og önnur verðbréf með einum gjalddaga (kúlubréf)			
Hvaða bréf var selt? Tegund bréfs eða nafn sjóðs	Sparibréf	1 Áður fenginir vextir á árinu	+ 0
Hvenær selt?	20.12.2012	2 Söluverð að frádreginni söluþóknun	+ 1.116.800
Hvenær keypt?	10.2.2004	3 Stofnverð	- 585.000
Hvaða bréf var selt? Tegund bréfs eða nafn sjóðs	Nýja banka	4 Staðgreiðsla af vaxtatekjum ársins	+ 106.360
Hvenær selt?	Hverjum	5 Vaxtatekjur samtals færast á framtal	= 531.800
Hvenær keypt?	Af hverjum		
Hvaða bréf var selt? Tegund bréfs eða nafn sjóðs	Gamla banka	6 Par af vaxtatekjum í 10% þrepi	231.838
Hvenær selt?	Hverjum	7 Par af vaxtatekjum í 15% þrepi	29.821
Hvenær keypt?	Af hverjum	8 Par af vaxtatekjum í 18% þrepi	63.816
Hvaða bréf var selt? Tegund bréfs eða nafn sjóðs		1 Áður fenginir vextir á árinu	+

vaxtatekjur fundnar með því að draga kaupverðið frá söluverðinu. Söluþóknar má draga frá söluverði.

Hafi seljandi verið búinn að fá afborganir af bréfinu á árinu 2012 skal færa þær vaxtatekjur sem þá fengust greiddar í reit 1 á eyðublaðinu.

Spariskírteini ríkissjóðs og önnur kúlubréf

Hafi framteljandi selt/innleyst verðbréf, sem eru aðeins með einum gjalddaga í lok

lánstíma, svo sem spariskírteini ríkissjóðs og önnur kúlubréf, getur þurft að skipta vaxtatekjum á fleiri en eitt skattþrep. Þetta á við um bréf sem seljandi eignaðist 2010 eða fyrr, þannig að hluti vaxtateknanna féll til meðan skattur á fjármagnstekjur var 10%, 15% eða 18%.

Í vefframtali er þessi sundurliðun yfirleitt árituð á eyðublaðið. Vaxtatekjur samtals færast í reit 5. Stofn vegna vaxtatekna í öðrum skattþrepum kemur fram í samtölureitum neðst á eyðublaðinu RSK 3.15.

Útreikningur vaxtatekna og útfylling RSK 3.15

Dæmi 1

Árni keypti skuldabréf af Birni Björnssyni á 682.000 kr. þann 1. febrúar 2012. Hann seldi Verðbréfasöluinni hf. skuldabréfið á 725.000 kr. þann 1. desember 2012 og greiddi 500 krónur í söluþóknun.

Söluverðið að frádreginni söluþóknun, eða 724.500 kr., færast í reit 2 og kaupverðið, 682.000 kr., í reit 3. Mismunurinn, 42.500 kr. eru vaxtatekjur Árna af bréfinu og færast í reit 5. Verðbréfasalan hf. hélt eftir 20% af vaxtatekjunum vegna staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, eða 8.500 kr. og færast sú fjárhæð í reit 4.

Dæmi 2

Í lok árs 2012 innleysti Árni verðbréf með einum gjalddaga (kúlubréf), sem hann keypti í ársbyrjun 2004, en bréfið var verðtryggt

og bar 3% vexti. Nafnverð bréfsins var 650.000 krónur en hann keypti það með 10% afföllum og greiddi fyrir það 585.000 krónur. Innlausnarverðið, að frádreginni söluþóknun, var 1.116.800 kr.

Vaxtatekjur af bréfinu eru mismunur á söluverði og kaupverði og námu þær 531.800 krónum, sem færast í reit 5. Þar sem hluti vaxtateknanna féll til meðan annað skatthlutfall var í gildi þarf að tilgreina þann hluta vaxtateknanna sem tilheyrir öðrum þrepum í reitum 6, 7 og 8, en hjá flestum er þessi skipting árituð á vefframtal. Affallatekjur eru hlutfallaðar eftir dagafjölda.

Þannig færast 231.838 kr. í reit 6, 29.821 kr. í reit 7 og 63.816 kr. í reit 8. Flutningur á framtal er sjálfvirkur í vefframtali. Fjárhæðir sem tilheyra 10%, 15% og 18% skattþrepi eru ekki fluttar á framtal, en stofnar vegna þessara skattþrepa koma fram í samtölureitum neðst á eyðublaði RSK 3.15.

Umsókn um lækkun - ívilnun

Heimild til lækkunar

Í skattalögum er að finna heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni við tilteknar aðstæður. Umsókn um lækkun ber að skila með skattframtali, á eyðublaði RSK 3.05. Á því koma fram upplýsingar um hvaða gögn þurfa að fylgja umsókn. Skilyrði fyrir lækkun er m.a. að lögð séu fram nauðsynleg gögn sem sýna fram á útlagðan kostnað.

Lækkun á tekjuskatts- og útsvarstofni er heimil þegar þannig er ástatt:

Veikindi, slys, ellihörleiki eða mannslát

Ef veikindi, slys, ellihörleiki eða mannslát hafa í för með sér verulega skert gjaldþol. Fyrst og fremst kemur til álita að lækka skattstofna skv. þessum lið ef til hefur fallið óbættur kostnaður sem framteljandi hefur greitt sjálfur og er umfram það sem telst venjulegur kostnaður, t.d. vegna lyfja og læknishjálpar.

Einnig er heimilt að lækka auðlegðarskattstofn af þessum sömu orsökum.

Veikindi/fötln barns

Ef maður hefur á framfæri sínu barn sem haldið er langvinnu sjúkdómi eða fötln sem hefur í för með sér veruleg óbætt útgjöld umfram venjulegan framfærslu-kostnað sem greidd eru af framfærendum.

Framfærsla vandamanna

Ef maður hefur foreldra eða aðra vanda-menn á framfæri sínu, enda geti þeir ekki sjálfir staðið undir framfærslu sinni. Við mat á ívilnun vegna framfærslu ungmennis á aldrinum 16-21 árs sem ekki stundar nám, en vegna atvinnuleysis eða af öðrum ástæðum er það tekjulágt að það getur ekki staðið undir eigin framfærslu, er miðað við hámarks-ívilnun 330.000 kr. við álagningu 2013. Hafi ungmennið tekjur skerðist ívilnunin sem nemur þriðjungi af tekjum þess.

Um ívilnun vegna ungmenna í námi sjá bls. 7.

Ef um er að ræða sérstök aukaútgjöld vegna náms barna, eins og t.d. skólagjöld eða ferðakostnað umfram það sem venju-legt er nægir þó ekki að fylla út umsókn í lið 1.3 á framtali, heldur þarf að gera grein fyrir þessum kostnaði í umsókn RSK 3.05 og láta viðeigandi gögn fylgja.

Eignatjón

Hafi maður orðið fyrir verulegu eignatjóni sem hann hefur ekki fengið bætt. Með



RÍKISSKATTSTJÓRI

Umsókn um lækkun

Ríkisskattstjóra er heimilt að taka til greina umsókn manns um lækkun stofns til tekjuskatts ef veikindi, mannslát, framfærsla vandamanns, menntunarkostnaður barna, eignatjón eða tap á útistandandi kröfum hafa skert gjaldþol framteljanda verulega á tekjuárinu, sbr. 65. gr. laga nr. 90/2003.

Fylgiskjal með skattframtali árið _____

Heimilt er að lækka stofn til auðlegðarskatts ef veikindi eða mannslát hafa skert gjaldþol framteljanda verulega, sbr. f-liður bráðabirgðákvæðis XXXIII í sömu lögum.

Nafn umsækjanda	Kennitala
Heimili	Sveitarfélag

Merkið x í viðeigandi reit eftir því hver er ástæða umsóknar og gefið í greinargerð á baksíðu eyðublaðsins þær upplýsingar sem beðið er um í hverju tilviki svo og aðrar þær upplýsingar sem þykja skipta máli. Nauðsynlegt er að umbeðin gögn fylgi umsókninni.

Umsókn um lækkun á tekjuskattsstofni:

- Vegna mannsláts.**
- Nafn og kennitala hins látna og andlátsdagur.
 - Áætlaðar tekjur, bætur og styrkir umsækjanda á tekjuári.
- Vegna veikinda, slysa eða ellihörleika.**
- Útgjöld umfram venjulegan kostnað og í hverju fölgín. Gögn um kostnað fylgi.
 - Málsatvik varðandi veikindi eða slys og hve lengi má ætla að afleiðingar þeirra vari.
 - Áætlaðar tekjur, bætur og styrkir umsækjanda á tekjuári.
 - Læknisvottorð fylgi.
- Vegna barns sem haldið er langvinnu sjúkdómi eða er fatlað og er á framfæri umsækjanda.**
- Nafn barns, kennitala og dvalarstaður.
 - Útgjöld umfram venjulegan framfærslukostnað og í hverju fölgín. Gögn um kostnað fylgi.
 - Bætur og styrkir vegna barnsins á tekjuári.
 - Læknisvottorð fylgi eða staðfesting stofnunar þar sem barnið dvelur.
- Vegna foreldra eða annarra vandamanna á framfæri umsækjanda.**
- Nafn, kennitala og lögheimili vandamanns.
 - Útgjöld af þessum ástæðum og í hverju þau eru fölgín. Gögn um kostnað fylgi.
 - Tekjur, bætur og styrkir vandamanns á síðasta ári.
 - Greiðslur sem umsækjandi fær til framfærslu vandamanns.
- Vegna útgjalda vegna menntunar barna umsækjanda, 16 ára og eldri.**
- Nota skal umsókn á forsiðu framtals. Ef umsækjandi óskar eftir ívilnun vegna útgjalda vegna menntunar barna á sérstökum ástæðum skal einnig óska eftir lækkun hér. Fram þurfa að koma:
- Upplýsingar um aukinn kostnað, s.s. vegna skólagjalda og ferðakostnaðar.
 - Gögn til staðfestingar á kostnaði.
- Vegna eignatjóns sem umsækjandi hefur orðið fyrir.**
- Tegund eignar og eignartími.
 - Hvaða tjón varð á eigninni og hvenær það varð.
 - Heildarskaði af völdum tjónsins og fjárhæð tjónabóta. Gögn um kostnað fylgi.
- Vegna tapa á útistandandi kröfum sem ekki stafa af atvinnurekstri.**
- Hvenær lánið var veitt eða í ábyrgð gengið og af hvaða ástæðum.
 - Nafn lántakanda, kennitala og lögheimili.
 - Leggja þarf fram vottorð og gögn sem staðfesta að útlán sé tapað eða ábyrgð fallin án möguleika til endurkröfu.

Umsókn um lækkun á stofni til auðlegðarskatts:

- Vegna mannsláts.**
- Nafn og kennitala hins látna og andlátsdagur.
 - Áætlaðar tekjur, bætur og styrkir umsækjanda á tekjuári.
- Vegna veikinda, slysa eða ellihörleika.**
- Útgjöld umfram venjulegan kostnað og í hverju fölgín. Gögn um kostnað fylgi.
 - Málsatvik varðandi veikindi eða slys og hve lengi má ætla að afleiðingar þeirra vari.
 - Áætlaðar tekjur, bætur og styrkir umsækjanda á tekjuári.
 - Læknisvottorð fylgi.

RSK 3.05 13.2.2012 Oðdi 3.000

verulegu eignatjóni er hér átt við að fjárhagslegar afleiðingar tjóns, sem verður á eignum manns, skerði gjaldþol hans. Ívilnun kemur ekki til álita ef mögulegt er að fá tjónið bætt úr hendi annars aðila.

Tapaðar kröfur

Hafi gjaldþol manns skerst verulega vegna tapa á útistandandi kröfum sem ekki tengjast atvinnurekstri hans. Þetta gildir m.a. um ábyrgðir sem fallið hafa á framteljanda til greiðslu án möguleika til endurkröfu.

Taktu eftir!

Rafrænt umsóknareyðublað RSK 3.05 er mun ítarlegra en á pappír. Eindregið er mælt með að nota það við umsókn um ívilnun.

Vistun í heimahúsum

Eftirfarandi reglur gilda um tekjur fyrir vistun í heimahúsum og frádrátt frá þeim. Hér er aðallega átt við vistun hjá dagforeldrum, sumardvöl barna í sveit, fósturbörn, stuðningsfjölskyldur barna og vistun aldraðra eða öryrkja.

1. Dagvistun barna

Greiðslur fyrir dagvistun barna á að gera upp sem rekstrartekjur. Til frádráttar þessum tekjum má færa sannanlegan kostnað sem færa skal á rekstrarreikning RSK 4.10 eða 4.11 eftir umfangi rekstrarins. Í stað þess að sundurliða kostnað á rekstrarreikningi er heimilt að færa hámarksfrádrátt samkvæmt mati ríkisskattstjóra sem hér segir:

Frádráttur á móti tekjum af fæðissölu í stað sannanlegs fæðiskostnaðar fyrir börn:

- 175 kr. fyrir hvern seldan morgunverð eða síðdegishressingu, en 12 ára og eldri 235 kr.
- 350 kr. fyrir hvern seldan hádegis- eða kvöldverð, en 12 ára og eldri 470 kr.

Frádráttur má þó aldrei nema hærri fjárhæð en innheimt var fyrir sölu fæðis samkvæmt gjaldskrá.

Sem frádrátt í stað sannanlegs viðhaldskostnaðar húsnæðis og húsbúnaðar, kostnaðar vegna hreinlætisvara, föndurvara, bóka o.þ.h. má færa 25% af tekjum, öðrum en tekjum vegna fæðissölu, en þó aldrei hærri fjárhæð en innheimt var vegna þessara liða samkvæmt gjaldskrá.

Fjárhæðir af rekstrarreikningi færast í reiti 24 og 62 á framtali eftir því sem við á.

2. Sumardvöl barna

Greiðslur vegna sumardvalar barna á að gera upp sem rekstrartekjur. Til frádráttar þessum tekjum má færa sannanlegan kostnað sem færa skal á rekstrarreikning. Í stað þess að sundurliða kostnað á rekstrarreikningi má færa fæðisfrádrátt á móti tekjum eftir sömu reglum og gilda fyrir dagvistun barna sbr. tölulíð 1 og í stað sannanlegs viðhaldskostnaðar húsnæðis og húsbúnaðar, kostnaðar vegna hreinlætisvara, föndurvara, bóka o.þ.h. má færa 20% af heildartekjum, þegar frá hefur verið dreginn kostnaður vegna fæðis, enda sé um gistingu að ræða.

Gera skal sérstakan rekstrarreikning fyrir þessa starfsemi en ekki blanda henni

saman við aðra starfsemi sem t.d. er færð á landbúnaðarskýrslu. Niðurstöðu þessa rekstrar skal færa á samræmingarblað ásamt niðurstöðum af öðrum rekstri og þaðan í reiti 24 og 62 á framtali.

3. Fósturbörn

Ef framteljandi hefur fengið greiðslur vegna barna sem sett eru í fóstur hjá honum af barnaverndarnefnd eða meðferðarstofnunum ber að tekjufæra þær greiðslur. Færa má til frádráttar sannanlegan kostnað sem beint tengist tekjunum. Í stað sannanlegs kostnaðar má færa frádrátt sem svarar til tvöfalds barnalífeyris vegna hvers barns,



en þó aldrei hærri fjárhæð en greiðslunum nemur. Á árinu 2012 nam tvöfaldur barnalífeyrir 581.520 kr. eða 1.589 kr. á dag. Gera skal grein fyrir greiðslunum í lið 2.3 á framtali og frádrætti í lið 2.6, reit 157, samkvæmt greinargerð sem fylgir vefframtali. Ef skilað er pappírframtali þarf að fylgja greinargerð um tekjur og frádrátt.

Þessi regla á þó ekki við þegar um er að ræða reglubundna starfsemi sem felst í að taka börn í fóstur frá barnaverndarnefnd eða meðferðarstofnunum. Þá skal telja greiðslur til tekna sem rekstrartekjur og rekstrarkostnað til frádráttar eftir almennum reglum þar um á RSK 4.10 eða RSK 4.11 eftir umfangi rekstrar.

4. Stuðningsfjölskyldur

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna barna teljast að fullu til skattskyldra tekna en á móti má færa til frádráttar beinan kostnað vegna

umönnunar og dvalar barnanna, enda sé lögð fram sundurliðun um sannanlegan kostnað.

Í stað sundurliðaðs kostnaðar er heimilt að færa fæðisfrádrátt eftir sömu reglum og heimilað er vegna dagvistunar barna, sbr. tölulíð 1 hér að framan. Í stað sannanlegs viðhaldskostnaðar húsnæðis og húsbúnaðar, kostnaðar vegna hreinlætisvara, föndurvara, bóka o.þ.h. má færa 25% af tekjum, öðrum en tekjum vegna fæðissölu ef um dagvistun er að ræða, en 20% ef um sólarhringsvistun er að ræða. Kostnað sem leiðir af sérþörfum barnsins vegna fötlunar má færa til frádráttar, auk frádráttar samkvæmt mati ríkisskattstjóra, enda sé gerð sérstök grein fyrir honum.

Gera skal grein fyrir greiðslunum í lið 2.3 á framtali og frádrætti í lið 2.6, reit 157 samkvæmt greinargerð sem fylgir vefframtali. Ef skilað er pappírframtali þarf að fylgja greinargerð um tekjur og frádrátt.

5. Vistun aldraðra eða öryrkja

Greiðslur vegna vistunar aldraðra eða öryrkja í heimahúsum teljast að fullu til skattskyldra tekna, en á móti er heimilt að færa sannanlegan kostnað sem af

vistuninni leiðir. Þegar ekki er um að ræða beinan atvinnurekstur, má í stað þess að leggja fram sundurliðaðan kostnað, færa frádrátt sem nemur tvöföldum ellilífeyri (grunnlífeyri). Fjárhæð þessi nam á sl. ári 786.600 kr. eða 2.149 kr. á dag.

Gera skal grein fyrir greiðslunum í lið 2.3 á framtali og frádrætti í lið 2.6 reit 157, samkvæmt greinargerð sem fylgir vefframtali. Ef skilað er pappírframtali þarf að fylgja greinargerð um tekjur og frádrátt.

Framangreind regla á þó ekki við ef um er að ræða atvinnurekstur. Þá skal telja greiðslur til tekna sem rekstrartekjur og rekstrarkostnað til frádráttar eftir almennum reglum þar um.

Tekjur og eignir erlendis

Launatekjur erlendis

Hafi framteljandi aflað launatekna erlendis, á sama tíma og hann var heimilisfastur hér á landi, ber honum að gera grein fyrir þeim tekjum í lið 2.8 á framtali. Hér er átt við hvers konar launatekjur, starfstengdar greiðslur og hlunnindi sem taldar eru upp í kafla 2 á framtali. Lífeyrisgreiðslur erlendis frá ber einnig að telja fram í lið 2.8. Tilgreina skal í hvaða landi teknanna er aflað og fjárhæð í erlendri mynt, sem og greidda skatta erlendis. Fjárhæðina skal umreikna í íslenskar krónur á meðalkaupgengi þess tíma þegar teknanna var aflað og færa í reit 319.

Hafi tekna verið aflað í ríki sem í gildi er tvísköttunarsamningur við er meðferð tekna í álagningu í samræmi við ákvæði viðeigandi tvísköttunarsamnings. Erlendu tekjurnar koma ekki til skattlagningar heldur eru hafðar til hliðsjónar við skattlagningu annarra tekna og geta þannig haft áhrif á álagðan tekjuskatt og útsvar. Þessar tekjur reiknast með í skerðingarstofnum við útreikning barnabóta og vaxtabóta.

Nauðsynlegt er að framtalinu fylgi staðfesting á erlendum skattgreiðslum en það er skilyrði fyrir því að unnt sé að taka tillit til þeirra við álagningu.

Vaxtatekjur og arður erlendis

Telja skal hvers konar vaxtatekjur fram í 3. kafla framtals, en þær eru skattskyldar hér á landi óháð því hvar þeirra er aflað. Umreikna skal þessar vaxtatekjur í íslenskar krónur miðað við kaupgengi eins og það var þegar vaxtatekjurnar voru lausar til ráðstöfunar.

Gera skal grein fyrir arði af erlendum hlutabréfum í lið 3.6, reit 324. Hafi verið greiddir skattar erlendis af arðinum skal gera grein fyrir þeim skattgreiðslum í athugasemdadálki í lið 1.4. Umreikna skal arðinn og skattgreiðslur í íslenskar krónur miðað við kaupgengi eins og það var þegar arðurinn var greiddur. Jafnframt skal láta fylgja með staðfestingu um greidda skatta erlendis.

Aðrar tekjur erlendis

Hafi annarra tekna verið aflað erlendis en þeirra sem fjallað hefur verið um hér að framan, skal gera grein fyrir þeim í athugasemdadálki í lið 1.4 ef talið er fram á pappír. Þetta á við um ágóðahluti, söluhagnað, leigutekjur, hvers konar skattskylda vinnunga o.fl., en á vefframtali á að skrá allar tekjur erlendis í lið 2.8 á tekjusíðu. Skattlagning þessara tekna getur verið með misjöfnum hætti eftir eðli teknanna og hvar þeirra var aflað. Hafi verið greiddir skattar erlendis af þessum tekjum skal einnig gera grein fyrir þeim í athugasemdum. Umreikna skal tekjurnar (og skattgreiðslurnar) í íslenskar krónur miðað við meðalkaupgengi þess tímabils þegar teknanna var aflað. Jafnframt skal láta fylgja með staðfestingu um greidda skatta erlendis.

Eignir erlendis

Eignir erlendis ber að telja fram á framtali á sama hátt og um eignir hér á landi væri að ræða. Fasteignir skal telja í lið 4.2, reit 326, erlendar fasteignir. Erlendar bankainnstæður skal færa í lið 3.2 og erlendar verðbréfaeignir í lið 3.3. Hlutabréf í erlendum

Tvísköttunarsamningar

Listi yfir tvísköttunarsamninga sem Ísland hefur gert við erlend ríki og birtir hafa verið.

Bandaríkin	Luxemburg
Belgía	Malta
Bretland	Mexíkó
Danmörk	Noregur
Eistland	Portúgal
Finnland	Pólland
Frakkland	Rúmenía
Færeyjar	Rússland
Grikkland	Slóvakía
Grænland	Spánn
Holland	S. Kórea
Indland	Sviss
Írland	Svíþjóð
Ítalía	Tékkland
Kanada	Ungverjaland
Kína	Úkraína
Krótía	Víetnam
Lettland	Þýskaland
Litháen	

Sjá nánar á rsk.is

hlutafélögum færast í lið 3.6. Erlenda peninga skal færa í lið 4.3. Eignirnar skal telja fram í íslenskum krónum á kaupgengi í árslok.



Erlendis búsettir sem hafa tekjur eða eiga eignir hér á landi

Einstaklingar búsettir erlendis sem bera hér á landi takmarkaða skattskyldu samkvæmt 3. grein skattalaganna, vegna tekna eða eigna, t.d. af útleigu íbúðarhúsnæðis eða sölu hlutabréfa hér á landi, skulu skila framtali þar sem gerð er grein fyrir þessum tekjum og/eða eignum. Ef um útleigu íbúðarhúsnæðis er að ræða, sem ekki tengist atvinnurekstri, skal telja fram leigutekjur án frádráttar. Frítækjumark vegna útleigu íbúðarhúsnæðis, sem nemur 30% af leigutekjum, ákvarðast við álagningu. Gera skal grein fyrir nýtingu íbúðarhúsnæðis sem ekki gefur af sér tekjur í lið 1.4. Nauðsynlegt er að fram komi að framteljandi eigi lögheimili erlendis. Jafnframt skal tilgreina umboðsmann hans á Íslandi.

Námsmenn erlendis - skattaleg heimilisfesti

Hverjir eiga rétt á skattalegri heimilisfesti?

Peir sem dveljast erlendis við nám geta sótt um að fá að halda hér á landi skattalegri heimilisfesti, hafi þeir verið búsettir hér síðustu 5 árin áður en nám erlendis hófst. Nám verður að hefjast innan þriggja mánaða frá flutningi. Dvelji maki námsmannsins eða börn hans eldri en 16 ára einnig erlendis og dvöl þeirra er bein afleiðing af námi hans, geta þau einnig sótt um að halda hér á landi skattalegri heimilisfesti. Óvígð sambúð er lögð að jöfnu við hjúskap að því tilskildu að uppfyllt séu skilyrði skattalaga um samsköttun.

Nám erlendis sem uppfyllir skilyrði fyrir skattalegri heimilisfesti

Þau skilyrði sem námið þarf að uppfylla eru eftirfarandi:

- að stundað sé reglulegt nám í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á framhalds- eða háskólastigi
- að námið sé ætlað sem aðalstarf
- að námstími sé eigi skemmri en 6 mánuðir eða sem svarar til 624 klst. á ári, þó að undanskildu skiptinámi, sbr. eftirfarandi:

Til náms í þessu sambandi telst starfsþjálfun, sérhæfing eða öflun sérfræðiréttinda, enda séu skilyrði þau sem sett eru að öðru leyti uppfyllt. Skiptinám við erlenda háskóla telst til náms, sé nemandi skráður við íslenskan háskóla, þótt skiptinámið sé styttra en 6 mánuði.

Nám í grunnskólum, menntaskólum, lýðháskólum eða sambærilegum menntastofnunum telst ekki til náms í þessu sambandi nema nám að loknum grunnskóla veiti formleg starfsréttindi eða heimild til að bera starfsheiti.

Fjarnám við íslenskan háskóla skapar ekki rétt til skattalegrar heimilisfesti þrátt fyrir búsetu erlendis.

Umsókn um skattalega heimilisfesti

Sækja þarf um skattalega heimilisfesti árlega á framtali. Ekki er gerð krafa um sérstakt eyðublað heldur nægir að haka í viðeigandi reit á forsiðu framtals og láta viðeigandi gögn fylgja. Berist gögn ekki er umsókn hafnað.

Vottorð um nám erlendis

Árlega þarf að leggja fram staðfestingu frá skóla þar sem fram kemur:

- hvaða nám var stundað og hve lengi á tekjuárinu

Skattaleg heimilisfesti Leiga á móti leigu

Með skattalegri heimilisfesti eru námsmanni tryggð réttindi til að vera skattlagður eins og hann hefði verið heimilisfastur hér á landi allt árið. Þetta þýðir að við skattlagningu er tekið tillit til þess skattafsláttar og bóta sem hann ætti rétt á ef lögheimili hans hefði verið hér á landi. Tekjur og eignir erlendis hafa áhrif á skattlagninguna. Barnabætur eða hliðstæðar greiðslur erlendis koma til lækkunar á barnabótum hér á landi.

Hafi maður með skattalega heimilisfesti leigutekjur vegna tímabundinnar útleigu á íbúðarhúsnæði sínu er honum heimilt að draga frá þeim leigugjöld vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Fylla skal út eyðublaðið RSK 3.25.

- hvenær nám hófst
- áætluð námslok

Upplýsingar um tekjur erlendis

Námsmaður og maki hans þurfa að leggja fram staðfestingu um tekjur eða tekjuleysi erlendis frá viðkomandi skattyfirvöldum. Nægilegt er að leggja fram:

- staðfest ljósrit af erlendum framtölum ef tekjur koma þar fram eða
- skriflegt tekjuvottorð frá erlendum skattyfirvöldum eða
- erlenda álagningarseðla eða staðfestingu á skattauppgjöri.

Einnig skal fylgja með framtali staðfestingu á barnabótum eða sambærilegum greiðslum, fengnum erlendis á tekjuárinu.

Námsmenn erlendis fá ekki sent áritað framtal. Fyrir þá er því afar hentugt að telja fram á vefnum. Upplýsingar um vefframtalið og veflykla eru á bls. 5. Vilji þeir skila á pappír er hægt að prenta út öll fylgiskjöl með framtali á rsk.is eða snúa sér til ríkisskattstjóra til að fá nauðsynleg eyðublað.

Á framtali þarf að koma fram pósthag námsmannsins erlendis eða umboðsmanns hér á landi og hvert hafi verið síðasta lögheimili námsmanns hér á landi.

Réttindi veitt í eitt ár í senn

Námsmaður sem óskar eftir að halda hér á landi skattalegri heimilisfesti þarf að sækja um það á framtali á hverju ári sem námið er stundað. Leggja þarf fram nýjar upplýsingar um námið á hverju ári ásamt staðfestingu frá skóla, tekjuvottorði frá skattyfirvöldum erlendis og staðfestingu um barnabætur erlendis.

Ríkisskattstjóri annast ákvörðun

Ríkisskattstjóri tekur ákvörðun um rétt námsmanns til að halda skattalegri heimilisfesti á Íslandi. Almennar reglur um kæru til skattyfirvalda gilda í þessum tilvikum. Ef ríkisskattstjóri fellst ekki á að veita skattalega heimilisfesti er skattlagning miðuð við takmarkaða skattskyldu, þ.e. námsmaðurinn er einungis skattlagður hafi hann haft tekjur hér á landi eftir að lögheimili hefur verið flutt frá landinu.

Laun frá alþjóðastofnunum

Af launatekjum sem greiddar eru embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum reiknast ekki tekjur eða útsvar ef kveðið er á um skattfrelsi í samningum sem Ísland er aðili að. Sama á við um staðaruppbót sem greidd er vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis eða vegna starfsmanna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi sem eru fastráðnir, settir eða skipaðir starfsmenn við sendiráð Íslands, hjá sendiræðismönnum eða eru fastafulltrúar Íslands við alþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að. Laun eða staðaruppbætur skal færa í ótölusettan reit í lið 2.3. Tilgreina skal frá hvaða stofnun launin eða staðaruppbætur eru og fjárhæð þeirra. Þessar tekjur hafa áhrif á útreikning vaxtabóta og barnabóta.

Ýmsar töflur og dæmi

Eignir í árslok

Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól sem miðast við vísitölu í janúar, næstum á eftir lokum reikningsárs. Séu verðbréf, önnur en hlutabréf, skráð á opinberu kaupþingi skal telja þau til eignar á kaupþingsverði síðasta kaupþingsdags fyrir lok reikningsárs. Önnur verðbréf skal telja fram á því verði sem yfirlit frá fjármálastofnunum bera með sér. Hér eru birtar töflur þar sem fram koma verðgildi helstu tegunda verðbréfa ásamt töflu yfir margföldunarstuðla og gengisskráningu frá desember 2012.

Gengi hlutdeildarskírteina eins og það var skráð í Kauphöll Íslands í árslok 2012

	Gengi
LBR MARKB4 (Markaðsbr. löng)	3,766
LBR ONDVEG (Sparibr. löng)	8,446
LBR URVALSB (úrvalsbréf)	1,554
IS SJOD 5 (sjóður 5)	9.003
IS SJOD 6 (sjóður 6)	1.411
IS SJOD 7 (sjóður 7)	4.638
IS SJOD 10 (sjóður 10)	1.193

Húsbréf og spariskírteini rikissjóðs

Verðgildi skráð í Kauphöll Íslands í árslok 2012

Flokkur			Margf.stuðull
IBH 14	(1115)	1989-I.fl.	10,6539
IBH 15	(0815)	1990-I.fl.	9,7848
IBH 15	(1115)	1990-II.fl.	9,9441
IBH 16	(0115)	1991-I.fl.	9,9906
IBH 16	(0515)	1991-II.fl.	9,5220
IBH 16	(1015)	1991-III.fl.	7,4666
IBH 17	(0115)	1992-I.fl.	8,5559
IBH 17	(0415)	1992-II.fl.	8,7405
IBH 17	(0815)	1992-III.fl.	8,6760
IBH 17	(1215)	1992-IV.fl.	8,3851
IBH 18	(0415)	1993-I.fl.	7,7797
IBH 18	(0815)	1993-II.fl.	7,3293
IBH 18	(1015)	1993-III.fl.	6,1353
IBH 19	(0115)	1994-I.fl.	5,9353
IBH 19	(0515)	1994-II.fl.	5,4571
IBH 19	(0815)	1994-III.fl.	5,7520
IBH 19	(0915)	1994-IV.fl.	5,7303
IBH 20	(0115)	1995-I.fl.	5,3949
IBH 20	(0615)	1995-II.fl.	5,5162
IBH 21	(0115)	1996-II.fl.	5,3151
IBH 36	(0115)	1996-III.fl.	5,7093
IBH 22	(1215)	1998-I.fl.	4,8179
IBH 37	(1215)	1998-II.fl.	4,4461
IBH 26	(0315)	2001-I.fl.	3,8234
IBH 41	(0315)	2001-I.fl.	3,8429
RIKS 15	(1001)	(SPRÍK 95/1D20)	2,2480

Gengisskráning

Seðlabanki Íslands 31. desember 2012

	Kaup	Sala
Bandaríkjadóllar	128,43	129,05
Sterlingspund	207,65	208,65
Kanadadóllar	128,98	129,74
Dönsk króna	22,694	22,826
Norsk króna	22,975	23,111
Sænsk króna	19,700	19,816
Svissneskur franki	140,25	141,03
Japanskt yen	1,4908	1,4996
SDR (sérstök dráttarr.)	197,40	198,58
Evra	169,33	170,27

Skuldir í árslok

Til að reikna út eftirstöðvar verðtryggðra skulda í árslok 2012 þarf að hafa við höndina kvittun fyrir síðustu afborgun á árinu. Ef þar koma fram eftirstöðvar með áföllnum verðbótum eftir greiðslu skal margfalda þá fjárhæð með margföldunarstuðli er gildir fyrir þann gjalddagamánuð skv. eftirfarandi töflum. Töflur 1 og 2 gilda fyrir lán sem eru verðtryggð skv. byggingarvísitölu, tafla 3 skv. lánskjaravísitölu og tafla 4 skv. neysluverðsvísitölu. Ef aðeins koma fram eftirstöðvar án áfallinna verðbóta eftir greiðslu verður að margfalda þá fjárhæð með vísitölu fyrir janúar 2013 og deila með vísitölu lántökumánaðarins.

Tafla 1

Útgð. lána með skertri vísitölu	Byggingarvísitala (Grunnvísitala)	Verðtr. hlutfall %	Margföldunarstuðull
jan.-mars 1977	126	40	87,9016
apríl-júní 1977	135	40	82,0815
júlí-sept. 1977	138	40	80,3101
okt.-des. 1977	159	40	69,7824
jan.-mars 1978	176	40	63,1000
apríl 1978	192	40	57,8917
maí-júní 1978	192	60	86,3375
júlí-sept. 1978	217	60	76,4369
okt.-des. 1978	240	60	69,1500
jan.-mars 1979	258	60	64,3535
apr.-júní 1979	280	60	59,3286

Tafla 3

Gildistími (Gjalddagamánuður)	Lánskjaravísitala (Gjaldd.vísitala)	Margföldunarstuðull
janúar 2012	7594	1,0452
febrúar 2012	7622	1,0413
mars 2012	7643	1,0385
apríl 2012	7720	1,0281
maí 2012	7801	1,0174
júní 2012	7862	1,0095
júlí 2012	7860	1,0098
ágúst 2012	7900	1,0047
september 2012	7843	1,0120
október 2012	7831	1,0135
nóvember 2012	7890	1,0060
desember 2012	7912	1,0032
janúar 2013	7937	1,0000

Tafla 4

Gildistími (Gjalddagamán.)	Neysluverðsvísitala (Gjaldd.vísitala)	Margföldunarstuðull
janúar 2012	384,6	1,0452
febrúar 2012	386,0	1,0415
mars 2012	387,1	1,0385
apríl 2012	391,0	1,0281
maí 2012	395,1	1,0175
júní 2012	398,2	1,0095
júlí 2012	398,1	1,0098
ágúst 2012	400,1	1,0047
september 2012	397,2	1,0121
október 2012	396,6	1,0136
nóvember 2012	399,6	1,0060
desember 2012	400,7	1,0032
janúar 2013	402,0	1,0000

Tafla 2

Gildistími, (Gjalddagamaúður)	Byggingarvísitala (Grunnvísitala)	Verðtr. hlutfall %	Margföldunarstuðull
jan.-mars 2012	26664	100	1,0314
apr.-júní 2012	26937	100	1,0209
júlí-sept. 2012	27401	100	1,0036
okt.-des. 2012	27353	100	1,0054
jan.-mars 2013	27500	100	1,0000

Eignamat í landbúnaði

Búfé til eignar í árslok 2012	Krónur
Mjólkurkýr	108.000
Holdakýr og naut	94.000
Kvígur, 1½ árs og eldri	69.000
Geldneyti	49.000
Kálfar, yngri en ½ árs	12.500
Ær og sauðir	7.400
Hrútar	11.800
Gemlingar	6.600
Geitur	3.700
Hross á 14. vetri og eldri	17.000
Hross á 5.-13. vetri	34.000
Fulltamin reiðhross á 5.-13. vetri	140.000
Önnur reiðhross á 5.-13. vetri	70.000
Verðlaunahross á 5.-13. vetri	200.000
Kynbótahestar á 5.-13. vetri	280.000
Verðlaunaðir kynbótahestar á 5.-13. vetri	380.000
Tryppi á 2.-4. vetri	11.000
Fölöld	8.000
Hænsni, eldri en 6 mánaða	870
Varphænsni, yngri en 6 mánaða	550
Kjúklingar	210
Endur	780
Gæsir	1.540
Kalkúnar	2.300
Gyltur	34.000
Geltir	50.000
Grísir	7.500
Kanínur	2.000
Minkar:	
Karlþýr	6.500
Kvendýr	4.500
Hvolpar	0
Refir:	
Karlþýr og kvendýr	6.000
Hvolpar	0
Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri	3.500

Efnisatriðaskrá

3000 km. reglan	28	Erlendar innstæður	12, 30	Húsaleigustyrkur	8
Afborgun af nafnverði	16, 17	Erlendis búsettir	5, 30	Húsbréf	17, 32
Afföll	11, 12, 17, 26	Fargjaldagreiðslur	8, 11	Húsbygging	10, 14, 15, 16, 23
Afgjaldskvaðarverðmæti	14	Fasteignaleiga	13, 30	Húsbyggingarskýrsla	10, 14, 23
Afrit framtals	5	Fasteignamat	9, 13, 14, 15	Húsdýr	15, 33
Akstursdagbók	28	Fasteignir	9, 10, 13, 14, 16, 23	Húsnæðishlunnindi	9
Almennar kaupleiguíbúðir	13, 16	Fasteignir erlendis	15	Höfundarlaun	10
Alþjóðastofnun	10, 31	Fatahlunnindi	9, 18	Iðgjald í lífeyrissjóð	8, 11
Andlát	7, 27	Fatapeningar	8	Innlausn verðbréfa	12, 26
Andlát maka	7, 27	Feðralaun	10	Innstæður í innlendum bönkum	12
Arður	12, 13, 30	Félagsmálaaðstoð	10	Innstæður í erlendum bönkum	12, 30
Arður talinn sem laun	10	Fjármagnstekjur	12, 13, 15, 18, 22, 23, 26	Innstæður og verðbréf barna	13, 18
Arfur	7	Fjármögnunarleigubifreiðar	15	Ívilnun	7, 27
Atvinnuleysisbætur	10	Fjölskyldumerking	6	Jöfnunarhlutabréf	24
Auðlegðarskattur	4, 13, 18	Flutningspeningar	8	Jöfnunarverðmæti	24, 25
Ábyrgðasjóður launa	8	Foreldragreiðslur	10	Kaup og sala eigna	7, 22, 23
Áritun úr Þjóðskrá	6, 14	Fósturbörn	10, 29	Kaupauki	9
Áskrift fjölmiðla	9	Framfærslulífeyrir	10	Kauphöll	12, 32
Bankainnstæður	12, 18, 30	Framfærsla vandamanna	27	Kaupleigubifreiðar	15
Barnabætur	3, 4, 7, 30, 31	Framfærslustyrkir	10	Kaupleiguíbúðir	13, 16
Barnalífeyrir	10, 11, 29	Framtal barns	3, 5, 18	Kaupréttarsamningar	25
Barnsmeðlög	10, 11	Framtal hjóna	7	Kaupverð hlutabréfa	13
Bátur	15	Framtal para í samvist	7	Kaupþingsverð	32
Bifreiðahlunnindi	8	Framtal sambúðarfólks	7	Kærur	31
Bifreiðakaupastyrkur	11	Frádráttur frá eignatekjum	13	Laun	8, 9, 10, 11, 18, 20, 30, 31
Bifreiðalán	15	Frádráttur v/ökutækjastyrks	11, 28	Laun frá alþjóðastofnun	4, 10, 31
Bifreiðir	7, 9, 10, 11, 15, 28	Frádráttur v/dagpeninga	11, 21	Laun vegna sjómennsku	7, 20
Björgunarlaun	10	Frestun söluhagnaðar	22, 23	Launamiði	8, 9
Búfé til eignar	33	Fríar ferðir	9	Launatekjur erlendis	30, 31
Byggingarkostnaður	14, 23	Frítekjumark barna	18	Lausafjárleiga	13, 30
Byggingarvísitala	33	Fyrirframgreiðsla barnabóta	5	Lán frá launagreiðanda	10
Börn	3, 4, 6, 7, 9, 11, 18, 27, 29	Fyrirframgreiðsla vaxtabóta	4, 17	Lán vegna íbúðarhúsnæðis	16
Dagforeldri	10, 29	Fæðingarstyrkur	10	Lánskjaravísitala	33
Dagvistun barna	10, 11, 29	Fæðishlunnindi	9, 18	Lántökukostnaður	17
Dagpeningar	6, 8, 10, 11, 18, 21	Fæðispeningar	8	Leiðréttingar á árituðum upplýsingum ..	5, 6
Dánarbú	3, 5, 7	Gengisskráning	32	Leiga á móti leigu	13, 31
Dánarbætur	6, 10, 11	Giftung	6, 7	Leiga á orlofshúsnæði	10
Desemberuppbot	10	Gjafir	9, 10	Leigulóðir	14
Dvalar- og ferðastyrkir	10, 11	Gjaldeyrisreikningar	12	Leigutekjur	4, 13, 30, 31
Eftirlaun	8	Gjalðprot launagreiðanda	8	Listamannalaun	10
Eftirstöðvar lána	15, 16, 17, 32	Happdrættisvinningur	10, 11	Lífeyrisgreiðslur	10
Eigin vinna	10, 23	Heiðurslaun	10, 11	Lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóði	10
Eignarhaldstími	22, 25, 28	Heiðursverðlaun	10, 11	Lífeyrissjóðir	8, 9, 10, 11, 18
Eignatekjur	7, 12, 13, 18	Heimagreiðslur	11	Líkamsræktarstyrkur	10, 11
Eignatjón	11, 27	Heimilisuppbot	10	Lóðarleiga	14, 15
Eignfærsla	13, 14, 15	Hestar	15, 33	Lóðaskil	7
Eignir erlendis	15, 30	Hjólhýsi	7, 10, 15	Makabætur	10
Einkaflugvélar	9	Hjúskaparstaða	6, 7	Markaðsbréf	32
Einkennisfatnaður	9	Hlíðarfatnaður	9	Markaðsverðbréf	26
Einstætt foreldri	4, 6	Hlunnindi	8, 9, 10, 13, 18, 24, 30	Meðalkaupverð hlutabréfa	25
Ellilífeyrir	10	Hlutabréf	12, 13, 22, 24, 25, 30, 32	Meðlög	10, 11
Endurbætur á íbúðarhúsnæði - lán	16	Hlutabréfakaup	24, 25	Menntunarkostnaður	7
Endurhæfingarlífeyrir	10	Hlutabréf á undirverði	24	Menntunarmeðlag	11
Endurmenntunarstyrkir	10	Hlutdeildarskírteini	12, 25, 26, 32	Miskabætur	11
Erlend hlutabréf	12, 13, 25, 30	Hrein eign skv. efnahagsreikningi	15	Mótreikningur	13
Erlend lán	16, 17	Hreinar tekjur af atvinnurekstri	10, 20	Mæðralaun	10
Erlend verðbréf	12, 30	Húsaleigubætur	11	Námsmenn erlendis	31

Námsstyrkir	10	Staðgreiðsla 3, 4, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 15, 18, 24, 26, 28	Uppgreiðslugjald	17
Nestispeningar	8	Staðgreiðsla vegna barns	18	Úrvalsbréf	32
Neysluverðsvisitala	33	Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur 12, 13, 15, 24, 26	Útfararstyrkir	10, 11
Niðurfært stofnverð	22	Starfsmenntunarsjóðsstyrkir	10	Útreikningur á barnabótum	4
Ólíustyrkur	11	Starfstengdar greiðslur	8, 9, 11, 18, 30	Útreikningur á opinberum gjöldum	4
Orkustyrkur	8	Stofnfjárbréf sparisjóða	13, 24, 25	Útreikningur á vaxtabótum	4
Orlofshús	10	Stofnsjóður	12, 13	Útsvar	4
Orlofsuppbót	10	Stofnun hjúskapar	7	Úttekt úr samlags- og sameignarfélögum	11
Ógreidd laun	8	Stuðningsfjölskyldur	10, 29	Vasapeningar	10
Ómetnar fasteignir	14	Styrkir frá stéttarfélögum	10	Vaxtabætur	4, 7, 16, 17, 30, 31
Peningar	12, 15, 30	Styrkir og styrktarfé	9, 10, 11, 18	Vaxtagjöld vegna íbúðar	3, 4, 16, 17
Persónuafsláttur	3, 4, 7	Styrkir til foreldra frá sveitarfélögum	11	Vaxtagjöld, önnur	15
Rannsóknarstyrkir	10, 11	Styrkir til foreldra frá Umhyggju	11	Vaxtatekjur	12, 13, 18, 26, 30
Reiknað endurgjald	10, 18, 20	Styrkir til kaupa á sérfæði	11	Veflykill	5, 18, 31
Rekstrarleigubifreiðar	15	Styrkir til sjálfboðaliða við lyfjatilraunir	10	Veikindi - ívilnun	27
Rekstrarskýrslur	19	Styrkir til tækjakaupa fatlaðra	11	Verðbréf	7, 12, 13, 18, 26, 30, 32
Risnúfé	8	Styrkir úr húsfriðunarsjóði	11	Verðbreytingarstuðull v/hlutabréfa	24, 25
Sala hlutabréfa	3, 13, 18, 22, 24, 25, 30	Sumarbústaðir	10, 22, 23	Verðgildi bréfa Íbúðalánasjóðs	32
Sala verðbréfa	12, 26	Sumardvöl barna	29	Verðlaun	10, 11
Sambúðarfólk	4, 5, 6, 7, 10, 13, 31	Söfnunartryggingar	12	Verðtryggð lán	15, 16, 17, 32, 33
Sambúðarslit	7, 16	Söluhagnaður	12, 13, 22, 23, 24, 25, 30	Verkfallsstyrkir	10
Samsköttun	4, 5, 6, 7, 31	Söluhagnaður hlutabréfa	13, 22, 24, 25	Verkfærapeningar	9
Sérskattlagning barna	18	Söluhagnaður íbúðarhúsnæðis	22, 23	Verktakagreiðslur	19
Séristök hlutabréf	13, 22, 25	Söluhagnaður lausafjár	22	Vélsleði	15
Símastyrkur	8	Sölutap	22, 24	Viðbótarlífeyrissparnaður	8, 11
Sjómanaafsláttur	4, 7, 20	Takmörkuð skattskylda	30	Vinningar	10, 11, 30
Sjúklingatryggingar	10, 11	Talið fram á vefnum	5	Vinnufatnaður	9
Sjúkradagpeningar	10	Tapaðar fjármagnstekjur	13	Vísindastyrkir	10, 11
Skaðabætur	11	Tapaðar kröfur	27	Vistun aldraðra eða öryrkja	10, 29
Skammtímalán	16	Tekjur barna	18	Vistun barna	10, 29
Skattaleg heimilisfesti	31	Tekjur erlendis	11, 30, 31	Vistun í heimahúsum	10, 29
Skil á lóð	7	Tekjutrygging	10	Víxlar	12
Skilafrestur	3	Tjaldvagn	10, 15	Yfirtekin lán	3, 16, 17
Skilnaður	7, 16	Tryggingar	9	Þinglýsingarkostnaður	17
Skuldbreyting	17	Tryggingastofnun - greiðslur	10	Þjóðskrárupplýsingar	6, 14
Skuldir í árslok	14, 15, 16, 17, 18, 32	Tvísköttunarsamningar	30	Ættleiðingastyrkir	10
Skuldir umfram eignir	15	Tækifærissgjafir	9, 10	Ökutæki	7, 15, 28
Skuldir vegna íbúðar	16, 17	Tölvur	9, 11	Ökutækjastyrkur	8, 10, 28
Slys - ívilnun	27	Umsókn um lækkun	7, 27	Örorkubætur	6, 11
Slysabætur	6	Umsýslugjald	17	Örorkulífeyrir	10
Slysadagpeningar	6, 10	Umönnunarbætur	10	Örorkulífeyrir v/slysa	10
Slysatrygging við heimilisstörf	6	Umönnunarstyrkir	11	Örorkustyrkur	10
Spariskírteini ríkissjóðs	12, 32	Uppbætur	10	Öryggisfatnaður	9
Staðaruppbót	10, 31	Uppgreiðsla lána	17		
Staðfest afrit	5				
Staðfest samvist	7				

Allt sem þú þarft að vita um skatta - rsk.is

- barnabætur
- bifreiðahlunnindi
- dagpeninga
- söluhagnað
- lífeyrisiðgjöld
- rafræn skil
- staðgreiðslu
- vaxtabætur
- virðisaukaskatt
- ökutækjastyrk

Framtalsskil eru á **skattur.is**

Starfsmenn ríkisskattstjóra
veita þjónustu í síma **442-1414**